


Synnøve Veinan Hellerud / Ketil Knutsen

FRELSI OG VELFERD

Saga 20. aldar II



Lestrarráð!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf.
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- Um hvað fjallar bókin?
- Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin.
- Skrifaðu hjá þér minnispunkta.
- Gott er að gera skýringarmyndir eða hugarkort.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Rifjaðu upp það sem þú last.
- Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.



FRELSI OG VELFERÐ

Saga 20. aldar II

Synnøve Veinan Hellerud
Ketil Knutsen

ÞÝÐING OG ÍSLENSK STAÐFÆRSLA
Gunnar Karlsson

Notkun bókarinnar

Ef við viljum skilja hvers vegna fólk hugsaði og tók ákvarðanir eins og það gerði áður fyrir verðum við að reyna að setja okkur inn í aðstæður þess. Í þessari bók er farið yfir sögu heimsins frá 1945 og fram til nútímans. Í norsku frumgerðinni eru atriði úr sögu Noregs rakin í samhengi við veraldarsöguna en í íslensku þýðingunni er megninu af þeim sleppt og hliðstæð Íslandssaga sett í staðinn. Þetta er tímabil sem einkennist af stórbrotnum hugmyndum, viljasterkum einstaklingum og svipleikum atburðum. Bókin á að sýna að uppvaxtartími okkar og uppvaxtarstaður á þátt í því hvaða ákvarðanir við tökum og hvernig við hugsum, því við erum öll hluti af sögunni.



Kalda stríðið

Þessi er sönnu árið 1952 settur 52 skólafróðu í einni hekk í New York og hvefða á kalla stríðinu. Þessi er sönnu árið 1952 settur 52 skólafróðu í einni hekk í New York og hvefða á kalla stríðinu. Þessi er sönnu árið 1952 settur 52 skólafróðu í einni hekk í New York og hvefða á kalla stríðinu.

Stigskiptur texti

Hver kafli byrjar á stórrri mynd og texta sem gefur hugmynd um efni kaffans.

Köflunum er síðan skipt í tvo hluta, a og b.

Í a-hluta eru fleiri myndir, styttri texti og fjölbreytilegum aðferðum beitt við að koma

efninu á framfæri. Í b-hluta er farið dýpra í sama efni.

a

b

Verkefni

Verkefni bókarinnar eru af fimm gerðum.

Finnið svar

eru spurningar sem hægt er að finna svar við í texta bókarinnar.

Umræðuefni

eru verkefni sem ekki eru bein svör við í bókinni. Við sumum þeirra kunna fleiri en eitt svar að vera möguleg og þá getur verið ómaksins vert að ræða þau.

Viðfangsefni

eru heldur umfangsmeiri verkefni, oft samin út frá myndum eða töflum í bókinni. Stundum þarf að leita að heimildum annars staðar.

Þjálfandi hugann

eru ýmiss konar þrautir: að skýra hugtök með setningum þar sem bannað er að nota ákveðin orð, að finna orð sem á ekki heima í félagi með öðrum. Oft kalla verkefnin á samvinnu nemenda.

Heimildavinna

eru verkefni þar sem unnið er með heimildaklausur úr texta bókarinnar.

Hér er farið dýpra í ákveðið efni úr meginmálinu, einkum með því að segja frá einhverju sérstöku.

NÆRMYND

Hér er fjallað um einstök sagnfræðileg viðfangsefni. Nemendur gerast sjálfir sagnfræðingar og beita aðferðum sem þeir nota í vinnu sinni.

SÉRSTAF

Torkennileg orð og ný hugtök eru skýrð innan ramma nálægt staðnum þar sem þau koma fyrst fyrir í textanum:

Sáttmáli er samningur tveggja eða fleiri aðila sem skuldbindur þá til einhvers.

Kjarni

* Eftir hvern a- og b-hluta hvers kaffa er efnið dregið saman í nokkrum aðgreindum atriðum.

Efni

Notkun bókarinnar 2

Friður á jörð ...4

Kalda stríðið 10

- a Bandaríkin gegn Sovétríkjunum 12
- b Hvers vegna kom kalt stríð? 20
- Alheimsdeila 29
- Endalok kalda stríðsins 37

Smáþjóð í hörðum heimi 46

- a Íslenska velferðarríkið 48
- b Ísland og umheimurinn 58

Deilur í Mið-Austurlöndum 72

- a Deila Ísraels og Palestínumanna 74
- b Mið-Austurlönd í köldu stríði 78
- Barist gegn vestrænum áhrifum 86

Sjálfstæðisbarátta í nýlendunum 92

- a Ný sjálfstæð ríki 94
- b Leiðirnar til sjálfstæðis 97
- Vandamál nýfrjálsu ríkjanna 101


Sameining og klofningur í Evrópu 108

- a Gamlir fjendur verða vinir 110
- b Gamlir vinir verða fjendur 120

Ísland í veröld nútímans 130

Atriðaorðaskrá 138

Tilvitnanir 140



Teikningarnar af hnettinum sýna hvernig það sem gerist á einum stað getur haft áhrif um allan hnöttinn.

Friður á jörð ...

Það var 26. júní árið 1945 og grimmilegasta stríð veraldar-sögunnar var u.þ.b. á enda. 50 milljónir fólks höfðu dáið, enn þá fleiri voru heimilislausir og á flóttu. Um allan heim höfðu borgir verið jafnaðar við jörðu. Evrópa, sem hafði stýrt heiminum um langan tíma, var í rúst. Aldrei áður hafði mannkynið komist í kynni við svo afkastamikil vopn né svo grimmilega meðferð á fólki.

Í San Francisco í Kaliforníu í Bandaríkjunum komu saman fulltrúar 50 ríkja til að mynda ný alþjóðleg samtök. Allir voru þeir sammála um eitt: slík styrjöld mætti aldrei endurtaka sig!

Borgin Köln í Þýskalandi árið 1945.



Heimurinn sameinast

Þetta var ekki í fyrsta sinn sem reynt var að tryggja frið með alþjóðlegum samtökum. En Þjóðabandalagið, sem hafði verið stofnað eftir fyrri heimsstyrjöldina, náði aldrei þátttöku nógu margra ríkja né nógu völdum til að geta hindrað styrjaldir. Nú, eftir síðari heimsstyrjöldina, skildu stjórnámamenn betur að alþjóðlegt samstarf væri nauðsynlegt. Veröldin var orðin svo þéttriðin af samskiptanetum að mörg viðfangsefni kröfðust samstarfs yfir landamæri, ekki síst varðveisla friðar.

Fulltrúarnir sem komu saman í San Francisco undirrituðu langt skjal, *sáttmála* sem skuldbatt ríkin til vinna að nokkrum sameiginlegum markmiðum. Mikilvægast þeirra var að koma í veg fyrir styrjaldir. Til að ná þessum markmiðum komu þau á fót alþjóðlegum samtökum sem fengu nafnið Sameinuðu þjóðirnar (Sp). Sáttmálinn sem skrifað var undir er kallaður Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Þar er mælt fyrir um hvernig stofnunin eigi að starfa og hver séu markmið hennar.

Formlega voru Sameinuðu þjóðirnar stofnaðar 24. október 1945, eftir að ríkisstjórnir þátttökuríkjanna höfðu staðfest sáttmálann. Í janúar 1946 hittust fulltrúar allra þátttökupjóðanna á fyrsta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í London. Samtökin höfðu verið stofnuð og hægt að taka til starfa.

Hnattvæðing

Við notum oft hugtakið *hnattvæðing* til að lýsa því hvernig veröldin tengist sífellt sterkar saman. Í því felst að samskipti milli fólks yfir landamæri verða æ meiri og ólíkir hlutar heimsins verða háðari hver öðrum. Hnattvæðing er eitt af meginefnum þessarar bókar sem lýsir þróun heimsins eftir 1945. Það alþjóðlega samstarf sem var hafið með stofnun Sameinuðu þjóðanna er mikilvægur hluti þessarar þróunar.

NÆRMYND

Sáttmáli er samningur tveggja eða fleiri aðila sem skuldbindur þá til einhvers.

Að **staðfesta** merkir að samþykkja endanlega. Ríkisstjórn sem staðfestir alþjóðlegan sáttmála skuldbindur sig til að fylgja honum.



DECLARATION BY UNITED NATIONS

DECLARATION BY UNITED NATIONS:

A JOINT DECLARATION BY THE UNITED STATES OF AMERICA,
THE UNITED KINGDOM OF GREAT BRITAIN AND NORTHERN
IRELAND, THE UNION OF SOVIET SOCIALIST REPUBLICS,
CHINA, AUSTRALIA, NEW GUINEA, COSTA RICA, CUBA,
CZECHOSLOVAKIA, DOMINICAN REPUBLIC, EL SALVADOR,
GUATEMALA, HAITI, HONDURAS, INDIA, INDONESIA,
NETHERLANDS, NEW ZEALAND, NICARAGUA, NORWAY, PANAMA,
POLAND, SOUTH AFRICA, YUGOSLAVIA.

The Governments signatory hereto,

Having subscribed to a common program of purposes
and principles embodied in the Joint Declaration of
the President of the United States of America and the
Prime Minister of the United Kingdom of Great Britain
and Northern Ireland dated August 14, 1941, known as
the Atlantic Charter.

Being convinced that complete victory over their
enemies is essential to defend life, liberty, independence
and religious freedom, and to preserve human rights and
justice in their own lands as well as in other lands,
and that they are now engaged in a common struggle
against savage and brutal forces seeking to subjugate
the world, DECLARE:

(1) Each Government pledges itself to employ its
full resources, military or economic, against those
members of the Tripartite Pact and its adherents with
which such government is at war.

(2) Each Government pledges itself to cooperate
with the Governments signatory hereto and not to make
a separate armistice or peace with the enemies.

The foregoing declaration may be adhered to by
other nations which are, or which may be, rendering
material assistance and contributions in the struggle
for victory over Hitlerism.

Done at Washington
January First, 1942

The United States of America
by Franklin D. Roosevelt

The United Kingdom
of Great Britain
and Northern Ireland
by Winston Churchill

on behalf of the Government
of the Union of Soviet Socialist
Republics
by Joseph Stalin

Natural Income, 2. Republic of
Australia
by J. B. Menzies

The Commonwealth of Australia
by J. B. Menzies

The Republic of Cuba
by Fulgencio Batista

The Dominican Republic
by V. S. Mirbanyan

The Republic of El Salvador
by Carlos Salazar

The Republic of Guatemala
by Juan José Arévalo

The Republic of Honduras
by Francisco Farfán

Indic by
George S. Messersmith

The Grand Duchy of Luxembourg
by Joseph Bech

The Kingdom of the Netherlands
by Jan de Vries

The Kingdom of Norway
by Vidkun Quisling

The Republic of Panama
by Ricardo Fábrega

The Kingdom of Yugoslavia
by Milan Stojadinović

Frumtexti sáttmála
Sameinuðu
þjóðanna, sem
var undirritaður
í San Francisco,
er varðveittur í
þjóðskjalasafni
Bandaríkjanna í
Washington.

Útdráttur úr sáttmála Sameinuðu þjóðanna
„I. kafli. Markmið og grundvallarreglur. 1. grein

Markmið hinna sameinuðu þjóða er:

1. að varðveita heimsfrið og öryggi og gera í því skyni virkar, sameiginlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og eyða hættu á friðrofi og til að bæla niður árásaraðgerðir eða friðrof og á friðsamlegan hátt og í samræmi við grundvallarreglur réttvís og þjóðaréttar koma á sættum eða lausn milliríkjadeilumála eða ástands, sem leiða kann til friðrofs.
2. að efla vinsamlega sambúð þjóða á milli, er byggð sé á virðingu fyrir grundvallartriði jafnréttis og sjálfsákvörðunarréttar og að gera aðrar hæfilegar ráðstafanir til að styrkja alheimsfrið.
3. að koma á alþjóðasamvinnu um lausn alþjóðavandamála, fjárhagslegs, félagslegs, menningarlegs og mannúðarlegs eðlis, og að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða.
4. að vera miðstöð til samræmingar á aðgerðum þjóða til að ná þessu sameiginlega markmiði.

Mannréttindi


Þessi nýju samtök höfðu mörg verkefni til að takast á við. Síðari heimsstyrjöldin hafði haft mikla eyðileggingu í för með sér og margt fólk vantaði húsaskjól, mat og lyf. Milljónir manna höfðu flúið heimaland sitt og þurftu vernd. Sameinuðu þjóðirnar þurftu því frá upphafi að takast á við mikið *mannúðarstarf*.

Styrjöldin hafði einnig leitt í ljós hve illa gat farið ef valdhafar litu á annað fólk sem óverðugra en þeir voru sjálfir. Í Þýskalandi höfðu nasistar drepð meira en sex milljónir manna aðeins vegna þess að fólkid tilheyrði ákveðnum „kynþætti“. Þetta var ástæða þess að Sameinuðu þjóðirnar tóku sér frá upphafi fyrir hendur að tryggja almenn mannréttindi. Árið 1948 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfirlýsingu um mannréttindi þar sem skilgreint er nákvæmlega hvaða réttindi hver einasta manneskja eigi að hafa. Meðal mikilvægustu réttinda er rétturinn til lífs, frelsis, öryggis, tjáningarfrelsis og rétturinn til að eiga aðild að stjórn ríkisins með því að taka þátt í frjálsum kosningum.

Mannúðarstarf: starf sem er unnið til þess að bjarga mannlífum, milda þjáningar og vernda fólk sem er í hættu.

Hvað átti að verða um nýlendurnar?

Árið 1945 átti helmingur mannkynsins heima í löndum sem var stjórnað af útlendum ríkjum, þ.e. í nýlendum. Ástæða þess var sú að fyrir fyrri heimsstyrjöldina höfðu Evrópuríki lagt lönd í öðrum heimshlutum undir sig.



Á þeim tíma fannst Evrópubúum að þeir ættu rétt á að ráða yfir öðrum þjóðum vegna þess að þeir byggju við æðri menningu eða af því að þeir væru af æðri kynþætti. Eftir síðari heimsstyrjöld var erfitt að verja slíkar skoðanir. Mannréttindin sem Sameinuðu þjóðirnar vildu tryggja hlutu líka að eiga að ná til íbúa í nýlendum. Hvernig átti að tryggja þeim rétt til að taka þátt í pólitískri stjórn landa sinna í frjálsum kosningum meðan útlend ríki stjórnðu þeim?

Hvað átti að verða um Palestínu?

Eitt erfiðasta viðfangsefni Sameinuðu þjóðanna var stjórn Palestínu. Síðan í fyrri heimsstyrjöld höfðu Bretar stjórnað landinu. Íbúarnir voru arabar og gyðingar sem áttu í sífelldum ófriði. Gyðingar vildu stofna sitt eigið ríki sem gæti orðið athvarf allra gyðinga sem höfðu flúið frá ýmsum ríkjum Evrópu. Þeir töldu uppruna sinn vera í Palestínu og því væri eðlilegt að ríki þeirra yrði þar. En arabarnir voru fleiri og þeir litu á Palestínu sem land sitt. Sameinuðu þjóðirnar urðu að miðla málum og finna lausn á vandanum.

Norðmaðurinn Trygve Lie var valinn fyrsti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna árið 1946. Hann var reyndur stjórnmalamaður, hafði starfað í norska Verkamannaflokknum og var utanríkisráðherra norsku útlagastjórnarinnar sem sat í London á stríðsárum, þegar Noregur var hernuminn af Þjóðverjum. Hvers vegna var valinn maður frá svona tiltölulega litlu ríki? Þá þegar var komin á mikil spenna milli tveggja stórvelda sem höfðu sigrað í stríðinu, Bandaríkjamanna og Sovétríkjamanna (Rússlands). Bæði ríkin grunuðu hitt um að ætla að leggja heiminn undir sig. Þess vegna var mikilvægt að koma sér saman um framkvæmdastjóra sem fylgdi hvorugu stórveldinu.




Ísland í Sameinuðu þjóðunum

Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar af þeim ríkjum einum sem töldust vera sigurvegarar í stríðinu. Þau urðu að lokum um 50 því að mörg ríki drógust inn í stríðið þegar fram í sótti. Íslenska ríkið taldist ekki stríðsaðili og fékk því ekki að vera með. Ríkisstjórnir Breta og Bandaríkjamanna, sem höfðu forgöngu um stofnun samtakanna, settu það skilyrði að Íslendingar segðu Þjóðverjum eða Japönnum stríð á hendur. Það fannst Íslendingum ómögulegt að gera, enda höfðu þeir engan her. Ríkisstjórn Íslands taldi að Íslendingar ættu sanngirniskröfu á að teljast með vegna þess að þeir hefðu lánað Bandaríkjamönnum afnot af landi sínu í stríðinu en það var ekki viðurkennt.

Árið eftir kom að þeim ríkjum sem höfðu ekki tekið þátt í stríðinu. Þá sóttu Íslendingar um aðild að samtökunum og umsókn þeirra var samþykkt á allsherjarpinginu. Þann 19. nóvember 1946 tilkynnti ríkisstjórn Íslands formlega að hún féllist á sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ekki voru allir landsmenn sammála um þá ákvörðun. Á Alþingi var umsóknin samþykkt með 36 atkvæðum gegn sex (en tíu sátu hjá eða voru ekki viðstaddir). Andstæðingar aðildar höfðu það á móti henni að aðildarríki voru skylduð til að leyfa útlendum herjum að fara um land sitt ef það væri nauðsynlegt til að halda uppi heimsfriði. Margir Íslendingar vildu umfram allt vera lausir við útlend herlið.





Finnið svar

- 1 Hvaða aðstæður í heiminum leiddu til þess að Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar?
- 2 Hver voru mikilvægustu verkefni Sameinuðu þjóðanna?
- 3 Hvað er *hnattvæðing*?

Umræðuefni

- 4 Hvers vegna var sérstaklega erfitt eftir síðari heimsstyrjöldina að halda því fram að Evrópubúar hefðu rétt til að ráða yfir öðrum þjóðum?

Viðfangsefni

- 5 Þátttökuríki Sameinuðu þjóðanna voru upphaflega um 50. Farið inn á vefsíðu Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, <http://www.un.is>, og komist að því hvað þau eru mörg núna.
- 6 Lesið um Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna á <http://www.un.is>. Semjið lista með mikilvægustu réttindunum.


Heimildavinna

- 7 Lesið útdráttinn úr sáttmála Sameinuðu þjóðanna á bls. 6. Skrifid með ykkar eigin orðalagi hver eru helstu markmið samtakanna.



Á fána Sameinuðu þjóðanna er kort af jörðinni þar sem horft er á hana frá norðri þannig að norðurpóllinn er í miðju. Umhverfis jörðina eru ólífuviðargreinar sem eru friðartákn enda áttu Sameinuðu þjóðirnar að tryggja alheimsfrið.

Kalda stríðið



Þann 6. mars árið 1952 sátu 32 skólabörn í sjötta bekk í New York og horfðu á kvikmyndina „Duck and Cover“ (Beygja sig og hylja). Bandarísk yfirvöld höfðu látið gera myndina til að kenna börnum hvernig þau ættu að verja sig ef landið yrði fyrir kjarnorkuvopnaárás. Ef þau sæju sterkan ljósglampa áttu þau umsvifalaust að kasta sér niður og reyna að hylja sig. Mörg þúsund amerískra skólabarna sáu þessa mynd. Heil kynslóð barna var þjálfuð í að leita skjóls undir skólaborðum þegar aðvörunarbjalla hringdi. Óttinn við kjarnorkustríð var svo mikill að sum börn áttu í sálrænum erfiðleikum vegna hans.

Ástæða óttans var spennan á milli risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem ríkti allt frá 1945 til 1991. Þetta ástand var oft kallað „kalda stríðið“. Hvað er kalt stríð og hvers vegna var öll þessi mikla spenna á milli risaveldanna?

Markmið

- ★ Kynna kalda stríðið sem meiri háttar milliríkjadeilu á 20. öld. Setja fram hverjar voru orsakir og afleiðingar deilunnar.
- ★ Leita heimilda um efnið, velja úr þeim, meta þær og sýna hvernig ólíkar heimildir geta gefið ólíka mynd af sögunni.



Bandaríkin gegn Sovétríkjunum

Skömmu eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk fór fólk að óttast að þriðja heimsstyrjöldin mundi brjótast út. Kalda stríðið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna setti brátt mikinn svip á allan heiminn. Hvers vegna urðu þessi tvö ríki fjendur?

Hvor með sitt hugmyndakerfi

Síðari heimsstyrjöldin varð til þess að stórveldin Bretland, Frakkland, Þýskaland og Japan misstu mikið af veldi sínu. Þá stóðu eftir tvö stórveldi sem yfirgnæfðu öll önnur, nefnilega Bandaríkin og Sovétríkin.

Þessi tvö risaveldi voru afar ólík. Í Sovétríkjunum ríkti einræði kommúnista en Bandaríkin voru frjálslynt lýðræðisríki. Þetta voru tvö gerólik kerfi, bæði í stjórnmálum og hagstjórn. Stjórnendur beggja ríkjanna héldu því fram að þeirra eigið kerfi væri best. Bæði óttuðust líka að hitt ríkið mundi breiða sitt kerfi út um allan heiminn.

Risaveldi er ríki sem hefur mikil völd og áhrif í heiminum. Orðið var einkum notað um Bandaríkin og Sovétríkin á árum kalda stríðsins.




Austur gegn vestri í Evrópu

Risaveldin höfðu mikil áhrif í Evrópu, hvort í sínum hluta. Á árum kalda stríðsins voru flest lönd í Austur-Evrópu undir stjórn kommúnista, í nánnum tengslum við Sovétríkin. En í flestum löndum Vestur-Evrópu var lýðræði og ríkisstjórnir í nánnum sambandi við Bandaríkin.

Í kommúnistaríkjunum réði ríkisvaldið miklu og stýrði öllu hagkerfinu. Kosturinn við það var sá að ríkið gat nokkurn veginn séð um að allir hefðu atvinnu, húsnæði, heilbrigðisþjónustu og fæði til að lifa á. En oft gekk ríkinu illa að tryggja jafnframt hagvöxt svo að þessi lönd urðu hlutfallslega fátæk. Auk þess hafði fólk lítið frelsi og átti lítinn kost á að velja. Kommúnistaflokkarnir réðu öllu og pólitískir andstæðingar þeirra voru ofsóttir.

Á Vesturlöndum hafði fólk meira frelsi. Allir höfðu rétt á að segja skoðun sína og fólk ákvað sjálft miklu fleira um eigið líf. Hins vegar átti fólk á hættu að verða atvinnulaust ef fyrirtækið sem það vann hjá varð gjaldþrota og munurinn á efnahag ríkra og fátækra var meiri en í austurhluta álfunnar. Á árum kalda stríðsins var miklu meiri hagvöxtur í Vestur-Evrópu en Austur-Evrópu. Þótt fólk byggi við misgóðan efnahag í Vestur-Evrópu batnaði hagur þess smám saman. Þetta gerðist ekki í Austur-Evrópu og munurinn á austur- og vesturhlutanum fór sífellt vaxandi.



Tortryggni á Vesturlönd

„Utanríkisstefna Bandaríkjanna [...] eftir síðari heimsstyrjöld hefur verið sókn eftir heimsyfirræðum.“

Þetta sagði sendiherra Sovétríkjanna í Washington, Nikolai Novikov, árið 1946. Sovéskir kommúnistar voru hræddir um að Bandaríkin mundu auka vald sitt og áhrif um allan heim. Þeir kölluðu Bandaríkin „heimsvaldastefnuríki“. Með því áttu þeir við að Bandaríkin sæktust eftir að ná völdum um allan heim til þess að koma fram hagsmunamálum sínum.

Kommúnistar vildu ekki að íbúar Sovétríkjanna og annars staðar í Austur-Evrópu yrðu fyrir áhrifum af menningu Bandaríkjanna eða vestrænum hugmyndum um lýðræði og viðskiptafrelsi. Þess vegna höfðu þeir strangt eftirlit með öllum fjölmiðlum. Dagblöð, útvarpsstöðvar, kvikmyndir og sjónvarp, allt var þetta *ritskoðað*. Óleyfilegt var að birta eða sýna neitt sem gæti fengið fólk til að trúá lífið væri betra á Vesturlöndum. Þess í stað sáu yfirvöld um að gerðar væru

„Járntrjaldið“ var hugtak haft um landamærin sem skildu á milli vinaríkja Sovétríkjanna í Austur-Evrópu og ríkja sem voru vinveitt Bandaríkjunum í Vestur-Evrópu. Í Júgóslavíu og Albaníu ríktu kommúnistar en þeir höfðu sjálfstæðari afstöðu til Sovétríkjanna en önnur kommúnistaríki teljast því hafa verið utan við járntrjaldið.

Áróðri var haldið að íbúum Sovétríkjanna á margvíslegan hátt. Þessi mynd er af eldspýtnastokk.



kvikmyndir og skrifaðar blaðagreinar sem sýndu og segðu fólki hve góður kommúnisminn væri og hve miklu verr lifi fólk lifði á Vesturlöndum.

Kommúnistastjórnir höfðu leyniþjónustustofnanir sem áttu að koma upp um pólitíska andstæðinga. Þær höfðu í þjónustu sinni þétt net af leynilegum njósnurum sem gáfu skýrslur um hvað fólk aðhefðist og um hvað það talaði. Þeir sem gagnrýndu stjórnvöld eða kommúnismann áttu á hættu að verða fangelsaðir og pyntaðir. Það var beinlínis hættulegt að segja skoðun sína upphátt.

NÆRMYND

Flóttafólk

Yfirleitt fékk fólk í kommúnistaríkjum ekki leyfi til að ferðast til Vesturlanda. Listamenn og íþróttafólk gat þó fengið leyfi til að fara þangað til að taka þátt í ýmiss konar viðburðum. Þá kom fyrir að sumir gerðust flóttamenn og sóttu um *pólitískt hæli* á Vesturlöndum. Brandarinn hér á eftir er um rússneskan flóttamann:

Rússi hefur stungið af til Vesturlanda, og fréttamaður í Bandaríkjunum tekur viðtal við hann.

Fréttamaðurinn: Hvernig er nú lífið í Sovétríkjunum?

Flóttamaðurinn: Ég get ekki kvartað.

Fréttamaðurinn: En við fréttum að það séu langar biðraðir ef maður vill kaupa eitthvað, jafnvel eins sjálfsagt og mat. Er það ekki rétt?

Flóttamaðurinn: Ég get ekki kvartað.

Fréttamaðurinn: En ofsóknirnar. Er fólk ekki ofsótt, fangelsað og kannski drepíð ef það er á móti stjórnvöldum?

Flóttamaðurinn: Ég get ekki kvartað.

Fréttamaðurinn, uppgjefinn: En hvers vegna flúðirðu þá hingað?

Flóttamaðurinn: Því hér get ég kvartað.

Pólitískt hæli er leyfi manns til að eiga heima í öðru landi en sínu eigin til að sleppa við pólitískar ofsóknir.


Ritskoðun er þegar stjórnvöld ríkis hafa eftirlit með því hvað fólk skrifar, einkum hvaða skoðanir eru birtar á prenti. Bannað er að láta í ljós andúð á ríkjandi stjórnvöldum.

Kommúnistahræðsla í Bandaríkjunum

„Lokatakmark heimskommúnismans sem Sovétríkin stýra er heimsyfirráð.“

Þessi staðhæfing var samþykkt í Þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna árið 1948. Bandaríkjamenn óttuðust ekki aðeins að kommúnismi breiddist út til fleiri og fleiri landa. Þeir voru líka hræddir um að kommúnistar reyndu að ná völdum í Bandaríkjunum með byltingu. Því hófust þeir handa við að vakta fólk sem var – eða var grunað um að vera – kommúnistar. Á sjötta áratug aldarinnar var sett í gang áköf

leit að kommúnistum undir stjórn öldungadeildarþingmanns sem hét Joseph McCarthy. Meðal annars voru gefnir út listar með nöfnum fólks sem var talið kommúnistar, eins þótt ekki væri hægt að sanna það. Þetta kom sérstaklega illa niður á kvikmyndagerðarfólki, hernum og stjórnmálamönnum. Margir misstu vinnu sína og nokkrir flýðu til annarra landa. Einn þeirra sem voru ranglega stimplaðir sem kommúnistar var kvikmyndahöfundurinn Charlie Chaplin og hann flutti úr landi árið 1952.



NÆRMYND

Hvað var **kalda stríðið**?

Flest stríð eru „heit“, þar sem menn berjast með vopnum. Í „kalda stríðinu“ var ekki barist en samt ríkti eins konar stríðsástand. Aðilar þess, Bandaríkin og Sovétríkin, voru tilbúnir að byrja að heyja „heitt stríð“ hvenær sem væri á tímabilinu 1945–91:

- * Aðilar litu hvor á annan sem andstæðinga.
- * Þeir kepptust um að eiga sem flest og áhrifamest vopn.
- * Þeir kepptust um að hafa sem mest áhrif sem víðast um heiminn.
- * Þeir beittu áróðri hvor gegn öðrum.
- * Þeir höfðu vopn sín tilbún til þess að geta mætt árás sem fyrst með gagnárás.
- * Þeir neituðu að semja sín á milli.
- * Þeir hjálpuðu hvor sínum bandamönnum í minni háttar styrjöldum og deilum í ýmsum hlutum heimsins.

Vopnakapphlaup og ógnarjafnvægi

Í ágúst 1945 beittu Bandaríkjamenn í fyrsta sinn nýju og grimmilegu vopni, kjarnorkusprengju eða atómsprengju. Á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina voru Bandaríkin ein um að eiga kjarnorkusprengjur en í Sovétríkjunum unnu vísindamenn ákaft að því að smíða þær. Á árinu 1949 kom í ljós að Sovétríkin áttu líka kjarnorkuvopn. Um allan heim óttaðist fólk að kalda stríðið breytist í atómstríð.

Eftir þetta virtist vera um að gera fyrir bæði risaveldin að koma sér upp æ fleiri og öflugri kjarnorkuvopnum til þess að andstæðingurinn næði ekki yfirburðum. Brátt áttu Bandaríkin og Sovétríkin meira en nóg af atóm-vopnum til að geta drepð allt fólk á jörðinni í einu lagi. Það blasti við að ef þriðja heimsstyrjöldin brytist út, yrðu það endalok mannkynsins.

Brátt tóku Bandaríkjamenn og Sovétmenn að koma sér upp eldflaugum með kjarnorkusprengjum víðs vegar um heiminn. Þær var hægt að senda í loftið með örstuttum fyrirvara. Báðir aðilar voru tilbúnir að svara kjarnorkuárás af fullri hörku. Árás með kjarnorkusprengjum gat leitt til þess að báðum yrði útrýmt. Þannig sköpuðu kjarnorkuvopnin *ógnarjafnvægi*. Enginn vildi byrja kjarnorkustríð til þess að verða þurrkaður út sjálfur. Þannig urðu atómvopnin hugsanlega til þess að

Ógnarjafnvægi er það ástand þegar tveir andstæðingar eiga svo mikið af öflugum vopnum að þeir þora ekki að ráðast hvor á annan af ótta við að verða lagðir í rúst sjálfir.

Hverjir eiga atómvopn núna?


Auk Bandaríkjamanna og Rússa eiga Bretar, Frakkar, Kínverjar, Indverjar, Pakistanar og Norður-Kóreumenn kjarnorkuvopn. Flestir telja líka að Ísraelsmenn ráði yfir kjarnorkuvopnum. Samtals er talið að um 27.000 atómsprengjur séu til í heiminum, og er þá miðað við árið 2008. Það er miklu minna en var á árum kalda stríðsins; þá voru til allt að 70.000 sprengjur. Samt er nú til nóg af kjarnorkuvopnum til að útrýma öllu lífi á jörðinni.

hindra að þriðja heimsstyrjöldin brytist út. Aftur á móti var mikil hætta á að kjarnorkustríð hæfist af óhappi eða misskilningi.


Geimferðakapphlaupið

Fyrsta *gervihnettinum* sem menn bjuggu til var skotið á loft 4. október 1957. Það var sovéski gervihnötturinn Spútnik 1. Hann var ekki stærri en sundlaugarbolti en olli samt óhemjumiklu uppnámi því að tækni til að skjóta hlut á loft og senda á braut um jörðu gerir kleift að varpa sprengju á hvaða stað á hnettinum sem er.

Í Bandaríkjunum urðu vísindamenn, herforingjar og stjórnmálamenn sem steini lostnir yfir því að Sovétmenn hefðu orðið á undan þeim að koma gervihnetti á loft. Því ákváðu Bandaríkjamenn að leggja alla áherslu á að komast fram úr Sovétmönnum á ný. Árið 1958 stofnuðu þeir nýja geimferðastofnun, NASA, og háum fjárhæðum var varið til þess að þróa sérstaka bandaríska geimferðaáætlun. Geimferðakapphlaup var hafið. Á fyrstu árunum voru Sovétmenn á undan í kapphlaupinu um geiminn.



Sovétmenn sendu tíkina Laiku út í geiminn árið 1957. Með því var sannað að lífverur gætu lifað í þyngdarleysi. Sú vitneskja gerði mögulegt að senda menn út í geiminn síðar. En Laika hlaut dapurleg örlög. Eftir eitthvað á milli fjögurra og sjö klukkutíma í geimnum dó hún af stressi og ofhitun. Gervihnötturinn með hræ hennar fór 2.570 sinnum í kringum jörðina áður en hann brann upp í andrúmsloftinu.



Stutt skref fyrir einn mann en stórt stökk fyrir mannkynið.


Bandaríkjamaðurinn Neil Armstrong var fyrsti maðurinn sem steig fæti á tunglið.

Árið 1961 var Rússanum Juri Gagarin fyrstum manna skotið út í geiminn. En á sjöunda tug aldarinnar náðu Bandaríkjamenn forustunni og 20. júlí 1969 varð Bandaríkjamaðurinn Neil Armstrong fyrstur manna til að stíga fæti niður á tunglið.

Geimferðakapphlaupið var nátengt vopnkapphlaupinu. Meðal annars voru gervihnettirnir notaðir til að hafa eftirlit með andstæðingnum. Árið 1983 boðaði Bandaríkjaforseti, Ronald Reagan, nýja eldflaugaáætlun. Markmið hennar var að gervihnettir

úti í geimnum gætu skynjað og stöðvað hugsanlega kjarnorkuárás áður en eldflaugarnar sem bæru sprengjurnar næðu til Bandaríkjanna. Miklu fé var varið til að þróa þessi áform sem fengu nafnið „Star Wars“ eða „stjörnustríðsáætlun“.

Gervihnöttur eða gervitungl er manngerður hlutur sem fer í hringi um jörðina eins og tunglið.



Finnið svar

- 1 Hvað er „kalt stríð“?
- 2 Hvað var einkum ólíkt með Bandaríkjunum og Sovétríkjunum?
- 3 Hvað er „pólitískur flóttamaður“?
- 4 Hvers vegna kaus fólk að gerast pólitískir flóttamenn?
- 5 Útskýrið hvað er átt við með orðinu „ógnarjafnvægi“.

Umræðuefni

- 6 Hvað haldið þið að hefði gerst ef Bandaríkin og Sovétríkin hefðu ekki átt kjarnorkuvopn? Hefði skolið á ný heimsstyrjöld?
- 7 Í kalda stríðinu voru margir hræddir við kjarnorkuárás. Hvað eru börn og unglingar hræddust við nú á dögum? Hvað hræðist þið mest?

Þjálfifið hugann

- 8 Hvaða orð eiga ekki heima með hinum?
 - a Laika, Armstrong, Stalín, Gagarín
 - b markaðshagkerfi, áætlunarbúskapur, frjáls verslun, lýðræði

Viðfangsefni

- 9 Hvað einkennir lýðræði og hvað einkennir einræði? Setjið upp tvær fyrisagnir á blað: „Lýðræði“ og „Einræði“. Skriðið svo einkenni hvors kerfis fyrir sig neðan við fyrisagnirnar. Getið þið fundið fleiri einkenni?
 - * Ríkisvaldið stjórnar dagblöðunum þannig að enginn getur gagnrýnt ríkisstjórnina í blöðum.
 - * Stjórn málaflakkar eru fleiri en einn svo að kjósendur geta valið á milli þeirra í kosningum.
 - * Engum er hægt að refsa nema hann hafi framið lögbrot og verið dæmdur af dómstóli.
 - * Fólk sem vinnur gegn ríkisstjórninni getur átt á hættu að vera sett í fangelsi án dóms og laga.
 - * Allir geta sagt og skrifað skoðanir sínar án þess að eiga á hættu að vera refsað fyrir það.
 - * Aðeins einn stjórn málaflakkur starfar í landinu. Bannað er að stofna fleiri flokka.


- * Ríkisvaldinu er skipt á fleiri en eina stofnun til þess að forðast misbeitingu þess.
 - * Þjóðkjörnir fulltrúar stjórna landinu.
- 10** Búið til veggspjald eða lista sem sýnir muninn á Bandaríkjunum og Sovétríkjunum í kalda stríðinu.
- 11** Hvernig haldið þið að það hafi verið að vaxa upp á árum kalda stríðsins og óttans við atómsprengjur? Yrkið ljóð eða rapptexta um það.
- 12** Búið til myndaröð um geimferða-kapphlaupið úr myndum sem þið finnið á netinu.

Heimildavinna

- 13** Lesið tilvitnanirnar í Nikolai Novikov og Þjóðaröryggisráð Bandaríkjanna á bls. 13 og 15 hér á undan. Hvað segja þessar heimildir um kalda stríðið?
- 14** Skoðið myndina á bls. 14.
- a** Hvaða boðskap flytur myndin?
 - b** Hverju heldur myndin fram um ástandið í Sovétríkjunum í kalda stríðinu?
 - c** Til hvers haldið þið að þessi mynd hafi verið búin til?
- 15** Lesið skýtluna á bls. 14 í nærmynd
- a** Hver er meiningin með henni?
 - b** Hvað segir skýtlan um aðstæður í heiminum í kalda stríðinu?

Kjarni

- * Kalda stríðið var spenna á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna frá 1945 til 1991.
- * Bandaríkin voru frjálstlynt lýðræðisríki sem vildi halda uppi verslunarfrelsi og markaðshagkerfi en í Sovétríkjunum ríkti einræði kommúnista sem leitaðist við að hafa sem flest vinsamleg kommúnistaríki í kringum sig.
- * Bæði risaveldin voru hrædd um að hitt mundi taka völdin í heiminum. Þess vegna vörðu þau miklum fjármunum til að þróa vopn og geimferðatækni.
- * Þegar fram í sótti áttu bæði risaveldin atómvopn og ógnarjafnvægi komst á.



Hvers vegna kom kalt stríð?

„Frá Stettin við Eystrasalt til Triest við Adríahaf hefur lagst járnþjald þvert yfir álfuna. Bak við þá línu eru allar höfuðborgir Mið- og Austur-Evrópu [...] Kommúnistaflokkarnir, sem eru allir í minnihluta, reyna alls staðar að ná einræðisvöldum. Þetta er sannarlega ekki sú frelsaða Evrópa sem við börðumst fyrir.“

Þannig lýsti Winston Churchill, áður forsætisráðherra Breta, ástandinu í Evrópu árið 1946. Eftir það varð „Járnþjaldið“ venjulega heitið á skilunum á milli Austur- og Vestur-Evrópu. Hvernig sköpuðust þessi skil? Hvers vegna urðu Bandaríkjamenn og Sovétmenn óvinir svona stuttu eftir að þeir höfðu verið bandamenn í síðari heimsstyrjöldinni?

Gervivinátta

Á árunum 1941–45 börðust Bandaríkin og Sovétríkin saman í síðari heimsstyrjöldinni. En það gerðu þau eingöngu af því að þau áttu sameiginlega óvini, Þjóðverja og Japaní. Frjálshyggjuríkið Bandaríki Norður-Ameríku og kommúnistalandið Sovétríkin höfðu litið hvort annað illu auga allt síðan kommúnistar komust til valda í rússnesku byltingunni 1917.

Á árum síðari heimsstyrjaldar neyddust leiðtogar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna til að vinna saman. Þeir gerðu samninga um styrjaldarreksturinn og um framtíð Þýskalands og annarra Evrópulanda í stríðslok. Þeir sömdu um að skipta Evrópu upp í áhrifasvæði þar sem eitt stórveldi skyldi fá að hafa mest áhrif og Þýskalandi var skipt upp í hernámssvæði.

Í febrúar 1945 komu þrír þjóðarleiðtogar saman í borginni Jalta í Úkraínu sem var þá í Sovétríkjunum. Þeir eru hér í fremri röð, taldir frá vinstri: Winston Churchill frá Bretlandi, Franklin D. Roosevelt frá Bandaríkjunum og Jósef Stalín frá Sovétríkjunum. Þar komu þeir sér meðal annars saman um að skipta Þýskalandi í hernámssvæði þegar stríðinu lyki.



Stórveldin urðu líka sammála um að stofna ný alþjóðleg samtök, Sameinuðu þjóðirnar. Á fundum þeirra kom þó oft í ljós gagnkvæm tortryggni. Bandaríkin og Sovétríkin treystu ekki hvort öðru.

Sigur kommúnismans í Austur-Evrópu

Þegar síðari heimsstyrjöldinni lauk höfðu Sovétmenn lagt austurhluta Þýskalands undir sig en Vesturveldin, Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar, höfðu hernumið vesturhlutann. Herir Sovétríkjanna réðu líka mestum hluta Austur-Evrópu.

Nokkur lönd sem höfðu áður verið sjálfstæð ríki voru nú *innlimuð* í Sovétríkin. Þau voru Eistland, Lettland og Litháen. Auk þess sáu Sovétmenn um að kommúnistastjórnir, vinveittar Sovétstjórninni, kæmust til valda í Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu og Búlgaríu. Það var þetta sem Churchill átti við þegar hann talaði um járntjald sem hefði verið dregið þvert yfir Evrópu.

Í Tékkóslóvakíu voru haldnar lýðræðislegar kosningar þar sem kommúnistar fengu um 40 prósent atkvæða. Þar störfuðu kommúnistar með öðrum flokkum í lýðræðislegri ríkisstjórn. En árið 1948 frömdu þeir valdarán og tóku völdin einir. Þetta valdarán hræddi marga í Vestur-Evrópu. Nú héldu menn að kommúnistar mundu taka völdin í fleiri og fleiri löndum.


Marshall-hjálpin

Árið 1947 birti utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Marshall, áætlun sem fékk nafnið Marshall-áætlunin. Samkvæmt henni áttu Bandaríkin að bjóða efnahagshjálp þeim löndum Evrópu sem höfðu orðið fyrir tjóni í stríðinu svo að þau gætu byggt efnahag sinn fljótt upp að nýju. Ríkin fengu tilboð bæði um peningagjafir og hagstæð lán. Gegn því urðu þau að skuldbinda sig til að vera með í nýrri stofnun (OEEC) sem átti að stuðla að frjálsri verslun í Evrópu.

Frjáls verslun felur í sér að allir hafa rétt á að kaupa og selja vörur á frjálsum markaði og verðlag ræðst af framboði og eftirspurn. Þetta átti ekki vel við efnahagskerfi kommúnista þar sem ríkið ákvað verðlag og laun, einnig hve mikið skyldi flytja inn frá öðrum löndum. Sovétríkin lögðu því að ríkjum Austur-Evrópu að hafna Marshall-hjálpinni þótt þau hefðu mikla þörf fyrir efnahagsaðstoð. En ríki Vestur-Evrópu sögðu já, takk og tóku við 13 milljörðum dollara á fjögurra ára tímabili.

Marshall-hjálpin skapaði mikinn efnahagsvöxt í Vestur-Evrópu. Samtímis jók hún áhrif Bandaríkjanna. Fólkeypti bandarískar vörur, hlustaði á bandaríska tónlist og horfði á bandarískar kvikmyndir meira en nokkru sinni áður.

Þegar eitt ríki er **innlimað** í annað merkir það að landið missir sjálfstæði sitt og verður hluti af ríkinu sem innlimar það.



NÆRMYND

Hver var tilgangur Marshall-hjálparinnar?

Hvers vegna kusu Bandaríkin að veita Evrópulöndum svona mikla efnahagshjálp eftir síðari heimsstyrjöldina?

Um það sagði sjálfur George Marshall utanríkisráðherra þetta árið 1947:

„Það er skynsamlegt fyrir Bandaríkin að gera það sem þau geta til að veröldin geti komist á eðlilegt efnahagslegt heilbrigðisstig á ný, því án þess er vonlaust um pólitískan stöðugleika og öruggan frið. Stefna okkar er ekki andvíg neinu landi eða neinni pólitískri kenningu en hún er andvíg hungri, fátækt, örvæntingu og óreiðu.“

Fulltrúi Sovétríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, Andrej Vyshinskij hafði þetta að segja um Marshall-hjálpinna:

„Það verður sífellt augljósara að framkvæmd Marshall-áætlunarinnar mun merkja að Bandaríkin fá efnahagsleg og pólitísk völd í Evrópulöndum og að þau munu blanda sér beint í innri málefni þessara landa.“

Auk þess er þessi áætlun tilraun til að skipta Evrópu í tvennar herbúðir og – með hjálp Breta og Frakka – mynda blokk margra Evrópulanda sem eru andvíg hagsmunum Austur-Evrópulýðveldanna og einkum hagsmunum Sovétríkjanna.“

Truman-kenningin

Árið 1947 voru borgarastyrjaldir bæði í Grikklandi og Tyrklandi. Í báðum löndunum reyndu kommúnistar að komast til valda. Forseti Bandaríkjanna, Harry S. Truman, taldi að Bandaríkin yrðu að grípa inn í styrjaldirnar og „bjarga“ þessum þjóðum frá kommúnisma. Hann hélt ræðu þar sem hann bað þingið að veita fé til hernaðaraðgerða þar sagði hann meðal annars:

„Á þessari stund mannkynssögunnar verður næstum hver einasta þjóð að velja á milli tveggja ólíkra lífshátta. Það val er allt of oft ófrjálst.“

Annar þessara lífshátta er reistur á vilja meirihlutans og einkennist af frjálsum stofnunum, fulltrúalýðræði, frjálsum kosningum, tryggingu fyrir persónulegu frelsi, mál- og trúfrelsi.

Hinn lífshátturinn byggist á vilja minnihluta sem hefur vald yfir meirihlutanum. Það byggist á ógnarstjórn og kúgun, ófrjálsri blaðaútgáfu og útvarpsrekstri, fyrirframstýrðum kosningum og undirokun á persónulegu frelsi.

Ég tel að Bandaríkin verði að styðja það fólk sem berst gegn undirokun vopnaðra minnihlutahópa eða þrýstingi frá öðrum löndum.“

Það sem hér var sagt hefur síðan verið kallað „Truman-kenningin“. Kenning, í þessum skilningi, er eins konar boðorð eða regla, og í ræðu sinni setti Truman fram nýja reglu um hlutverk Bandaríkjanna í heiminum. Áður höfðu Bandaríkjamenn haft þá meginreglu að blanda sér ekki í það sem gerðist í Evrópu. Þeir reyndu að halda sér utan við báðar heimsstyrjaldirnar og fóru ekki að taka þátt í þeim fyrr en þeir

urðu sjálfir fyrir árásum. En nú fóru bandarískir stjórnámálemenn að hugsa á nýjan hátt. Til að hindra útbreiðslu kommúnismans vildu Bandaríkjamenn ekki aðeins skipta sér af samskiptum ríkja í Evrópu heldur einnig af átökum innan ríkjanna.

Truman-kenningin fól í sér að Bandaríkin tóku sér hlutverk sem eins konar „heimslögregla“ sem skyldi koma í veg fyrir að kommúnistar næðu völdum í fleiri löndum.

Tvö þýsk ríki


Eftir síðari heimsstyrjöldina skiptu sigurvegararnir Þýskalandi í fjögur hernámssvæði, svæði Sovétríkjanna, Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands. Með því ætluðu þeir að koma í veg fyrir að Þjóðverjar gætu hafið styrjöld einu sinni enn. En bráðlega kom í ljós að Bandaríkjamenn og Sovétmenn höfðu ólíkar hugmyndir um framtíð Þýskalands.

Bandaríkjamenn vildu sjálfstætt Þýskaland sem yrði mikilvægur viðskiptaaðili. Sovétmenn vildu halda Þýskalandi veikburða svo að það gæti ekki orðið ógnvaldur Sovétríkjanna. Bandaríkjamenn, Frakkar og Bretar hjálpuðu til að byggja þýskan iðnað upp á ný á hernámssvæðum sínum. Þveröfug þróun varð á hernámssvæði Sovétríkjanna. Verksmiðjum var lokað og vélar fluttar til Sovétríkjanna til að byggja upp iðnað þar í staðinn. Þjóðverjum á hernámssvæði Rússa var því gert miklu erfiðara fyrir að endurreisa iðnað sinn.

Árið 1949 sameinuðu Vesturveldin hernámssvæði sín og stofnuðu nýtt þýskt ríki, Sambandlýðveldið Þýskaland, venjulega kallað Vestur-Þýskaland. Það varð lýðræðisríki með kapítalísku markaðshagkerfi. Í október



sama ár var sovéska hernámssvæðinu breytt í ríki. Nafn þess hefur verið þýtt sem Þýska alþýðulýðveldið á íslensku (þótt nákvæmari þýðing væri Þýska lýðræðislega lýðveldið) en venjulega er það kallað Austur-Þýskaland. Þrátt fyrir nafnið var Austur-Þýskaland einræðisríki kommúnista undir eftirliti Sovétríkjanna.



Berlínarmúrinn

Berlín, höfuðborg Þýskalands fram til 1945, var á hernámssvæði Sovétmanna, en borginni var skipt upp í hernámssvæði árið 1945 þannig að Vestur-Berlín var eins og eyja, umlukin sovésku hernámssvæði á alla kanta. Upphaflega gátu Berlínarbúar ferðast óhindrað á milli Austur- og Vestur-Berlínar. En margir Austur-Þjóðverjar voru óánægðir með ófrelsið í landinu og á árunum 1949–61 flúðu 1,6 milljónir þeirra til Vestur-Þýskalands í gegnum Vestur-Berlín. Margt af þessu fólki var hámenntað, læknar, kennarar og verkfræðingar, og Austur-Þýskaland hafði mikla þörf fyrir þess konar fólk. Þess vegna ákváðu yfirvöld landsins að loka leiðinni á milli borgarhlutanna. Þann 16. ágúst 1961 voru settar upp gaddavírsgirðingar og byrjað að hlaða múr þvert í gegnum borgina. Múrinn var vaktaður rækilega og vaktmenn höfðu fyrirmæli um að skjóta á fólk sem reyndi að komast vestur yfir. Berlínarmúrinn stóð fram í nóvember 1989 og varð sterkt tákn kalda stríðsins.

Tvær valdablokkir

Í Vestur-Evrópu tók fólk að óttast þróunina í austurhluta álfunnar og hélt að kommúnistar mundu taka völdin í æ fleiri löndum. Þetta var helsta ástæðan til að tíu ríki Vestur-Evrópu, þeirra á meðal Ísland, stofnuðu Norður-Atlantshafsbandalagið (NATO) ásamt Bandaríkjunum og Kanada. Bandalagið var stofnað sem varnarbandalag og aðildarlöndin skuldbundu sig til að koma hvert öðru til hjálpar í stríði. Meginregla NATO er að árás á eitthvert þeirra teljist jafngilda árás á þau öll. Þetta merkti að ef Sovétríkin réðust á eitt vanmegnugt land, til dæmis Noreg eða Ísland,

yrðu þau að gera ráð fyrir gagnárás frá öðrum NATO-ríkjum, þeirra á meðal frá Bandaríkjunum.

Árið 1955 var Vestur-Þýskaland tekið inn í Atlantshafsbandalagið. Sovétríkin litu á það sem ógnun. Bandalagið náði nú fast að kommúnistalöndunum. Sama ár stofnuðu þau því sitt eigið varnarbandalag, sem var kallað Varsjárbandalagið, með öðrum ríkjum Austur-Evrópu. Það sem eftir var af kaldastríðsárunum stóðu Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið hvort andspænis öðru sem andstæðingar og voru kölluð tvær valdablokkir.



Skammstöfunin NATO stendur fyrir North Atlantic Treaty Organization, sem gæti hljóðað á íslensku Norður-Atlantshafssamningsstofnun. Bandaríkin, Kanada og tíu ríki í Vestur-Evrópu stofnuðu bandalagið árið 1949 til að vera betur búin undir að verjast Sovétríkjunum. Eftir lok kalda stríðsins hefur NATO breytt um hlutverk. Þangað eru nú komin inn mörg ríki í Austur-Evrópu sem voru áður undir stjórn kommúnista. Nú á dögum telur NATO sig standa frammi fyrir nýrri ógn, alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi.

Ólíkar skýringar á kalda stríðinu

Vestrænum sagnfræðingum sem hafa skrifað um kalda stríðið má skipta í þrjá flokka, hefðarsinna, endurskoðunarmenn og eftir-endurskoðunarmenn.

Hefðarsinnar varpa ábyrgðinni á kalda stríðinu aðallega á Sovétríkin og segja að Bandaríkin hafi fylgt friðsamlegri utanríkisstefnu og stuðlað að alþjóðlegri samvinnu.

Endurskoðunarsinnar halda því fram að Bandaríkin hafi verið umsvifamest allra ríkja á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Þeir telja að Bandaríkjamenn hafi einkum haft áhuga á að efla eigin hag í viðskiptum en Sovétríkin hafi einkum verið að verja sig sjálf.

Síðasttaldi hópurinn, eftir-endurskoðunarsinnar, hefur ekki svona mikinn áhuga á að varpa sök á risaveldin. Þeir leggja áherslu á að það hafi verið erfitt fyrir

Bandaríkin og Sovétríkin að vinna saman á þessum tíma af því að þau bjuggu við svo ólík stjórnmálakerfi og hagkerfi. Þar á ofan voru þau afar tortryggín hvort á annað. Sumir eftir-endurskoðunarmenn telja einnig skipta miklu máli að síðari heimsstyrjöldin myndaði pólitískt tómarúm í Evrópu, og bæði risaveldin vildu fylla það.

Fram um 1965 voru flestir sagnfræðingar í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu hefðarsinnar. Á sjöunda og áttunda áratug aldarinnar komu fram nokkrir endurskoðunarsinnar en eftir það hafa flestir verið eftir-endurskoðunarsinnar, þótt enn í dag megi finna hefðarsinna og endurskoðunarsinna. Sýn sagnfræðinga á kalda stríðið er enn í þróun, enda fáum við smám saman aðgang að áður óþekktum heimildum frá báðum aðilum.

Hér á eftir eru nokkrar tilvitnanir þar sem kalda stríðið er túlkað á ólíkan hátt.

- A** Hvers konar sýn tjá þessar ólíku skýringar? Eru þær hefðarskýringar, endurskoðunarskýringar eða eftir-endurskoðunarskýringar?
- B** Hvernig túlkar þessi námsbók kalda stríðið? Finnst þér hún vera hefðbundin, endurskoðunarsinnuð eða eftir-endurskoðunarsinnuð?
- C** Hvers konar skýringar finnst þér mest sannfærandi? Hvers vegna?
- D** Er hugsanlegt að skýringar af ólíku tagi geti verið jafnréttar?

1. skýring

Stalín og eftirmenn hans og hernaðarbrólt þeirra eiga sök á kalda stríðinu. Ameríkanar gerðu lítið annað en að verja sig. Meðan Sovétmenn héldu fast við draum sinn um að þvinga kommúnisma upp á allan heiminn gátu Vesturveldin ekki gert mikið til að binda enda á deiluna.

2. skýring

Orsök kalda stríðsins var einkum gagnkvæm tortryggni og keppni á milli Trumans, forseta Bandaríkjanna, og Stalíns, leiðtoga Sovétríkjanna.

3. skýring


Markmið Bandaríkjanna á árunum eftir stríð var einkum að halda opnum mörkuðum fyrir framleiðsluvörur sínar. Þess vegna reyndi stjórn Bandaríkjanna að koma á markaðshagkerfi í sem allra flestum löndum, eins og var hjá þeim sjálfum.

4. skýring

Kalda stríðið var afleiðing af slæmri framkomu Stalíns.

5. skýring

Kalda stríðið stafaði af því að Bandaríkin og Sovétríkin höfðu ólíka hagsmuni og áttu þar að auki erfitt með samskipti af því að menning þjóðanna var ólík.



Finnið svar

- 16 Hvað var „járntjaldið“?
- 17 Hvernig kom Bandaríkjunum og Sovétríkjunum saman fyrir síðari heimsstyrjöldina?
- 18 Hvernig kom það til að kommúnistar náðu völdum í Austur-Evrópu?
- 19 Um hvað var Marshall-áætlunin?
- 20 Hvert var innihaldið í Truman-kenningunni?
- 21 Hvenær var Berlínarmúrinn byggður og hvers vegna?
- 22 Hvað er Atlantshafsbandalagið (NATO)?

Umræðuefni

- 23 Hvers vegna haldið þið að leiðtogar Sovétríkjanna hafi viljað að Þýskaland yrði framvegis veikt ríki? Hvaða máli skiptir sagan í því sambandi?
- 24 Á árum kalda stríðsins tóku Bandaríkin sér hlutverk sem „heimslögregla“ og settu sér að hindra að kommúnisminn breiddist út. Hvaða hlutverk hafa Bandaríkin í heiminum núna? Eru þau enn „heimslögregla“?

Viðfangsefni

- 25 Í þessum kafla eru nefndir margir atburðir sem urðu til þess að spilla sambandinu á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á árunum 1945–55.
 - * Sovétmenn komu því til leiðar að kommúnistar náðu völdum í Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu og Búlgaríu.
 - * Kommúnistar frömdu valdarán í Tékkóslóvakíu.
 - * Bandaríkin stofnuðu Marshall-hjálpinu.
 - * Sovétríkin og ríkin í Austur-Evrópu afþökkuðu Marshall-hjálp.

- * Bandaríkin hjálpuðu þeim sem börðust gegn kommúnistum í borgarastyrjöldum í Grikklandi og Tyrklandi.
- * Bandaríkin og mörg lönd Vestur-Evrópu stofnuðu hernaðarbandalagið NATO (Atlantshafsbandalagið).

Þessa atburði má flokka á ólíkan hátt:


- a **Í tímaröð.** Skrifð lista þar sem þið raðið atburðunum í rétta tímaröð. Skrifð ártölin sem segja hvenær þeir gerðust.
 - b **Eftir mikilvægi.** Hverjir atburðanna áttu mestan þátt í að spilla sambandinu milli risaveldanna? Dragið hring um þann eða þá atburði, sem þið haldið að hafi skipt allra mestu máli.
 - c **Eftir ábyrgðaraðila.** Hvort risaveldanna haldið þið að hafi átt mesta sök á hverjum atburði fyrir sig? Merkið með rauðu þá sem þið teljið að Sovétríkin hafi átt sök á en með bláu þá sem þið kennið Bandaríkjunum um.
- 26 Árið 1948 settu Sovétmenn aðflutningsbann á Vestur-Berlín. Finnið meira um þetta á netinu. Leitið eftir orðum eins og loftbrúin til Berlínar, Berlín 1948. Notið þær upplýsingar sem þið finnið til að búa til vefsíðu um lokun Berlínar. Munið að taka fram hvaða heimildir þið notið.
- 27 Ímyndið ykkur að þið séuð blaðamenn árið 1948 og eigið að skrifa stutta fréttagrein um Marshall-hjálpinu. Áður en þið byrjið verðið þið að ákveða hvort þið ætlið að skrifa í blað í Bandaríkjunum, Vestur-Evrópu eða Sovétríkjunum og hverju það breytir um innihald greinarinnar.

Heimildavinna

- 28** Eftir síðari heimsstyrjöld ákvað Bandaríkjastjórn að gefa mörgum Evrópuríkjum háar fjárhæðir í Marshall-hjálp. Þetta kann að hafa verið gert í ólíkum tilgangi.
- a** Lesið tilvitnunina í ræðu Georges Marshall á bls. 22. Hver var tilgangur Marshall-hjálparinnar samkvæmt henni?
 - b** Lesið tilvitnun til Andrejs Vishinskij á sömu blaðsíðu. Hverju hélt hann fram um tilgang hjálparinnar?
 - c** Hver heldur þú að hafi raunverulega verið markmið Bandaríkjastjórnar með því að gefa Vestur-Evrópu þessar háu fjárhæðir?
- 29** Lesið kaflann um Truman-kenninguna á bls. 22.
- a** Truman talar um ólíka lífshætti. Hvað á hann við með því?
 - b** Hvers konar fólki áttu Bandaríkin að hjálpa samkvæmt kenningu Trumans?

Kjarni

- ★ Eftir síðari heimsstyrjöld komu Sovétríkin því til leiðar að kommúnistar náðu völdum í löndum Austur-Evrópu á sama tíma og ríki Vestur-Evrópu tóku á móti Marshall-hjálp frá Bandaríkjunum og skuldbundu sig til að leyfa frjáls viðskipti. Þannig var Evrópu skipt upp á milli risaveldanna.
- ★ Þýskalandi var fyrst skipt í fjögur hernámssvæði, síðan í tvö ríki, Vestur-Þýskaland þar sem lýðræði ríkti og gott samband var við Bandaríkin, og Austur-Þýskaland með kommúnisma og nán tengsl við Sovétríkin.
- ★ Bandaríkin og ríki Vestur-Evrópu mynduðu Atlantshafsbandalagið (NATO). Austur-Evrópa myndaði bandalag sem var nefnt Varsjárbandalagið.



Alheimsdeila



Í fyrstu snerist kalda stríðið mest um samkeppni Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um áhrif í Evrópu. En á fáum árum magnaðist deilan svo að hún breiddist út um allan heim. Mikinn þátt í því átti valdataka kommúnista í Kína.

Kína undir stjórn kommúnista

Í næstum 40 ár hafði ríkt borgara-styrjöld og óreiða í Kína. En árið 1949 tókst kommúnistum undir forystu Maó Zedong að sigra í stríðinu. Þann

1. október 1949 lýstu þeir yfir stofnun alþýðulýðveldisins Kína. Skyndilega fékk heimskortið allt annað útlit.

Kommúnistar voru komnir til valda á svæði sem náði frá Austur-Evrópu og austur í gegnum Asíu.

Í Kína komst á einveldi kommúnista undir stjórn Maós. Þó að samkomulag Kína og Sovétríkjanna væri ekki alltaf sem best stóðu þau nokkurn veginn saman gegn Bandaríkjunum. Eins og risaveldin tóku Kínverjar að skipta sér af deilum í öðrum smærri ríkjum.

Stalín og Maó

Stóru kommúnistalöndin, Sovétríkin og Kína, urðu að einræðisríkjum þar sem sterkur leiðtogi náði næstum öllum völdum. Bæði Stalín í Sovétríkjunum og Maó í Kína voru tillitslausir harðstjórar. Þeir tóku ákvarðanir sem leiddu til þess að milljónir manna týndu lífi, af því að það svalt í hel eða var ofsótt og drepið af yfirvöldum. Engu að síður voru þessir leiðtogar báðir afar vinsælir. Fólk leit upp til þeirra næstum eins og þeir væru guðir.



NÆRMYND




Kalt stríð verður að heitu Kóreustríði

Eftir að Kína var orðið að kommúnistaríki óttuðust Bandaríkjamenn að kommúnisminn mundi breiðast út um enn fleiri Asíulönd. Kórea hafði verið hernumin af Japönnum í síðari heimsstyrjöldinni og eftir stríðið var landinu skipt í tvö hernámssvæði, sovéskt svæði norðan til og bandarískt sunnan


til. Mörkin milli þeirra lágu um 38. breiddarbaug. Norður-Kórea varð að kommúnistaríki en Suður-Kórea að ríki með markaðshagkerfi.

Árið 1950 réðust Norður-Kóreu-menn á Suður-Kóreu. Leiðtogi Norður-Kóreumanna, Kim Il Sung, vildi sameina Kóreu undir stjórn kommúnista. Í fyrstu leit út fyrir að honum mundi takast það því her Norður-Kóreu vann mikla sigra. En vegna kalda stríðsins varð þetta ekki bara borgarastríð Kóreumanna. Risaveldin tóku fljótt að blanda sér í það. Bandaríkjastjórn sendi herlið inn í Suður-Kóreu til að berjast með heimamönnum en Norður-Kóreu-menn fengu stuðning frá Kína og Sovétríkjunum. Stríðið geisaði í þrjú ár og kostaði næstum fjórar milljónir mannlífa. Stórir hlutar af Kóreu voru lagðir í eyði og íbúarnir liðu þjáningar. Loks var samið um vopnahlé og landamærin sett við 38. breiddarbaug á ný. Enginn hafði sigrað. Formlega er Kóreustríðinu ekki lokið enn. Suður-Kórea og Norður-Kórea gerðu með sér vopnahlé árið 1953. Það er enn í gildi en friður hefur ekki verið saminn.

Bandaríkjamenn óttuðust að næðu kommúnistar völdum í einu landi væri mikil hætt á að þeir gerðu það í nálægum löndum. Ef til dæmis Suður-Kórea „félli“ í hendur kommúnistum væri hætt á að Japan „félli“ líka. Menn litu á löndin eins og dómínókubba og því var þessi kenning kölluð dómínókenningin.



Stríðsátök í heiminum 1949–1989



Engin stórstýrjöld en mörg „smástríð“

Kórea var fyrst smárikja til að verða vígvöllur risaveldanna í kalda stríðinu. En hún varð ekki það síðasta. Óttinn við kjarnorkustríð gerði næstum ómögulegt fyrir Bandaríkin og Sovétríkin að ráðast hvort á annað. En hann hindraði þau ekki í að takast á viðs vegar um heiminn þar sem þau gátu stutt hvort sinn stríðsaðila. Þótt þessi stríð væru minni háttar í samanburði við það sem mátti ímynda sér að þriðja heimsstyrjöldin yrði höfðu þau alvarlegar afleiðingar í löndunum þar sem þau voru háð.

Á barmi þriðju heimsstyrjaldar

John F. Kennedy forseti Bandaríkjanna fékk ógnvekjandi frétt 16. október 1962. Myndir sem höfðu verið teknar úr amerískri njósnaflugvél sýndu að verið var að koma sovískum kjarnorkueldflaugum fyrir á eyjunni Kúbu í Karíbahafi, aðeins 20 mílum suður af Bandaríkjunum. Óvinaliðið var skyndilega komið miklu nær en áður.

Ástæða þess að Sovétríkin gátu komið fyrir kjarnorkuvopnum á Kúbu var sú að kommúnistinn Fidel Castro hafði komist til valda þar í byltingu árið 1959. Bandaríkjastjórn

Kúbudeilan er hér sýnd þannig að Nikita Krúsjoff, leiðtogi Sovétríkjanna, (til vinstri) og John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, fara í sjómann. Báðir sitja á atómsprengju (*Hydrogen bomb*) og báðir eru tilbúnir að styðja á hnappinn sem sprengir sprengjuna undir hinum. Myndin sem er eftir Leslie Illingworth birtist í Daily Mail 29. október 1962.



British Cartoon Archive, University of Kent

studdi kúbverska uppreisnarmenn sem ætluðu að steypa veldi Castros en mistókst það. Bandaríkin höfðu líka sett innflutningsbann á vörur frá Kúbu og það varð til þess að Kúba varð gersamlega háð samskiptum við Sovétríkin.

En nú höfðu Sovétmenn byrjað að koma eldflaugum fyrir á Kúbu. Hvað áttu Bandaríkjamenn að gera? Kennedy stóð frammi fyrir erfiðu vali og hann fékk gerólik ráð frá samstarfsmönnum sínum. Sumir vildu að Bandaríkin réðust á Kúbu með kjarnorkuvopnum en Kennedy óttaðist að það gæti komið af stað heimsstyrjöld. Í staðinn valdi hann þann kost að setja *hafnbann* á Kúbu. Hann lét bandarísk herskip umkringja eyjuna til að hindra að vopn eða aðrar vörur yrðu fluttar þangað. Sovétríkin fengu tilkynningu um að hafnbannið yrði haft á þangað til eldflaugarnar yrðu fjarlægðar. Þetta var bara fyrsta skrefið; Bandaríkin bjuggu sig undir að ráðast á Kúbu ef Sovétmenn neituðu að taka eldflaugarnar í burtu.

Í marga daga beið fólk milli vonar og ótta. Hvað mundi gerast? Sovésk skip voru á leiðinni til Kúbu. Hvað

gæti gerst ef þau héldu áfram þangað? Yrðu bandarísku skipin notuð til að ráðast á þau? Mundi deilan koma af stað atómstriði? Bæði Bandaríkin og Sovétríkin bjuggu sig undir að ráðast hvort á annað ef hjá því yrði ekki komist. Margir héldu að NÚ kæmi þriðja heimsstyrjöldin.

Þann 28. október gat heimurinn aftur andað léttar. Nikita Krúsjoff, leiðtogi Sovétríkjanna, lýsti því yfir að Sovétmenn mundu fjarlægja eldflaugarnar en í staðinn yrðu Bandaríkin að lofa að ráðast ekki á Kúbu. Mesta hættan á atómstriði var liðin hjá en það hafði ekki munað miklu. Stjórnmalámennt í báðum ríkjunum höfðu verið skelkaðir og eftir þetta urðu þeir fúsari en áður til að semja. Meðal annars var sett upp beint símasamband á milli Hvíta hússins í Washington og Kreml í Moskvu til að hindra að kjarnorkustríð hæfist vegna misskilnings eða sambandsleysis.

Hafnbann er það kallað þegar aðflutningsleiðum inn í land eða landsvæði er lokað, einkum skipaleiðum.

Hver sigraði? Ólík sjónarmið um Kúbudeiluna

Hér eru þrjár ólíkar heimildir sem túlka hver á sinn hátt endalok Kúbudeilunnar.

- A** Lesið klausuna úr endurminningum Krúsjofs. Þær eru hans eigin frásögn af lífi hans og starfi sem leiðtoga Sovétríkjanna.
- a** Hvaða markmið hafði Sovétstjórnin með því að setja niður eldflaugarnar á Kúbu samkvæmt því sem Krúsjoff segir?
- b** Hvernig metur Krúsjoff málalok Kúbudeilunnar? Hver finnst honum að hafi sigrað?
- c** Heldur þú að Krúsjoff hafi haft einhvern sérstakan tilgang í huga þegar hann skrifaði þetta í endurminningar sínar? Ef svo var, hvaða tilgang?
- d** Hvaða gildi hafa endurminningar Krúsjofs sem heimild um Kúbudeiluna? Er mikilvægt að vita hvernig hann leit á málið?
- e** Margt þekkt fólk hefur skrifað endurminningar sínar. Þær eru oft notaðar sem sagnfræðilegar heimildir. Hvers konar spurningum heldur þú að endurminningar svari einna best og hvers konar spurningum verst?
- B** Lesið klausuna úr bók Arthurs M. Schlesinger um Kennedy forseta á bls. 34. Schlesinger var einn af ráðgjöfum Kennedys.
- a** Hvernig metur Schlesinger lok Kúbudeilunnar? Hver finnst honum að hafi sigrað?
- b** Heldur þú að Schlesinger hafi haft einhvern sérstakan tilgang í huga þegar hann skrifaði þetta í bók sína? Ef svo var, hvaða tilgang?
- c** Hvaða gildi hefur bók Schlesingers sem heimild um Kúbudeiluna?
- C** Skoðaðu skopmyndina á bls. 34.
- a** Hvernig metur teiknarinn lok Kúbudeilunnar? Hver sigraði samkvæmt túlkun hans?
- b** Heldur þú að teiknarinn hafi haft einhvern sérstakan tilgang með því að teikna myndina? Hvað tilgang þá?
- c** Hvaða heimildargildi hefur teikningin um Kúbudeiluna?

1. heimild. Klausu úr endurminningum Krúsjofs

„Ég varð að útskýra þetta hvað eftir annað fyrir fréttamönnum. Þeir sögðu flestir að veldi Bandaríkjanna hefði þvingað Krúsjoff til að draga sig til baka. Kínverjar héldu þessu sama fram. En við verðum að meta vinning á móti tapi. Við fjarlægðum eldflaugarnar í staðinn fyrir loforð Bandaríkjanna um að ráðast ekki á Kúbu. Markmið bandarísku árásaflanna var að eyðileggja Kúbu. Markmið okkar var að varðveita Kúbu. Í dag er Kúba til. Hver var það þá sem sigraði? Það kostaði okkur ekki meira en kostnaðirinn við að flytja eldflaugarnar til Kúbu og til baka. Bandaríkjamenn sigruðu auðvitað líka. Þeir einu sem töpuðu voru árásaröflin. Ég er stoltur yfir að við vorum ekki hræddir, sýndum staðfestu og framsýni og komum í veg fyrir að bandarísku heimsvaldasinnarnir gætu ráðist á Kúbu aftur.“

Grimmdarverkin í Víetnamstríðinu fengu milljónir Bandaríkjamanna til að mótmæla stríðinu. Það vakti líka upp mótmæli í mörgum öðrum vest-rænum löndum og olli vaxandi andúð á Bandaríkjunum.

2. heimild. Klausa úr bókinni A Thousand Days. John F. Kennedy in the White House eftir Arthur M. Schlesinger

„Það var blandan af dirfsku og varkárni í Kennedy forseta, af viljastyrk og kænsku, sem fyllti veröldina af aðdáun. [...] Þessir 13 dagar sem deilan stóð fengu veröldina – líka Sovétríkin – til að skilja festu Bandaríkjanna samfara hófsemi í valdbeitingu.“

3. heimild. Skopteikning úr blaðinu The Los Angeles Herald-Examiner 29. október 1962. Teiknari Karl Hubenthal



Víetnamstríðið – ósigur Bandaríkjanna

Líkt og Kórea skiptist Víetnam í kommúnistaríki norðan til og markaðsríki sunnan til. Í suðurhlutanum var líka nokkuð um kommúnista og þeir gerðu uppreisn gegn stjórninni árið 1959. Uppreisnarmenn fengu stuðning frá Norður-Víetnam og útlit var fyrir að allt Víetnam kæmist á vald kommúnista. En það vildu Bandaríkjamenn ekki.

Stjórn Suður-Víetnam fékk fjárstuðning frá Bandaríkjunum. Þangað voru líka sendir hernaðarráðgjafar. Samt gekk kommúnistum betur í stríðinu. Lyndon B. Johnson, sem varð forseti Bandaríkjanna árið 1963, ákvað að gera sprengjuárásir á Norður-Víetnam. Árið 1964 sendu Bandaríkin líka hermenn til Víetnam. Þegar mest var bardist þar hálf milljón amerískra hermanna. Samt tókst þeim ekki að sigra kommúnista. Því fleiri sprengjum sem Bandaríkjamenn köstuðu, því meiri





Myndir eins og þessi áttu mikinn þátt í að fólki í Bandaríkjunum tók að andmæla stríðinu í Víetnam.

stuðning fengu kommúnistar meðal almennings í Víetnam. Þeir fengu líka vopn og vörur frá Sovétríkjunum.


Víetnamstríðið var fyrsta styrjöldin sem var sýnd beint í sjónvarpi. Í Bandaríkjunum gat fólk setið heima í stofu og horft á grimmdarverk stríðsins. Fréttamenn komu upp um það að bandarískir hermenn réðust á varnarlausan almenning. Meðal annars dreifðu þeir eitrefninu *napalmi* yfir heilu þorpin, en það er efni sem brenndi sig fast á húð fólks, fullorðinna og barna. Annað eitrefni var notað til að eyða laufi á trjám til þess að víetnamskir hermenn ættu erfiðara með að leynast.

Líka kom það illa við fólk í Bandaríkjunum að margir bandarískir hermenn féllu. Þar tóku margir að mótmæla stríðinu því að fólki fannst það tilgangslaust.

Andstaðan gegn stríðinu óx í Bandaríkjunum eftir því sem árin liðu og á

árinu 1973 byrjuðu Bandaríkjamenn að draga sig út úr því. Þeir höfðu séð að það yrði óhemjuefitt að sigra. Tveimur árum síðar náðu kommúnistar öllu Víetnam á sitt vald. Samtals misstu Bandaríkjamenn um 58.000 hermenn þar. Ekki er vitað hve margir Vietnamar féllu en flestir telja að þeir hafi verið um fimm milljónir og af þeim hafi þrjár milljónir ekki verið hermenn.

Napalm er efnavopn. Það er kvoða sem brennir sig fasta við húðina og getur brennt fólk til bana.



Finnið svar

- 30 Hvenær náðu kommúnistar völdum í Kína?
- 31 Hver urðu úrslit Kóreustríðsins?
- 32 Hvernig var dómínókenningin?
- 33 Af hverju spratt Kúbudeilan?
- 34 Af hverju stafaði andstaðan gegn Víetnamstríðinu í Bandaríkjunum?

Umræðuefni

- 35 Bæði Stalín og Maó urðu mjög vinsælir í heimalöndum sínum þótt þeir væru tillitslausir harðstjórar. Hvernig gat það gerst?

Viðfangsefni

- 36 Finnið meiri vitneskju um Maó Zedong og hvernig hann stjórnaði Kína. Búið til veggblað eða vefsíðu þar sem þið leggið ykkur fram um að láta birtast jákvæðar og neikvæðar hliðar á stjórn hans. Gætið þess að fram komi fróðleikur um „stóra stökkið áfram“ og um „menningarbyltinguna“.
- 37 Í Víetnamstríðinu féllu um 58.000 Bandaríkjamenn og um 5.000.000 Víetnamar. Hvað dóu margir Víetnamar á hvern Bandaríkjamann? Búið til myndrit sem sýnir hlutfallið á milli mannfalls þjóðanna.

- 38 Skoðið landakortið á bls. 31. Veljið eina deilu sem er sagt frá þar og notið bókasafnið eða netið til að finna meiri fróðleik um hana. Skrifðið svo grein um deiluna þar sem þið gerið grein fyrir hvað gerðist, hverjar voru orsakir og afleiðingar ófriðarins. Munið að taka fram hvaða heimildir þið notið.

Heimildavinna

- 39 Ljósmyndin á bls. 35 er mjög fræg og vakti mikla athygli þegar hún birtist í bandarískum blöðum. Sumir telja að þessi mynd hafi bundið enda á stríðið af því að hún hafi fengið svo margt fólk í Bandaríkjunum til að taka þátt í mótmælum gegn því. Mótmælin urðu til þess að bandarískir stjórnálamenn hættu að styðja hernaðinn í Víetnam.
 - a Hvað hugsið þið þegar þið horfið á þessa mynd?
 - b Hvers vegna haldið þið að þessi mynd hafi haft svona mikil áhrif á fólk í Bandaríkjunum?
 - c Trúið þið að ein ljósmynd geti stöðvað stríð?

Kjarni

- * Kalda stríðið varð alheimsdeila þar sem risaveldin blönduðu sér inn í staðbundin átök í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku.
- * Í Kína náðu kommúnistar völdum árið 1949. Bandaríkjastjórn vildi hindra að kommúnisminn breiddist út yfir Asíu. Þess vegna blönduðu Bandaríkjamenn sér í Kóreustríðið og Víetnamstríðið.
- * Að síðustu urðu Bandaríkjamenn að draga her sinn út úr Víetnam af því að mikill hluti af almenningi í landinu snerist gegn stríðinu.
- * Veröldin stóð á barmi atómstríðs í Kúbudeilunni 1962, þegar Sovétmenn höfðu byrjað að flytja kjarnorkueldflaugar til Kúbu.



Endalok kalda stríðsins



Árið 1989 gátu Berlínarbúar loks farið að rífa niður múrinn sem hafði skipt borginni og landinu þeirra í tvo strangt aðskilda hluta um áratugi. Tveimur árum síðar voru Sovétríkin leyst upp. Annar helsti aðilinn að kalda stríðinu var ekki til lengur. Hvað hafði eiginlega gerst?

Kreppa í Sovétríkjunum

Bæði Bandaríkin og Sovétríkin eyddu óhemjumiklu fé í vopnakauphlaupið og geimferðakauphlaupið á árum kalda stríðsins. Þegar til lengdar lét varð þetta of dýrt fyrir Sovétríkin sem voru ekki nærri eins ríkt land og Bandaríkin.

Áherslan á herinn og geimferðirnar leiddi til þess að Sovétmenn skorti efni til að mæta hversdagslegri þörfum.

Rússneskur almenningur fann stöðugt fyrir skorti á neysluvörum. Fólk stóð í endalausum biðröðum til að kaupa mat og fatnað. Á áttunda og níunda áratug aldarinnar varð ástandið sífellt verra. Það ríkti siðferðileg kreppa. Flest fólk hafði misst trúna á kommúnismann, vinnusemi var lítill og margir áttu í miklum vandræðum með drykkjuskap. Heilsugæslu fór aftur, meðalaldur lækkaði og ungbarnadauði jókst. Á sama tíma lifðu leiðtogar Kommúnistaflokksins munaðarlífi og neituðu að horfast í augu við vandamálin. Þegar hagtölur sýndu að ástandið var slæmt lögðu þeir hagstofuna niður í staðinn fyrir að reyna að leysa vandann.

Tómar verslunarhillur
urðu smám saman
algengari sjón í
Sovétríkjunum.



Júrí Gagarín er að leggja upp í geimferð sína. Áður en hann fer að heiman skrifar hann á bréfmiða til konu sinnar: „Kæra Natasja, ég á að fara út í geiminn, kem aftur á mánudaginn.“ Þegar Gagarín kemur heim finnur hann bréfmiða frá konu sinni: „Kæri Júrí, ég þarf að fara í búðina og standa í biðröð til að kaupa brauð, hef ekki hugmynd um hvenær ég kem.“

Mikhail Gorbatsjov (f. 1931) var leiðtogi Sovétríkjanna frá 1985 og til endaloka þeirra 1991. Hann varð afar vinsæll á Vesturlöndum af því að hann stuðlaði að lokum kalda stríðsins og leyfði lýðræðisþróun í Austur-Evrópu. Árið 1990 fékk hann friðarverðlaun Nóbels. En hann varð ekki vinsæll í heimalandi sínu af því að efnahagsumbætur sem hann kom á komu að litlu gagni og líf skjör almennings jafnvel versnuðu.



Gorbatsjov kemur með glasnost

Árið 1985 varð Gorbatsjov leiðtogi Sovétríkjanna. Hann tók nýja stefnu sem átti eftir að hafa miklar afleiðingar. Þekktasta kjörorð hans var „glasnost“ sem merkir „hreinskilni“. Gagnstætt fyrri leiðtogum vildi hann gera vanda-mál landsins kunn og reyna að takast á við þau. Glasnost merkti allt í senn að hafa leyfi til að tjá skoðanir sínar um málefni innan Sovétríkjanna og að ræða deilumál og ná sáttum við Bandaríkin.

Gorbatsjov sá að Sovétríkin höfðu ekki efni á að halda vígbúnaðarkapphlaupinu áfram og hann hafði forustu um fundi með Ronald Reagan Bandaríkjaforseta til að ræða um *afvopnun*. Árið 1987 undirrituðu þeir sögulegan samning um að Bandaríkin og Sovétríkin legðu niður allar meðaldrægar eldflaugar á landi. Nú var vopna-kapphlaupinu lokið og kalda stríðið leið undir lok. Gorbatsjov kallaði líka Sovétherinn heim frá Afganistan og það átti mikinn þátt í að auka vinsældir hans á Vesturlöndum.

Heima fyrir gekk ekki eins vel hjá Gorbatsjov. Hann vildi endurskipu-leggja bæði stjórnkerfið og hagkerfið í Sovétríkjunum en umbæturnar gengu ekki eins vel og hann hafði vonað. Efnahagslífið varð ennþá bágara en fyrr. Í verslunum urðu tómar hillur sífellt algengari og óánægja fólks magnaðist. Í stjórnmálum vonaðist hann til að geta blásið nýju lífi í kommúnismann með því að opna fyrir sam-ræður og auka lýðræði. En fólk sneri bara baki við kommúnismanum og vildi heldur lýðræði og markaðshagkerfi eins og á Vesturlöndum.

Afvopnun er andstæða vígbúnaðar, að losa sig við vopn í stað þess að fjölga þeim.



Tveir félagar stóðu í endalausri biðröð eftir að kaupa kjöt í Moskvu. Eftir langan tíma segir annar þeirra: „Nei, þessu nenni ég ekki lengur. Nú fer ég og skýt Gorbatsjov!“ Hann fór en kom fljótlega til baka. „Nú, hvernig gekk þetta?“ spurði hinn. „Vonlaust. Það var ennþá lengri biðröð þar.“

Kommúnistar missa völdin í Austur-Evrópu

Á níunda áratug aldarinnar varð sífellt fleira fólk í Austur-Evrópu óánægt með kommúnismann. Í Póllandi gengu margar milljónir verkamanna í verkalyðssamtökin Samstöðu sem voru stofnuð árið 1980 og kröfðust pólitískra umbóta. Kommúnistastjórnin reyndi að



Leiðtogar Bandaríkjanna og Sovétríkanna, Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjov héldu fund í Reykjavík haustið 1986 til að ræða afvopnun. Þeir komust ekki að niðurstöðu þar en fundurinn var áfangi á leið þeirra að samkomulagi.

stöðva þessa hreyfingu, meðal annars með því að fangelsa leiðtoga þeirra, Lech Walesa. En mikill hluti almennings stóð með Samstöðu og loksins neyddist stjórnin til að leyfa frjálsar kosningar til þjóðþingsins í júní 1989. Samstaða sigraði í kosningunum og flokkur kommúnista hrökklaðist frá völdum.

Lech Walesa (f. 1943) var rafvirki og varð leiðtogi verkalyðssamtakanna Samstöðu sem barðist fyrir lýðræði í Póllandi. Árið 1983 fékk hann friðarverðlaun Nóbels fyrir að stýra friðsamlegri baráttu gegn kommúnistastjórninni í landinu. Árið 1990 varð Walesa fyrsti forseti landsins sem var kosinn í frjálsum kosningum.





Eftir að kommúnistar misstu völdin í Póllandi gerðist það sama í hverju landinu af öðru. Áður en árið var á enda voru allar kommúnistastjórnir Varsjárbandalagsríkjanna í Austur-Evrópu horfnar nema í Sovétríkjunum. Mikilvæg orsök þess að þetta gat gerst var stefna Gorbatsjovs. Hann hafði sagt skýrt að óvinsælar ríkisstjórnir gætu ekki lengur treyst á hjálp Sovétríkjanna ef almenningur risi gegn þeim. Þá þorði fólk loks að heimta lýðræði. Í flestum löndum gengu umskiptin frá einveldi kommúnista til lýðræðis friðsamlega en ekki alls staðar. Í Rúmeníu hélt kommúnistaforinginn Nicolae Ceausescu dauðahaldi í völdin og lét hermenn skjóta á fólk sem fór í mótmælagöngur. Margir féllu áður en Ceausescu var hrakinn frá völdum og tekinn af lífi.

Hvenær lauk kalda stríðinu?


Í desember 1989 hittust forseti Bandaríkjanna, George Bush og leiðtogi Sovétríkjanna, Michail Gorbatsjov á eyjunni Möltu. Þá var sambúð risaveldanna orðin svo miklu betri en áður að þeir lýstu því yfir að kalda stríðinu væri lokið. En einnig er hægt að benda á aðra mikilvæga atburði og segja að þeir hafi bundið enda á kalda stríðið. Þegar hlið Berlínarmúrsins voru opnuð og fólk að austan og vestan byrjaði að rífa múrinn niður, í nóvember 1989, fannst mörgum að þar með væri kalda stríðið á enda og járnþjaldið fallið. Loks var það tvímælalaust merki um að kalda stríðinu væri lokið þegar Sovétríkin leystust upp árið 1991. Eftir það voru ekki lengur til tvö risaveldi heldur aðeins eitt, Bandaríki Norður-Ameríku.

Sovétríkin leysast upp

Um leið og hvert landið af öðru í Austur-Evrópu losaði sig við kommúnistastjórnir byrjaði fólk í Sovétríkjunum líka að mótmæla kommúnismanum og ofurveldi Rússa. Í Sovétríkjunum voru 15 sovétlýðveldi, þar sem Rússland var stærst. Í orði kveðnu höfðu öll sovétlýðveldi eigin stjórn í innanlandsmálum en í raun var þeim að miklu leyti stjórnað frá Moskvu. Í mörgum sovétlýðveldum fór fólk nú að krefjast sjálfstjórnar. Gorbatsjov tókst ekki að hindra þessa þróun og öll 15 lýðveldin urðu sjálfstæð ríki. Í Rússlandi varð Boris Jeltsin forseti.



Boris Jeltsín (1931–2007) varð forseti Rússlands þegar Sovétríkin leystust upp og var við völd til 1999. Í forsetatíð hans var lýðræði og markaðshagkerfi innleitt í Rússlandi. Það gekk ekki vandræðalaust og landið gekk í gegnum margra ára efnahagskreppu.



Vladimir Putín (f. 1952) tók við forsetaembætti af Jeltsín árið 1999. Í valdatíð hans varð efnahagskerfi Rússlands stöðugra en á tíma Jeltsíns og landið fór að koma fram sem stórveldi á ný. Putín varð afar vinsæll í heimalandi sínu en á Vesturlöndum óttuðust margir að hann mundi draga úr lýðræði í landinu.

Sameining Þýskalands

Árið 1989 var líka þýsna sérstakt í Þýskalandi. Í Austur-Þýskalandi tóku sífellt fleiri þátt í mótmælum gegn kommúnistastjórninni. Á sama tíma flúði fólk í þúsundtali til Vestur-Þýskalands í gegnum Ungverjaland sem hafði nú opnað landamæri sín til Vesturlanda. Loks urðu þýskir kommúnistar að fallast á að opna landamærin til Vestur-Þýskalands. Í nóvember voru hliðin á Berlínarmúrnum opnuð. Mikill fólksfjöldi safnaðist saman við múrinn og byrjaði að rífa hann niður. Fólk klifraði upp á múrinn, bæði frá austri og vestri, og faðmaðist. Þetta varð að meiriháttar almenningshátíð.

Árið 1990 voru í fyrsta skipti haldnar frjálsar kosningar í Austur-Þýskalandi og stjórn kommúnista varð að láta af völdum. Ný ríkisstjórn samdi við stjórn Vestur-Þýskalands um að sameina ríkin í eitt þýskt ríki. Það varð að veruleika í október 1990.

Árið 1989 var Berlínarmúrinn rifinn niður og fólk frá Austur- og Vestur-Þýskalandi gat loksins hitt hvert annað hindrunarlaust.

Samningur um sameinað Þýskaland 12. september 1990.

1. grein

Sameinað Þýskaland nær yfir landsvæðin Sambandslýðveldið Þýskaland, Þýska alþýðulýðveldið og Berlín alla. [...] Viðurkenning á endanlegum landamærum sameinaðs Þýskalands er mikilvægur hluti af friðsamlegu skipulagi í Evrópu. [...]

3. grein

Ríkisstjórnir Sambandslýðveldisins Þýskalands og Þýska alþýðulýðveldisins staðfesta að þær framleiða ekki, eiga ekki og láta ekki öðrum í té ABC-vopn. Þær lýsa því jafnframt yfir að sameinað Þýskaland mun halda sig við þessa skuldbindingu. [...]

ABC-vopn er sameiginlegt heiti yfir atómvopn, sýklavopn (bíólógísk vopn) og efnavopn (chemical-weapon).




Orsakir að falli Sovétríkjanna

Hér á eftir eru taldar upp nokkrar orsakir þess að Sovétríkin leystust upp. Þær má flokka á ólíkan hátt:

- A** Skiptið orsökunum í tvo flokka, innri orsakir (sem snúast um aðstæður innan Sovétríkjanna) og ytri orsakir (um aðstæður utan Sovétríkjanna). Hvort haldið þið að innri eða ytri orsakir hafi skipt meira máli þegar Sovétríkin féllu árið 1991?
- B** Flokkið orsakirnar í djúpstæðar (langvarandi) orsakir og yfirborðslegar, skammvinnar orsakir. Hver haldið þið að hafi verið mikilvægasta skammvinna orsökina?
- C** Skrifid blaðagrein þar sem þið útskýrið fall Sovétríkjanna. Veljið sjálf fyrirsögn hennar.

- * Vígébúnaðarkapphlaupið og geimferðakapphlaupið kostuðu meira en Sovétríkin höfðu efni á til lengdar.
- * Stjórn Sovétríkjanna flutti mikil verðmæti frá Rússlandi til annarra sovétlýðvelda til að koma í veg fyrir að þau slitu sig út úr Sovétríkjunum.
- * Í sumum sovétlýðveldum, til dæmis í Litháen, fór fólk að heimta sjálfstæði.
- * Á Vesturlöndum var sífellt þrýst á Sovétríkin að koma á lýðræði og virða mannréttindi.
- * Áætlunarbúskapur kommúnista, þar sem ríkið stjórnaði öllu, var ekki skilvirkur og leiddi til þess að hagvöxtur var miklu minni í Sovétríkjunum en í Bandaríkjunum.
- * Kalda stríðið olli því að Sovétríkin versluðu lítið við Vesturlönd. Þess vegna komust þau ekki yfir nýjustu tækni til dæmis tölvutækni af fullkomnustu gerð.
- * Bandaríkjamenn byrjuðu nýjan og umfangsmikinn vígbúnað þegar Ronald Reagan var forseti.
- * Eftir að Gorbatsjov komst til valda fékk fólk að vita meira en áður um raunverulegt ástand mála í landinu og því leyfðist að gagnrýna stjórnkerfið.
- * Í Sovétríkjunum drakk of margt fólk of mikið áfengi og það vann of lítið.
- * Þegar Gorbatsjov hætti að styðja kommúnistastjórnir í öðrum löndum Austur-Evrópu féllu þær hver af annarri. Þessi þróun smitaðist yfir til Sovétríkjanna og þar fór fólk líka að vilja losa sig við stjórn kommúnista.



Finnið svar

- 40 Hvaða vandamál bjó fólk einkum við í Sovétríkjunum á áttunda og níunda tug 20. aldar?
- 41 Hvað þýðir *glasnost*?
- 42 Hver var Lech Walesa?
- 43 Hvers vegna misstu kommúnistar völdin í svona mörgum löndum á árinu 1989?
- 44 Hver var Boris Jeltsín?

Umræðuefni

- 45 Ríkisstjórnir Frakklands og Bretlands voru tregar til að fallast á að ríki Þýskalands sameinuðust árið 1990. Hvers vegna haldið þið að það hafi verið? Getur verið að sagan hafi haft áhrif á afstöðu þeirra?

Viðfangsefni

- 46 Hugsið ykkur að þið væruð í frí í Berlín í nóvember 1989 og yrðuð vitni að því þegar Berlínarmúrinn féll. Skrifid bréf heim og segið frá því sem þið upplifðuð.
- 47 Veljið eitt fyrrverandi sovétlýðveldi (þið finnið þau á korti á bls. 40). Safnið ykkur meiri fróðleik um þetta land og búið til veggblað eða vefsíðu þar sem þið segið í stuttu máli sögu landsins eftir 1991.
- 48 Takið viðtal við einhvern sem lifði á árum kalda stríðsins, gjarnan einhvern í fjölskyldu ykkar. Þið getið notað tímaásinn hér á eftir og spurt hvaða atburði viðmælandi ykkar muni og hvernig lok kalda stríðsins orkuðu á hann eða hana.

Heimildavinna

- 49 Lesið skýtluna um Júrí Gagarín og konu hans á bls. 38. Hver er merkingin í henni?
- 50 Lesið skýtluna um Gorbatsjov á bls. 39. Þessa sögu sagði Gorbatsjov sjálfur í viðtali í amerísku sjónvarpi. Hvað segir það um hann sem leiðtoga Sovétríkjanna?
- 51 Lesið útdráttinn úr samningnum um sameiningu Þýskalands á bls. 42.
 - a Hvert er innihaldið í 3. greininni?
 - b Hvers vegna haldið þið að ríkisstjórnir landanna hafi sett þetta ákvæði inn í samninginn?
- 52 Við austanvert Eystrasalt voru þrjú Sovétlýðveldi, Eistland, Lettland og Litháen, oft kölluð Eystrasaltslönd. Þau höfðu verið sjálfstæð á árunum milli heimsstyrjalda og meirihluti íbúanna vildi endurheimta sjálfstæðið. Því sögðu þau sig úr Sovétríkjunum og lýstu yfir sjálfstæði áður en Sovétríkin leystust upp. Íslendingar brugðust nokkuð sérkennilega við þessu.
 - a Finnið út hvernig þeir gerðu það. Leitið í bókum og látið nafnaskrá vísa ykkur á rétta staði í þeim:
 - * *Öldin okkar. Minnisverð tíðindi 1991–1995.*
 - * *Ísland í aldanna rás 1976–2000* eða
 - * *Ísland í aldanna rás 1900–2000*
 - * *Ísland á 20. öld* eftir Helga Skúla Kjartansson.
 - Líka má leita að Eystrasaltslöndum á netinu, til dæmis á ensku að Baltic states, Estonia, Latvia, Lithuania.
 - b Dettur ykkur í hug skýring á því hvernig Íslendingar tóku sjálfstæðiskröfum Eystrasaltspjóða?

Kjarni

- * Þegar til lengdar lét varð vígbúnaðarkapphlaupið of dýrt fyrir Sovétrikin, svo að það kom upp efnahagskreppa í landinu.
- * Gorbatsjov kom á lýðræðisumbótum í Sovétríkjunum og samdi um afvopnun við Bandaríkin. Hann hætti stuðningi við kommúnistastjórnir í öðrum

ríkjum Austur-Evrópu og þær urðu allar að afsala sér völdum í hendur lýðræðisstjórna á árinu 1989.

- * Austur- og Vestur-Þýskaland voru sameinuð í eitt lýðræðisríki 1990. Árið 1991 leystust Sovétrikin upp, einstök sovétlýðveldi urðu sjálfstæð ríki og kalda stríðinu var örugglega lokið.







Smáþjóð í hörðum heimi

Ólíkt flestum Evrópuþjóðum bjuggu Íslendingar við góð kjör á árum síðari heimsstyrjaldar. Þá settu þeir sér það mark að koma á velferðarríki eins og þau gerðust best á Norðurlöndum. Eftir stríðið versnuðu lífskjörin því að atvinna minnkaði eftir að herlið Bandaríkjamanna fór. Þó var stefnunni á velferðarsamfélag haldið og smám saman komust Íslendingar í hóp þeirra þjóða heims sem búa við best lífskjör.

Markmið

- * Rekja upphaf og þróun velferðarkerfis og auðlegðarþróunar á Íslandi á tímabili bókarinnar. Greina jafnframt frá meginatriðum í gerð og þróun stjórnmálaflokka.
- * Setja Íslandssöguna í samhengi við þá veraldarsögu sem er sögð í öðrum köflum bókarinnar.

Íslenska velferðarríkið

Velferðarsamfélag er það kallað þegar hið opinbera stjórnkerfi, ríkið eða sveitarfélög, sér um að enginn líði skort, hve illa sem hann er hæfur til að vinna fyrir sér. Stærsta skrefið í átt til velferðarsamfélags á Íslandi var stigið með lögum um almannatryggingar sem voru sett árið 1946 og gengu í gildi í ársbyrjun árið eftir.

Velferðarhugmyndin er gömul

Sjálfsgætt er manninum eðlislægt að hafa samúð með öðru fólki og hjálpa þeim sem geta ekki bjargast sjálfir. Þess vegna hafa einhvers konar hugmyndir í ætt við velferð verið til svo lengi sem maðurinn hefur verið til með nokkurn veginn sama eðli og við. Það er margfalt lengra til baka í tíma en við getum rakið. Á fyrstu öldum Íslandsbyggðar mátti blásnautt fólk flakka á milli bæja í heimasveit sinni og fá eina eða tvær

Þessi mynd var tekin árið 1951, löngu fyrir tíma skólamáltíða, og börnin í Laugarnesskóla í Reykjavík borða nestið sitt inni í skólastofu.



máltíðir á hverjum. Fyrir meira en 900 árum voru sett lög um tíund á Íslandi og gekk fjórðungur hennar til fátækra. En á 20. öld hafa samfélög Vesturlanda orðið miklu auðugri en nokkru sinni fyrr og það varð til þess að hjálp við þurfandi fólk varð margfalt umfangsmeiri en áður.

Heilbrigðiskerfi og skólakerfi

Á tímabilinu frá því á síðari hluta 18. aldar og fram á fyrri hluta 20. aldar var byggt upp opinbert heilbrigðiskerfi á Íslandi. Það byrjaði með einu læknisembætti, landlækni, árið 1760, bætti við skipulögðu kerfi héraðslækna á 18. og 19. öld og sjúkrahúsum af ólíkum stærðum og gerðum á 19. og 20. öld. Að mestu leyti var þetta kerfi rekið af ríkinu og veitti ýmist ókeypis þjónustu eða langt undir kostnaðarverði.

Ókeypis skólakerfi fyrir almenning kom hins vegar ekki til fyrr en á 20. öld. En með nýjum fræðslulögum 1907 var ákveðið að öll barnafræðsla skyldi vera ókeypis. Kennsla í menntaskóla og flestum sérskólum var líka ókeypis fyrir nemendur og foreldra þeirra en vist í skóla gat kostað talsvert þá sem bjuggu ekki á skólastað. Fram yfir síðari heimsstyrjöld luku sárafaír framhaldsskólanámi. Um 1950 voru rúmlega þrjú þúsund nemendur í skólum á 16–19 ára aldri, um þriðjungur þeirra sem voru á þessu aldursbili. Flestir þeirra voru í iðnnámi, um 1.200, en meirihluti þess var vinna undir stjórn meistara í iðngrein fremur en skólaganga. Menntaskólar voru þá aðeins tveir, í Reykjavík og á Akureyri, auk þess sem Verslunarskólinn í

Reykjavík útskrifaði nokkra stúdenta. Nemendur þessara skóla voru um 800 og stúdentar í mesta lagi um 200 á ári. Þriðji stærsti framhaldsskólahópurinn var í húsmæðraskólum, um 500.


Á næstu áratugum breyttist þetta hratt. Árið 1974 var leitt í lög að skólaskylda næði framvegis til 16 ára aldurs ekki síðar en frá árinu 1984. Um sama leyti var byrjað að stofna fjölbrautaskóla, sá fyrsti var Fjölbrautaskólinn í Breiðholti í Reykjavík. Síðan hafa sprottið upp framhaldsskólar í öllum stærri bæjum landsins og í flestum sýslum. Mikill meirihluti ungmenna stundar nú skólanám til tvítugsaldurs.

Kannið velferðarþjónustuna í umhverfi ykkar

Skiptið ykkur í hópa og takið fyrir eina gerð velferðarþjónustu hver hópur. Leitið til fullorðna fólksins á heimili ykkar að hjálpa ykkur eftir þörfum.

- A** Hvaða aðgang hafið þið að heilsugæslu? Hvar er næsta heilsugæslustöð eða lækniþjónusta sem þið eigið rétt á sem samfélagsþegnar?
- B** Hvaða framhaldsskólar eru í grennd við ykkur og hvaða námsleiðir eru í boði þar?
- C** Hvað eigið þið að gera ef þið haldið að þið eigið rétt á tryggingum af því tagi sem almannatryggingalögin frá 1946 fjalla um?

Börn í Barnaskólanum á Akranesi fá ljósabað til að auka vítamínsforða þeirra og draga þannig úr hættu á veikindum. Myndin er tekin á sjötta áratug 20. aldar.



Velferðarkerfið tók við mörgum skyldum sem höfðu hvílt á heimilunum. Áður átti gamalt fólk venjulega heima „í horninu“ hjá börnum sínum eða öðrum skyldmennum. Nú varð algengara að gamalt fólk byggi á vistheimilum. Myndin sýnir íbúa á vistheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði á fimmta áratug 20. aldar



Almannatryggingar

Svokallaðar alþýðutryggingar voru leiddar í lög á Íslandi fyrir síðari heimsstyrjöld, árið 1936. Með þeim var fólk tryggt gegn slysum, sjúkdómum og örorku, þar á meðal vegna elli. En fjárhæðirnar voru lágar og reglurnar um fjáröflun til að standa undir tryggingunum voru flóknar. Þessi lög voru samin og flutt á Alþingi af ríkisstjórn framsóknarmanna og alþýðuflokksmanna sem kallaði sig stjórn hinna vinnandi stétta. Tryggingar voru jafnan mikið áhugamál jafnaðarmanna.

Þegar Alþýðuflokkurinn tók aftur þátt í ríkisstjórn, árið 1944, setti hann það skilyrði að stjórnin gengist fyrir stofnun tryggingakerfis sem jafnaðist á við það sem var best í öðum löndum, einkum á Norðurlöndum, þar sem jafnaðarmenn höfðu verið í ríkisstjórnunum á árunum milli heimsstyrjalda. Ríkisstjórnin sem þá sat að völdum var kölluð nýsköpunarstjórn af því að hún setti sér að koma á nýsköpun í íslensku atvinnulífi eftir

stríðið. Með alþýðuflokksmönnum sátu í stjórninni fulltrúar sósíalista og sjálfstæðismanna og féllust þeir á að styðja málið. Þessir flokkar sem þarna tóku höndum saman voru undir venjulegum kringumstæðum höfuðandstæðingar í stjórnámálum. Með samkomulagi þeirra skapaðist þannig breið pólitísk samstaða um að Ísland ætti að vera velferðarríki. Sú samstaða hefur ríkt í aðalatriðum síðan.

Í lögnum um almannatryggingar voru svipuð ákvæði og í alþýðutryggingunum áður um framfærslubætur til þeirra sem væru ófærir til vinnu vegna slysa, sjúkdóma, örorku og elli, upphæðirnar bara miklu hærri. Þá var bætt við bótum til foreldra sem höfðu þrjú eða fleiri börn á framfæri sínu. En í almannatryggingunum 1946 var tekin upp sú nýjung sem meginregla að allir sem væru í þeirri stöðu að eiga rétt á bótum fengu þær án tillits til efna-hags. Einnig urðu bætur marfalt hærri. Útgjöld ríkisins vegna þessa málaflokks fjórfölduðust við breytinguna.

Atvinnuleysisbætur

Engar atvinnuleysisbætur voru greiddar þegar þetta var. Þeir sem urðu bjargarlausir vegna langvarandi atvinnuleysis urðu að sækja um sveitarstyrk og það var ekki vinsælt. Ef atvinnuleysi var mikið og langvarandi stofnuðu sveitarfélög stundum til atvinnubótavinnu eins og nefnt er í námsbókinni *Styrjaldir og kreppa*. Í alþýðutryggingarlögunum 1936 var gert ráð fyrir að einstök verkalýðsfélög stofnuðu atvinnuleysistryggingasjóði en ekkert þeirra lagði út í það vegna kostnaðar. Í almannatryggingarlögunum 1946 voru hins vegar engar atvinnuleysisbætur. En löngu verkfalli verkamanna á Reykjavíkursvæðinu árið 1955 lauk með samningum sem ríkisstjórnin liðkaði fyrir með því að lofa að leggja fram fé í atvinnuleysistryggingasjóð. Hann var stofnaður árið eftir. Síðan hefur fólk jafnan átt vísar bætur ef það fékk ekki atvinnu.



Í verkföllum er stundum gripið til þess að hindra með ofbeldi, eða með því að hóta ofbeldi, að menn vinni í stað verkfallsmanna og brjóti þannig verkfallið. Að hindra það er kallað verkfallsvarsla. Hér eru félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík við verkfallsvörslu árið 1955.

1950	Skó- miði	Nr. 12	1950	Skó- miði	Nr. 11	1950	Skó- miði	Nr. 10
1950	Skó- miði	Nr. 9	1950	Skó- miði	Nr. 8	1950	Skó- miði	Nr. 7
1950	Skó- miði	Nr. 6	1950	Skó- miði	Nr. 5	1950	Skó- miði	Nr. 4
1950	Skó- miði	Nr. 3	1950	Skó- miði	Nr. 2	1950	Skó- miði	Nr. 1
Eitt par SOKKAR Nr. 1 — 1950			Eitt par SOKKAR Nr. 2 — 1950					

Haftatímabilið

Vandamál Íslendinga á sjötta áratug aldarinnar var einkum skortur á erlendum gjaldeyri til að greiða fyrir innfluttar vörur. Því var gripið til margs konar ráðstafana til að spara innflutning og stuðla að því að innflutningsvörur væru notaðar hóflega og dreifðust sæmilega jafnt. Stofnað var svokallað Fjárhagsráð og varð að fá leyfi frá því til hvers konar byggingarframkvæmda, jafnvel bara til að steypa upp vegg í kringum lóðina sína. Til að kaupa bíl þurfti leyfi stjórnvalda. Á tímabili var tekin upp skömmtn á innfluttum neysluvörum eins og kaffi og fatnaði. Gefnir voru út skömmtunarseðlar sem var dreift til heimila landsins í hlutfalli við fjölda heimilismanna. Ef fólk fór út í búð að versla varð það að taka með sér rétta gerð af skömmtunarseðlum og láta þá fylgja með þegar borgað var fyrir vöruna.

Á sjötta áratug aldarinnar dró smám saman úr gjaldeyrisskortinum. Var Fjárhagsráð þá lagt niður og hætt skömmtn á hverri vörutegundinni af annarri.



Einkabíllinn var sannarlega freistandi. Á aldarfjórðungi eftir lok síðari heimsstyrjaldar varð hann almenningseign á Íslandi.

Neyslusamfélagið

Margir mundu segja að helsti munurinn á lífi okkar Íslendinga nú og þeirra sem bjuggu í landinu um miðja 20. öld sé alls ekki í hinu opinbera velferðarkerfi heldur í aukinni einkaneyslu. Engin leið væri að telja upp nema lítið brot af því sem hefur breyst. En varla hefur neitt tekið eins miklum breytingum og notkun einkabíla. Árið 1945 voru tæplega 5.000 bílar til á landinu, helmingurinn fólksbílar og helmingurinn vörubílar. Árið 1981 fór bílaeignin fyrst yfir 100.000, og voru einkafólksbílar þá um 90.000 en aðrir bílar 10.000. Þá voru landsmenn um 230.000 á 70.000 heimilum, svo að rúmlega einn bíll var á hvert heimili og aðeins tveir í framsætum og rúmlega hálfur í aftursæti að meðaltali í hverjum heimilisbíl.



Baráttuhreyfingin fyrir rétti kvenna sem varð til árið 1970 kenndi sig við rauða sokka. Nánasta fyrirmyndin kom frá Danmörku þar sem *Rødstrømpebevægelsen* starfaði. En hún sótti fyrirmynd sína annars vegar til enska hugtaksins *blue stockings*, sem síðan á 18. öld var notað sem háðsyrði um lærðar konur, hins vegar til þess að rautt er litur róttækni og baráttuvilja.

Jafnrétti

Jafnrétti þegnanna er sjálfsagður hluti velferðarríkisins. Á Íslandi var það minna vandamál en víðast annars staðar vegna þess að landsmenn voru hlutfallslega mjög *einsleitir*. Þeir voru nánast allir af sama litarhætti, töluðu sama tungumál og töldu sig til sömu þjóðar. Þó var þar tilfinnanlegur skortur á jafnrétti, sérstaklega á tækifærum, aðstöðu og áhrifum karla og kvenna. Konur höfðu að visu fengið flest sömu lagaréttindi og karlar á fyrri hluta 20. aldar en rótgrónar venjur og fordómar héldu við miklum stöðumun. Mest áberandi var launamunur kynjanna. Um 1960 voru laun verka-kvenna varla nema 80% af launum



karla. En árið 1961 voru sett lög um að laun kvenna skyldu hækka á árunum 1962–67 svo mikið að þau næðu launum karla. Því var fylgt að nafninu til en mikið var um að konum væri raðað í lægri launaflokka en körlum.

Á árunum í kringum 1970 skall uppreisn æskunnar yfir Vesturlönd. Mikilvægur hluti hennar var andóf gegn hvers kyns venjubundnu og vanhugsuðu ranglæti. Barátta fyrir bættri stöðu kvenna var sjálfsagður hluti af þessu og líklega sá sem skilaði mestum árangri. Ungar konur – og nokkrir karlar líka – stofnuðu árið 1970 Rauðsokkahreyfinguna og kröfðust raunverulegs jafnréttis. Almenn verkfall kvenna (kallað kvennafrídagur) var skipulagt 24. október 1975, líka

Útifundur í miðborg Reykjavíkur á kvennafrídaginn 24. október 1975. Talið er að þar hafi verið 25.000 manns.

Hópur Rauðsokkahreyfingarinnar í kröfugöngu verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík 1. maí 1973. Rauðsokkur bera merki hreyfingarinnar, kvenkynstákn (upphaflega tákn Venusar) með krepptum hnefa sem merkir að hreyfingin berjist af hörku fyrir rétti kvenna.

Rauðsokkótt kvíga í fegurðarsamkeppni á Akranesi

Rauðsokkur töldu að fegurðarsamkeppnir kvenna væru konum til lítilvirðingar og líktu þeim við gripa-sýningar. Haustið 1972 vildi svo til að háð var fegurðarsamkeppni á Akranesi sama kvöldið og Rauðsokkahreyfingin hélt kynningarfund í bænum. Þær útveguðu sér kvígu, Perlu Fáfnisdóttur frá Galtalæk í Skilmannahreppi, og leiddu hana til sýningar að Hótel Akranesi þar sem fegurðarsamkeppnin var haldin.




við heimilisstörf. Á níunda áratugnum voru stofnuð stjórnáttakamtök kvenna, Samtök um kvennalista, sem höfðu eingöngu konur á framboðslistum sínum. Þau náðu 10% fylgi þegar þau komust lengst, í alþingiskosningum 1987. Mesta framfaraspor kvenna er fjölgun stúlkna í framhaldsskólum og háskólanámi. Ekkert opnar eins margar leiðir að áhrifastöðum.

Lög um almennt jafna stöðu karla og kvenna voru líka sett á áttunda áratugnum og hafa þróast smám saman upp í lög um jafnrétti

allra samfélagsþegna. Þannig hefur jafnréttisbarátta kvenna rutt brautina fyrir afskipta minnihlutahópa, svo sem samkynhneigða og fatlaða.

Einsleitni er það að einstaklingar í hóp eða samfélagi séu líkir hver öðrum, hafi sömu einkenni en skiptist ekki upp í hópa með ólík einkenni.



Stjórnmalaflokkakerfi Íslendinga

Í lýðræðisríkjum eru stjórnmalaflokkar myndaðir til að halda fram ákveðinni stefnu sem greinir þá frá öðrum flokkum. Algengustu stjórnmalastefnur á fyrri hluta 20. aldar voru útskýrðar í fyrri bindinu af Sögu 20. aldar, *Styrjaldir og kreppa*, með ímynduðum samtölum við Kötú kommúnista, Jóhann jafnaðarmann, Fríðu frjálslyndu og Níels nasista. Á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum voru nasistar fámennir og hurfu gersamlega eftir heimsstyrjöldina. Aftur á móti greindust frjálslyndir í tvo flokkahópa. Annars vegar voru þeir sem höfðu mest fylgi í sveitum, töldu sig miðjumenn í stjórnmalum og vildu hafa blandað hagkerfi. Hins vegar voru eindregnir fylgismenn frjálsrar samkeppni og jafnvel auðvalds, oft kallaðir íhaldsmenn þótt það væri á vissan hátt öfugmæli því oft tóku þeir fjótt og vel við nýjungum. Þannig urðu til fjórir flokkahópar í flestum ríkjum Norðurlanda:

- * *kommúnistar og róttækir sósíalistar,*
- * *jafnaðarmenn, öðru nafni sósíaldemókratar,*
- * *frjálslyndir, miðju- og bændaflokkar,*
- * *íhaldsmenn og markaðssinnar.*

Venja er að sýna stefnumun þessara flokkahópa þannig að flokkunum er raðað á línu frá vinstri til hægri, kommúnistum lengst til vinstri og markaðssinum/íhaldsmönnum lengst til hægri.

Á Íslandi varð fjögurra flokka kerfið sérkennilegt á tvönnan hátt. Annað sérkennið var það að kommúnistar mynduðu ekki lítinn öfgaflokk, eins og í Skandinavíu heldur sameinuðust hluta af flokki jafnaðarmanna (Alþýðuflokknum) og mynduðu með honum Sósíalistaflokkinn, síðar Alþýðubandalag, sem varð jafnvel stærri en flokkur jafnaðarmanna. Hitt sérkennið var það að flokkurinn lengst til hægri, Sjálfstæðisflokkurinn, varð stærsti flokkurinn og ríkjandi í stjórnmalum allan síðari hluta aldarinnar.

Sjónvarpið

Í Evrópulöndum tók sjónvarp að breiðast út um lok síðari heimsstyrjaldar. En þá og lengi síðan virtist óheyrilega dýrt að dreifa sjónvarpssendingum til Íslendinga, svo fárra í svo stóru landi. Fyrstu sjónvarpsstöðina á landinu rak Bandaríkjaher á Keflavíkurflugvelli. Hún tók til starfa á sjötta áratug aldarinnar en var stækkuð svo mikið árið 1963 að sendingar náðust um allt suðvestanvert landið, þar sem um helmingur Íslendinga bjó. Þá fengu margir sér sjónvarpstæki. Aðrir óttuðust að þjóðmenningu Íslendinga stæði hættu af því að hafa eingöngu sjónvarp á ensku. Árið 1964 sendu 60 þjóðkunnir Íslendingar Alþingi áskorun um að láta takmarka sjónvarpið við herstöðvarsvæðið. Ávarpið vakti mikla athygli ekki síst vegna þess að vera herliðsins hafði verið mjög umdeild og meðal 60-menninganna voru margir stuðningsmenn hennar. Ekki lögðu stjórnvöld þó í að láta takmarka sendingar Kanasjónvarpsins heldur var drifið í að stofna íslenskt sjónvarp. Það hóf útsendingar haustið 1966 en sendi aðeins út tvö kvöld í viku. Brátt tók það



Þjóðlagasönghópur sem kallaði sig Savanna-tríóið kom fram í skemmtipætti í sjónvarpinu í byrjun árs 1967 og með tríóinu söng ung og efnileg söngkona, Kristín Á. Ólafsdóttir.

þó að senda út sex kvöld í viku ellefu mánuði ársins en tók sér frí á fimmtudögum og í júlímánuði. Einhvern tímann varð starfsfólkið að fá frí! Það var ekki fyrr en árið 1986 sem ríkissjónvarpið tók að senda út öll kvöld ársins, um leið og einkarekin sjónvarpsstöð, Stöð 2, tók til starfa í samkeppni við það.



Blómabörn

Á sjöunda og einkum áttunda áratug aldarinnar valdi margt ungt fólk á Vesturlöndum sér nýstárlegan lífsstíl. Það vildi lifa í sátt við náttúruna og neitaði að taka þátt í neyslukapphlaupi samfélagsins. Það sem skipti máli í lífinu væri ekki að eignast sem flest og eyða sem mestu heldur að njóta lífsins og mótmæla ranglætinu í heiminum. Þetta fólk var stundum kallað hippar (e. *hippies*). Hippar klæddust litríkum fötum, söfnuðu síðu hári og skreyttu sig gjarnan með blómum. Sumir þeirra prófuðu líka eiturlyf.

Finnið svar

- 1 Hvað er átt við með orðinu velferðarsamfélag?
- 2 Að frátalinni gamaldags fátækrahljálpi, hvaða hluti velferðarkerfisins er elstur?
- 3 Nefnið þrennt sem gerði almannatryggingarnar frá 1946 meiri, betri eða fullkomnari en alþýðutryggingarnar frá 1936.
- 4 Hvernig gat atvinnulaust fólk lifað af áður en atvinnuleysistryggingar komust á?

Umræðuefni

- 5 Þegar lögin um almannatryggingar voru sett, árið 1946, óttuðust sumir að fólk mundi missa sjálfsbjargarviðleitnina þegar það fengi svona margar leiðir til að fá hjálpið ríkisins. Haft var eftir hneyksluðum manni að besta hugsanlega staðan í lífinu væri að eiga tíu börn og vera sjálfur öryrki. Haldið þið að það hafi komið í ljós að fólk hætti að reyna að bjarga sér sjálft þegar tryggingarnar komu?

Viðfangsefni

6 Neyslubreyting á síðari helmingi 20. aldar

Finnið einhvern sem man eftir sér um eða upp úr miðri 20. öld. Ef þið eigið afa eða ömmu, langafa eða langömmu, á lífi í grennd við ykkur er sennilega ráðlegast að leita til þeirra. Spyrið þau svo einfaldrar spurningar: Hvaða nýjung hefur breytt lífi fólks mest síðan þið munið fyrst sæmilega

skýrt eftir ykkur? Þið getið prófað að láta velja á milli ólíkra möguleika:

- a Einkabíllinn
- b Sjónvarpið
- c Þvottavélin
- d Uppþvottavélin
- e Plötuspilarinn
- f Nýjar og betri neysluvörur í búðum
- g Eitthvað annað.

Heimildavinna

- 7 Eftirtaldar konur hafa allar verið fyrstar íslenskra kvenna til að ná ákveðnum áföngum, annað hvort ljúka ákveðnu námi eða gegna ákveðnum störfum. Finnið út, með hjálpi handbóka, sagnfræðiritra eða vefsíðna, hvaða áfanga hver þeirra náði:


- a Auður Auðuns
- b Auður Eir Vilhjálmsdóttir
- c Björg C. Þorláksson
- d Guðrún Bjarnadóttir
- e Ingibjörg H. Bjarnason
- f Jóhanna Sigurðardóttir
- g Kristín Ólafsdóttir
- h Margrét Frímannsdóttir
- i Vigdís Finnbogadóttir

Óvíst er að þið finnið nægileg gögn um allar konurnar. Um margar þeirra er aðeins tekið fram að þær hafi náð einhverjum áföngum en ekki sagt að þær hafi verið fyrstar til þess. En þá getið þið reynt að giska. – Svo má prófa að spyrja fullorðið fólk hvað það haldi.

Kjarni

- * Samhjálp fólks er ævafor. En á 20. öld fór það mjög í vöxt, að minnsta kosti í vestrænum löndum þar sem mestum auðæfum var til að dreifa, að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, skipulegði margvíslega ókeypis þjónustu, hjálpi og tryggingar til handa þeim sem þurftu. Farið var að kalla þetta velferðarkerfi.
- * Á Íslandi þróaðist opinbert heilbrigðis-kerfi hægt síðan á 18. öld, skólakerfi síðan í upphafi 20. aldar og trygginga-kerfi fyrir miðbik aldarinnar.

- * Tryggingakerfið varð einkum til í tveimur áföngum, með alþýðutryggingarlögum 1936 og almannatryggingarlögum sem voru sett árið 1946 og tóku gildi í ársbyrjun 1947. Atvinnuleysistryggingar komust svo á árið 1956.
- * Mesta breytingin á lífsháttum fólks var líklega aukin einkaneysla og meiri tækni. Heimilisbilar urðu til dæmis almenn-ingseign á tímabilinu frá lokum síðari heimsstyrjaldar og fram til 1980.



Ísland og umheimurinn

Þegar tímabil þessarar bókar hófst höfðu Íslendingar verið um það bil eina öld að losna undan stjórn danska ríkisins. Sjálfstæði og þjóðfrelsi voru talin einna æðst allra gæða. Á hinn bóginn voru það útlend öfl, herlið Breta og Bandaríkjamanna á stríðsárunum, sem höfðu losað Íslendinga úr kreppunni og skapað meiri velmegun í landinu en áður hafði þekkt. Eftir lok stríðsins vildu Bandaríkjamenn vera áfram með herstöðvar á landinu. Það hefði getað veitt Íslendingum nokkra atvinnu og tryggt öryggi landsins. En var það ekki óhjákvæmilega skerðing á sjálfstæði örlítillrar og varnarlausrar þjóðar að hafa í landinu útlendan her stórveldis? Og gætu áhrif hersins ekki orðið skaðleg menningu þjóðarinnar? Íslendingar voru í miklum vafa hvað skyldi gera. Framundan voru harkaleg átök um stefnu þjóðarinnar og afstöðu til umheimsins.

Farþegar ganga út úr Skymaster-flugvél frá bandarísku flugfélagi við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Flugstöðvarbyggingin í bakgrunni var tekin í notkun árið 1949. Í miðbyggingunni var flugafgreiðsla, í vinstri álmu tollafgreiðsla, útlendingaefirlit og veðurstofa, í hægri álmu skrifstofur pósts og flugvallaryfirvalda. Á efri hæðinni var 50 herbergja hótél.

Keflavíkursamningurinn 1946

Árið 1945, þegar stríðinu lauk, fór Bandaríkjastjórn fram á að fá að hafa herstöðvar til frambúðar á þremur stöðum á landinu. Kalda stríðið var að hefjast og á Vesturlöndum voru Sovétmenn mjög grunaðir um að vilja seilast til áhrifa og koma kommúnistum til valda. Eins og nefnt var í kaflanum um almannatryggingar hér á undan var svokölluð nýsköpunarstjórn sjálfstæðismanna, alþýðuflokksmanna og sósíalista við völd á Íslandi þegar þetta gerðist. Sósíalsistar voru fylgismenn Sovétríkjanna og eindregið á móti beiðni Bandaríkjamanna. Aðrir voru í vafa og lauk svo að beiðninni var hafnað. Þá fluttu Bandaríkjamenn her sinn í burtu af landinu og fóru síðustu hermennirnir á árinu 1947.

Á meðan þetta gerðist samdi forsætisráðherra Íslands, sjálfstæðismaðurinn Ólafur Thors, við Bandaríkjamenn um að þeir fengju að hafa fjölmennt en óvopnað starfslíð við Keflavíkurflugvöll um óákveðinn tíma. Það átti að starfa við flutninga með flugvélum til herliðsins sem Bandaríkjamenn höfðu víða í löndum Evrópu eftir stríðið. Sósíalar kölluðu þetta fataskipti; hermennirnir á Keflavíkurflugvelli væru bara látnir fara úr einkennisbúningunum og kölluðust þá starfsmenn. Þess vegna sögðu sósíalar sig úr ríkisstjórninni. Hún missti við það stuðning meirihluta alþingismanna og varð að segja af sér. En samningurinn við Bandaríkjamenn var samþykktur á Alþingi og var kallaður Keflavíkursamningurinn.



Marshall-hjálpin

Þegar George Marshall utanríkisráðherra Bandaríkjanna bauð Evrópuríkjum fjárhagsaðstoð árið 1947 bjuggust Íslendingar fremur við því að leggja fram fé til aðstoðarinnar en að þiggja hana. Stríðið hafði ekki valdið þeim neinu umtalsverðu tjóni í samanburði við Evrópuþjóðir sem höfðu búið við margra ára hernám og loftárásir eða haft kostnað af stríðsrekstri í allt að fimm ár. Hins vegar höfðu Íslendingar hagnast verulega á stríðinu vegna atvinnu hjá útlendu herjunum og háu verði á útflutningsvörum sínum.

En nú höfðu Íslendingar komist að því að stjórn Bandaríkjanna hafði áhuga á Íslandi og vildi endilega halda í aðstöðu sína hér. Gróðinn sem hafði safnast saman í eigu Íslendinga var líka þrotinn. Meðal annars hafði hann verið notaður til að standa undir nýsköpun atvinnuveganna eftir stríðið og keyptir fyrir hann nýir togarar og fleira. Sérstaklega var skortur á útlendum gjaldeyri á Íslandi svo að jafnvel varð erfitt að flytja inn nauðsynjavörur. Því fóru íslensk stjórnvöld að semja við Bandaríkjamenn um aðstoð í gegnum Marshall-áætlunina, og lauk svo að þeir fengu næstum tvöfalt meiri hjálp miðað við fólksfjölda en nokkur þjóð önnur.

Marshall-hjálpin á Íslandi


Íslendingar fengu í Marshall-hjálp 209 Bandaríkjadollara á hvern íbúa landsins.

Finnið út hvað íbúar landsins voru margir um þetta leyti, t.d. samkvæmt manntali árið 1950. Þið getið notað bókina *Hagskinnu. Sögulegar hagtölur um Ísland* (1997) eða heimasíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is. Reiknið svo út hvað Íslendingar fengu háa upphæð í Bandaríkjadollurum.

Dollarafjöldinn segir ykkur svo sem ekki neitt þegar ekkert er til samanburðar. Þá er líklega best að byrja á að breyta upphæðinni í íslenskar krónur. Til þess að gera það verðið þið að finna hvert var gengi krónunnar miðað við dollara um þetta leyti. Finnið „skráð sölugengi erlends gjaldeyris ...“ í *Hagskinnu*, það er í töflu nr. 13.16.

Ef ykkur finnst erfitt að fara með svona háar tölur getið þið alveg eins reiknað í milljónum króna. En nú þurfið þið að finna einhverja tölu til samanburðar til að fá hugmynd um hvað milljón krónur var mikið fé. Finnið til dæmis hve mikil þjóðarframleiðsla Íslendinga var árið 1945 í milljónum króna. Í *Hagskinnu* má finna það í töflu nr. 14.1. Hve há var Marshall-aðstoð Íslendinga miðað við árlega framleiðslu þjóðarinnar?

Á Íslandi var Marshall-hjálpin meðal annars notuð til að byggja áburðarverksmiðju í Gufunesi, sem var þá spölkorn utan við Reykjavík en er nú á ströndinni neðan við Rimahverfi. Verksmiðjan var tekin í notkun árið 1954 og framleiddi áburð sem einkum var notaður til að auka grasvöxt á túnnum bænda. Áður hafði áburður verið fluttur inn svo að verksmiðjan sparaði þjóðarþúningu útlendan gjaldeyri. Hér er loftmynd frá um 1960



Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið var samþykkt á Alþingi 30. mars 1949 með 37 atkvæðum gegn 13. Úti á Austurvelli var andstæðingum aðildar dreift með táragasi.



NATO

Árið 1949 kom að því að Bandaríkjamenn ákváðu að bjóða ríkjum Vestur-Evrópu að stofna með sér Atlantshafsbandalagið, NATO, og var Íslendingum boðið að vera með í því. Um það var harður ágreiningur á Íslandi. Sósíalistar voru að sjálfsögðu á móti því, enda var bandalagið stofnað til að standa gegn hugsanlegri útpenslu Sovétríkjanna til Vestur-Evrópu og íslenskir sósíalistar voru flestir vinir Sovétríkjanna. En svo voru líka margir í öðrum flokkum og utan flokka á móti því að ganga í hernaðarbandalag. Margir vildu viðhalda hlutleysi þjóðarinnar sem hafði verið lýst yfir þegar íslenska ríkið var stofnað árið 1918.

Innganga Íslands í NATO var til umræðu á Alþingi 30. mars 1949. Búist var við óeirðum við Alþingishúsið og

var þess vegna safnað varaliði framan við húsið, til að aðstoða lögreglu við að rýma Austurvöll, ef nauðsyn krefði. Liðinu var komið fyrir á laun inni í húsinu. Andstæðingar NATO héldu mótmælafund í nágrenninu. Eftir að honum lauk streymdu fundarmenn út á Austurvöll. Einhverjir tóku að kasta grjóti, eggjum og mold í Alþingishúsið. Þá var varaliðið sent út úr húsinu, vopnað kylfum. Varð þar snarpur bardagi sem lauk með því að lögreglan rýmdi völlinn með táragasi. Á meðan var aðild að bandalaginu samþykkt á Alþingi með 37 atkvæðum gegn 13. Á móti voru allir þingmenn sósíalista, tíu talsins, tveir alþýðuflokksmenn og einn framsóknarmaður en tveir framsóknarmenn sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.



Herinn

Áður en íslenska ríkisstjórnin féllst á að leiða Íslendinga inn í Atlantshafsbandalagið höfðu fulltrúar hennar tekið loforð af Bandaríkjastjórn um að þeir þyrftu ekki að taka við útlendu herliði í land sitt á friðartímum. Þegar utanríkisráðherra Íslands undirritaði sáttmála bandalagsins gerði hann fyrirvara um þetta munnlega. En tveimur árum síðar, 1951, þegar Bandaríkjamenn voru farnir að berjast í Kóreu við kommúnistastjórn, vopnaða sovéskum vopnum, létu íslensk stjórnvöld undan. Þau sömdu leynilega um að Bandaríkjamenn tækju að sér varnir landsins og kæmu aftur fyrir herliði við Keflavíkurflugvöll. Fyrstu hermennirnir komu 7. maí. Alþingismenn allra annarra flokka en Sósíalistasflokksins voru kallaðir saman á leynilegan fund til að samþykkja

herstöðvasamninginn. Hann var ekki samþykktur formlega á Alþingi fyrr en það kom saman um haustið.

Bandaríkjamenn starfræktu herstöð á Keflavíkurflugvelli í 55 ár. Um hana var alltaf grimmilegur ágreiningur meðal landsmanna. Einn stjórnmalaflokkur var alltaf eindregið á móti hernum. Það var Sósíalistasflokkurinn sem breyttist í Alþýðubandalag árið 1956. Flokkurinn varð síðan smám saman ótryggari Sovétríkjunum en vildi að Ísland tæki upp hlutleysisstefnu á ný. Sjálfstæðisflokkurinn var á hinn bóginn heill og óskiptur með herstöðvunum. Í Alþýðuflokki og Framsóknarflokki var ágreiningur en þó oftast meirihluti með herstöðinni. Meðal almennings var andstaðan meiri samkvæmt skoðanakönnunum. Framan af var jafnvel mikill meirihluti andvígur hernum. Árið 1955 gerðu

Herstöð Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli var lengi bitrasta ágreiningsefni Íslendinga. Á árunum 1960–91 gengu andstæðingar hennar hvað eftir annað mótmælagöngur frá hliði flugvallarsvæðisins til Reykjavíkur. Nokkur hundruð manns lögðu af stað um morguninn en síðan bættist smám saman í gönguna uns haldinn var útifundur í Reykjavík um kvöldið. Myndin er frá Keflavíkurgöngu árið 1981 meðan hún er enn fremur fámenn.

Bandaríkjamenn könnun á afstöðu Íslendinga til hverndarsamningsins. Ótvíræða afstöðu tóku 76% aðspurðra. Meðal þeirra voru 63% á móti hernum en 37% með.

Eftir upplausn Sovétríkjanna árið 1991 dró úr áhuga Bandaríkjamanna á að halda uppi herstöð á Íslandi. En þá reyndu íslensk stjórnvöld að halda í herinn. Sumum fannst vera í því nokkur trygging að hafa hér bandaríska

herstöð, þó að andstæðingurinn væri horfinn. Líklega voru þó síst fleiri fylgjandi hernum en áður, en áhugi andstæðinganna á málinu var orðinn minni. Herstöðvaandstaða var forgangsmál fárra. Loks lauk svo árið 2006 að Bandaríkjamenn yfirgáfu herstöðina að eigin frumkvæði. En eftir sem áður er íslenska ríkið í Atlantshafsbandalaginu.

NÆRMYND

Handritamálið

Eftir að Íslendingar stofnuðu sjálfstætt ríki hafa þeir haft góð og vinsamleg samskipti við fjölda þjóða. En einna ánægjulegust hafa þau verið við gömlu herrabjóðina Dani. Í augum Íslendinga ber þar hæst að Danir skiluðu Íslendingum miklum hluta af skinnhandritum sem voru skrifuð á Íslandi á miðöldum en síðan flutt til Kaupmannahafnar og varðveitt þar. Voru þau fyrstu, tvö sérstaklega verðmæt handrit, flutt með dönsku herskipi til Íslands vorið 1971 og afhent menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasyni. Í mörgum löndum Evrópu er mikið af dýrmætum menningarminjum sem hefur verið safnað í hjálendum og nýlendum og sett á söfn í löndum herrabjóða. Mörg nýfrjáls ríki hafa krafist þess að fá slíka gripi til baka en lítið mun vera um að þeim hafi verið skilað.

Danskir sjóliðar báru pakka með íslensku skinnhandritunum Konungsbók eddukvæða og Flateyjarbók frá borði danska herskipins Vædderen í Reykjavíkurhöfn 21. apríl 1971. Hér hafa þeir stillt sér upp á hafnarbakknum, en sjálf afhendingin fór fram í Háskólabíói sama dag þegar menntamálaráðherra Dana afhenti menntamálaráðherra Íslendinga handritin.





Einar Bragi: Haustljóð á vori


Einar Bragi birti ljóð sitt fyrst árið 1952 með titlinum „Haustljóð á vori 1951“. Mun enginn hafa efast um það þá að meining hans væri sú að koma Bandaríkjahers vorið 1951 ylli hinni sáru sorg. Síðar fagaði Einar ljóðið nokkuð og birti það nokkrum sinnum án þess að hafa ártalið í titlinum.

Ein flýgur sönglaust til suðurs,
þótt sumartíð nálgist,
lóan frá litverpu túni
og lyngmóa fölum,
þytlausum vængjum fer vindur
um víðirunn gráan.
Hvað veldur sorg þeirri sáru,
svanur á báru?

Misst hefur fallglaður fossinn
fagnaðarróminn,
horfinn er leikur úr lækjum
og lindanna niður,
drúpir nú heiðin af harmi
og hörpuna fellir.
Hvað veldur sorg þeirri sáru,
svanur á báru?

Felmtruð og þögul sem þöllin
er þjóðin mín unga,
brugðið þér sjálfum hið sama:
þú syngur ei lengur,
þeyrinn ber handan um höfin
haustljóð á vori.
Hvað veldur sorg þeirri sáru,
svanur á báru?





Landhelgismálið

Þegar saga þessi hefst var *fiskveiði-landhelgi* eða *fiskveiðilögsaga* við strendur Íslands þrjár sjómílar frá ströndum. Það eru um 5,5 kílómetrar. En þar sem firðir urðu ekki breiðari en tíu sjómílar (18,5 km) var dregin landhelgislína þvert yfir þá. Öldum saman höfðu útlendingar veitt á Íslandsmiðum en á árum síðari heimsstyrjaldar lögðust þær veiðar niður. Eftir stríðið flyktust útlend skip aftur á miðin, einkum enskir togarar, og fiskafli minnkaði ár frá ári. Mörg strandríki voru þá að leggja undir sig meira af *landgrunni* sínu en áður, bæði til efnavinnslu á hafsbotni og fiskveiða. Íslendingar ákváðu að taka þátt í þessari sókn og stækka fiskveiðilandhelgi sína. Það gerðu þeir í fjórum áföngum:

1950–52:	4 sjómílar, fjórðum og flóum lokað
1958:	12 sjómílar
1972:	50 sjómílar
1975:	200 sjómílar eða að miðlínu milli Íslands og Færeyja og Grænlands

Öllum þessum útfærslum mótmæltu stjórnir þeirra þjóða sem nýttu Íslandsmið. En Bretar áttu mestra hagsmuna að gæta og voru harðastir í andstöðu sinni. Eftir fyrstu útfærsluna, 1950–52, var sett löndunarbann á íslenskan fisk í Bretlandi. Með því ætluðu Bretar að þvinga Íslendinga til að semja við þá um veiðiheimildir innan lögsögunnar. Íslenskir togarar höfðu selt mikið af afla sínum þannig að hann var lagður í ís í skipunum og siglt með hann óverkaðan til Bretlands. Nú urðu þeir að fara að frysta, salta eða herða allan fiskaflann. Það jók atvinnu við fiskverkun og gerði aflann



Íslenskt varðskip og breskt herskip rekast á í þorskastríði í maí 1976. Báðir aðilar héldu því fram að hinn hefði valdið árekstrinum.

verðmætari, svo að Bretar gáfust upp á banninu, en ekki fyrr en eftir fjögur ár.

Eftir síðari útfærslurnar gripu Bretar til þess að senda herskip á fiskimiðin við Ísland til að vernda togarana fyrir íslenskum varðskipum. En það reyndist bæði fyrirhafnarsamt og óvinsælt og lauk svo að Bretar gáfust upp og hurfu með skip sín út úr 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslendinga ári eftir síðustu útfærsluna, árið 1976. Íslendingar unnu fullan sigur í landhelgisdeilu sinni.



Fiskveiðilandhelgi, fiskveiðilögsaga er svæði við strönd ríkis þar sem ríkið tekur sér rétt til að stjórna fiskveiðum, meðal annars að banna útlendingum að veiða eða banna veiðar með ákveðnum veiðarfærum ef þær þykja ógna fiskstofnum.

Landgrunn er hlutfallslega grunnt haf við strendur lands. Samstaða er um að ríki hafi rétt til að stjórna nýtingu auðlinda á landgrunni sínu, ef þau semja ekki um annað. Ekki hefur ríkt samstaða um hve langt frá strönd eða niður á hve mikið dýpi landgrunn skuli teljast ná en oft er talað um 200 metra dýpi.

Ríkisráð Íslands, forseti lýðveldisins og viðreisnarstjórnin sem sat við völd á árunum 1959–71. Hér er stjórnin í upphaflegri mynd sinni. Til vinstri sitja ráðherrar úr Sjálfstæðisflokknum, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson, Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors forsætisráðherra. Aftan við þá til hliðar er Birgir Thorlacius ráðuneyttisstjóri sem hefur sjálfsagt skrifað fundargerð. Við borðsendann situr Ásgeir Ásgeirsson forseti. Síðan koma til hægri fulltrúar Alþýðuflokksins, Guðmundur Í. Guðmundsson, Emil Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason. Þeir eru einum færri en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vegna þess að Alþýðuflokkurinn var miklu minni flokkur og hafði færri alþingismenn. Engin kona sat í stjórninni, enda varð engin kona ráðherra á Íslandi fyrr en Auður Auðuns árið 1970.



Stóriðjan


Á árunum 1959–71, í þrjú kjörtímabil samfleytt, var við völd á Íslandi *samsteypustjórn* Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Í *stjórnarandstöðu* voru Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag. Ríkisstjórnin lofaði að standa fyrir viðreisn efnahagslífsins og fékk því nafnið viðreisnarstjórn. Hún lagði kapp á gott samband við aðrar vestrænar þjóðir og samdi meðal annars við Bretana um lausn landhelgisdeilunnar sem hafði sprottið af útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1958. Í samningnum viðurkenndu Bretar 12 mílna mörkin, fengu aðeins nokkurra ára aðlögunartíma. Gegn því lofaði íslenska stjórnin að fallast á að frekari útfærsla, út fyrir 12 mílur, yrði lögð undir dóm alþjóðadómstólsins í Haag í Hollandi.

Við þessar aðstæður var frekar óvænlegt fyrir viðreisnarstjórnina að

treysta á að ná árangri í atvinnulífi með því að auka fiskveiðar, eins og jafnan hafði verið gert síðan á 19. öld. Því var tekin ný stefna og lagt út á þá braut að virkja fossa og selja orku til stóriðju. Áður höfðu ekki verið virkjaðar stærri ár en Sogið í Árnessýslu og Laxá í Þingeyjarsýslu. Nú var lagt til atlögu við Þjórsá, eitt af mestu vatnsföllum landsins. Reist var virkjun sem er kennd við Búrfell í Þjórsárdal.

Til að koma orkunni frá Búrfells-virkjun í verð var samið við fjölþjóðlegt álbræðslufyrirtæki, upphaflega svissneskt, sem hét Swiss Aluminium. Það stofnaði dótturfélag, Íslenska álfélagið, sem reisti álverksmiðju í Straumsvík, skammt sunnan við Hafnarfjörð.

Mikill ágreiningur var um þetta mál á Íslandi. Á Alþingi lögðust stjórnarandstöðupingmenn næstum einróma gegn því. Rökin gegn




stóriðjustefnunni voru einkum tvenns konar. Annars vegar voru þjóðleg sjónarmið; mörgum fannst óhæfa að hleypan inn í landið svona miklum atvinnurekstri í eigu útlendinga. Það var talin skerðing á fullveldi og ofan í kaupið átti að selja þeim raforku á miklu lægra verði en hún var seld Íslendingum því hér var veittur mikill magnafsláttur á orkuverði. Hins vegar voru náttúruverndarsjónarmið að eflast. Þar varð líka að gefa mikið eftir fyrir álrísanum því í upphafi var samið um að ekki þyrfti að setja neinn hreinsibúnað á verksmiðjuna; menn sögðu að íslenski vindurinn mundi sjá um að blása allri mengun út á haf. Stóriðjustefnan sigraði. Haldið hefur verið áfram að virkja fallvötn og selja útlendingum orku þeirra til álframleiðslu. En sú starfsemi hefur líka haldið áfram að vera umdeild, og líklega hefur engin framkvæmd mætt

eins mikilli andspyrnu og sú síðasta og mesta, Kárahnjúkavirkjun á Austurlandi og álbræðslan í Reyðarfirði.

Samsteypustjórn er ríkisstjórn sem tveir eða fleiri stjórn mála flokkar mynda saman af því að enginn flokkur hefur meirihluta þingmanna á Alþingi.

Stjórnarandstaða er alþingismenn sem styðja ekki ríkisstjórn, venjulega þingmenn þeirra flokka sem eiga ekki fulltrúa í stjórninni.

Framhlið Búrfells-virkjunar í Þjórsárdal. Í vatnsaflsvirkjunum er rafmagn framleitt með því að láta árvatn falla af sem mestum krafti niður í vélar sem eru kallaðar hverflar eða túrbínur. Hverflarnir eru þannig gerðir að vatnsstraumurinn snýr þeim á ofsahraða. Við það breytist orka vatnsfallsins í raforku sem er síðan meðal annars breytt í hita í álverum.



Ríki EFTA og Evrópusambandsins eftir 2007. Í EFTA eru fjögur ríki, Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein. Þrjú þeirra, Ísland, Noregur og Liechtenstein (lítið land á milli Sviss og Austurríkis), eru líka á Evrópska efnahagssvæðinu og tengjast Evrópusambandinu þannig nánar en Sviss gerir.

Evrópusamvinna

Eftir heimsstyrjöldina fóru ríki Mið- og Vestur-Evrópu að vinna að náinni samvinnu í viðskiptum. Með því átti einkum að gera tvennt. Annars vegar var sagt að þetta væri besta leiðin til að koma í veg fyrir að þessi ríki héldu áfram að berjast hvert við annað, eins og þau höfðu gert öldum saman og síðast í tveimur heimsstyrjöldum á 20. öld. Hinn ávinningurinn var að mynda stórt hagkerfi sem gæti staðist samanburð við völdugasta ríki heims, Bandaríki Norður-Ameríku.

Í þessu skyni var Efnahagsbandalag Evrópu stofnað árið 1957 með aðalstöðvar í Brüssel í Belgíu. Þátttökuríki þess voru sex: Frakkland,

Vestur-Þýskaland, Ítalía, Holland, Belgía og Luxemburg. Bretar stóðu utan við bandalagið, meðal annars af því að þeir voru miðpunktur í öðru ríkjabandalagi, breska samveldinu sem var sett saman úr fyrrverandi nýlendum Breta. Þó stofnuðu Bretar líka Fríverslunarbandalag í Evrópu (EFTA) með Dönum, Norðmönum, Svíum, Svisslendingum, Austurríkismönnum og Portúgölum. Síðar bættust Finnar, Íslendingar og Liechtensteinbúar við.

Meginatriði beggja bandalaganna var frjáls og tollalaus verslun á milli aðildarlandanna til þess að vörur væru framleiddar í því bandalagsríki sem gat gert það á hagkvæmasta hátt.

Bandalögin þróuðust smám saman þannig að flest ríki EFTA gengu í Efnahagsbandalagið, þó ekki Norðmenn og Íslendingar. Efnahagsbandalagið þróaðist líka og varð æ nánara. Við hverja meiri háttar breytingu var nafni þess breytt en nú heitir það Evrópusambandið (*European Union*). Þátttökuríkin eru orðin upp undir 30 talsins.

Í ársbyrjun 1994 tók gildi samningur um Evrópska efnahagssvæðið (*European Economic Area*). Að því eiga aðild öll ríki Evrópusambandsins og

flest ríki EFTA, þar á meðal Ísland. Í samningnum felst að öll ríkin lögleiði reglur Evrópusambandsins um svokallað fjórfrelsi sem merkir að fólk (þar með talið vinnuafli), vörur, þjónusta og fjármagn geti flust frjálst og hindrunarlaust á milli landanna eins og innan hvers ríkis.


Á Íslandi finnst mörgum að við ættum að ganga í Evrópusambandið. En margir eru líka á móti því. Enn einu sinni eru Íslendingar ósammála um hvaða leið eigi að fara í samskiptum við umheiminn.



Fáni fríverslunar-samtakanna EFTA er einfaldlega settur saman úr þjóð-fánunum ríkjanna, Íslands, Noregs, Liechtenstein og Sviss. Með því er lögð áhersla á að samtökin stefni ekki að sameiningu aðildarríkjanna og afnámi núverandi ríkja.



Á fána Evrópusambandsins eru tólf stjörnur sem mynda hring. Talan tólf stendur oft fyrir full-komnun og hringur er tákn einingar. Ólíkt stjörnunum í fána Bandaríkjanna breytist fjöldi þeirra ekki þó að fjöldi aðildarríkja breytist.



Finnið svar

- 1 Hvað var ákveðið í Keflavíkursamningnum?
- 2 Hvað liðu mörg ár frá því að síðustu bandarísku hermennirnir fóru héðan eftir heimsstyrjöldina þangað til bandarískur her kom hingað aftur?
- 3 Hvað nær fiskveiðilögsaga Íslendinga marga kílómetra frá ströndinni þar sem hún er ekki dregin um miðlínu milli Íslands og nágrannalandanna?
- 4 Hvers vegna voru, og eru, sumir á móti stóriðjustefnu?
- 5 Í hvaða bandalögum Evrópuríkja hafa Íslendingar verið og eru nú?

Umræðuefni

- 6 Hvað finnst ykkur um þá ákvörðun Íslendinga að nota sér áhuga Bandaríkjamanna á landinu til að fá meiri Marshall-aðstoð en nokkur þjóð önnur? Hvaða rök gætu hafa verið með og á móti þessari ákvörðun Íslendinga?
- 7 Hvers vegna haldið þið að ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands hafi samið leynilega um herstöðina vorið 1951?
- 8 Er rétt fyrir Íslendinga að vera í Atlantshafsbandalaginu? – Hvers vegna? – Hvers vegna ekki?
- 9 Í kaflanum um Evrópusamvinnuna segir að markmið tollabandalaganna hafi verið að afnema tolla til þess að allar vörur væru framleiddar í því bandalagsríki sem gat gert það á hagkvæmastan hátt. Hvernig var hægt að stuðla að því með afnámi tolla? Setjið upp dæmi af ríki A þar sem sjónvarpstæki eru framleidd á

óhagkvæman og dýran hátt og ríki B þar sem tækin eru framleidd á hagkvæmari hátt.

Viðfangsefni


- 10 Veljið ykkur eitthvert ágreinings-efnanna sem er fjallað um hér á undan:
 - a Keflavíkursamningurinn.
 - b Atlantshafsbandalagið.
 - c Herstöðvasamningurinn 1951.
 - d Stóriðjustefnan.
 - e Evrópubandalagið.Skrifið blaðagrein til að styðja aðra hvora skoðunina, með eða á móti.

Heimildavinna

- 11 Lesið kvæði Einars Braga, Haustljóð á vori 1951. Hér er það birt vegna þess að talið er öruggt að það fjalli um komu Bandaríkjahers 1951. Það tjái djúp vonbrigði og harm skáldsins vegna þess að herinn kom. Finnst ykkur augljóst að það sé rétt túlkun? Hvað mælir með því og hvað á móti?
- 12 Hvaða ár urðu Íslendingar aðilar að Fríverslunarbandalagi Evrópu? Farið til dæmis í bókasafn skólans og leitið að bók þar sem þið getið flett því upp. Munið að í flestum fræðibókum er atriðisorðarskrá aftast. Svo er líka stundum hægt að nota alfræðibækur þar sem efnisatriðum er raðað í stafrófsröð.

Kjarni

- * Eftir heimsstyrjöldina reyndu Íslendingar að taka upp aftur hlutleysi í vígbúnaðarmálum. Þeir höfnuðu í fyrstu beiðni Bandaríkjamanna um að hafa herstöðvar á Íslandi. En eftir því sem kalda stríðið magnaðist misstu fleiri trú á hlutleysið. Því var ákveðið að ganga í Atlantshafsbandalagið 1949 og taka við bandarískum her tveimur árum síðar. Um það var þó grimmilegur ágreiningur.
- * Á atvinnusviði treystu Íslendingar mest á vöxt í sjávarútvegi framan af tímabilinu. En viðreisnarstjórn sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna, 1959–71, skipti um stefnu og lagði meiri áherslu á raforkusölu og stóriðjustefnu.
- * Sjálfstæðisflokkurinn var oftast fúsastur til samvinnu við aðrar vestrænar þjóðir. En flokkarnir lengst til vinstri, Sósíalistaflokkurinn og arftaki hans Alþýðubandalagið, voru tregastir til þess. Á milli þeirra að þessu leyti stóðu Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur.



Deilur í Mið-Austur- löndum

Þann 11. september árið 2001 flugu islamskir trúarofstækismenn tveimur bandarískum farþegaflugvélum á Alþjóðlegu viðskiptamiðstöðina (*World Trade Center*) í New York og einnig á bandaríska landvarnarráðuneytið í byggingunni *Pentagon* í Washington. Þeir kusu að tjá óánægju sína með framkomu Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum með því að drepa þúsundir af saklausu fólki. Bandaríkin og fleiri ríki hafa blandast inn í margar deilur í Mið-Austurlöndum. Hvernig hefur það komið til? Og hvaða þýðingu hafa deilurnar í Mið-Austurlöndum haft í heiminum?

Markmið

- * Kynna mikilvægar fjölþjóðlegar deilur á 20. öld og fram á yfirstandandi öld. Setja fram hverjar eru orsakir og afleiðingar deilnanna.
- * Leita að heimildum, velja þær og meta af gagnrýni. Sýna hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.



Deila Ísraels og Palestínumanna

„Öll arabíska þjóðin er og verður andvíg því að gyðingar þröngvi sér inn í Palestínu, leggi hana undir sig og stofni þar að lokum gyðingaríki. [...] Arabar í Palestínu eru komnir af upprunalegum íbúum landsins, og þeir hafa átt þar heima síðan í upphafi sögunnar. Þeir geta ekki fallist á að hinir innfæddu íbúar séu þvingaðir gegn vilja sínum til að verða undirgefni útlendum innflytjendum [...]“

Yfirlýsing frá yfirnefnd araba í mars 1946.

„Land Ísraels var fæðingarstaður gyðingabjóðarinnar. Hér var andlegt, trúarlegt og þjóðernislegt eðli þeirra skapað. Hér öðluðust gyðingar sjálfstæði og sköpuðu menningu sem er mikilvæg bæði fyrir þjóðina og heiminn. Hér skrifuðu þeir Biblíuna og gáfu veröldinni hana [...]“

Sjálfstæðisyfirlýsing Ísraels 14. maí 1948.

Yfirnefnd araba var stofnun sem kom fram fyrir hönd Palestínuaraba.

Árið 1948 stofnuðu gyðingar frá ólíkum heimshlutum ríkið Ísrael í Palestínu. Hvers vegna gerðu þeir það? Og hver urðu viðbrögðin við því meðal araba sem voru í meirihluta í Palestínu, eða araba í öðrum löndum?

Rætur deilunnar

Palestína er kölluð landið helga af því að það er heilagt svæði í augum kristinna, múslima og gyðinga. Palestína var heimaland gyðinga allt þar til Rómaveldi hertók það á fyrstu öld fyrir upphaf tímatafs okkar. Gyðingar risu upp gegn þessum nýju valdhöfum en Rómverjar bældu uppreisnina niður og ráku gyðinga út úr Palestínu.

Þetta var mikill ósigur fyrir gyðinga sem töldu að Guð hefði gefið þeim landið. Brottrestur gyðinga, og aldalöng sundrung um heiminn sem þeir kalla sjálfir diaspora, er mikilvægt atriði í sögu þeirra. Gyðingar settust að í mörgum löndum, meðal annars víða í Evrópu. Á fyrstu öldunum eftir dauða Krists varð kristni að ríkjandi trúarbrögðum í Rómaveldi.

Á sjöundu öld var Palestína hernumin á ný, í þetta skipti af múslimum. Á næstu öldum var landið undir stjórn múslima en þar bjuggu líka litlir hópar af gyðingum og kristnu fólki.

Á miðöldum fóru kristnir Evrópumenn í margar *krossferðir* til Palestínu til að ná henni á sitt vald.



Þeir vopnuðust, héldu til Palestínu og réðust á múslimana sem vörðu sig og hröktu hina kristnu til baka. Krossferðirnar mistókust þannig og múslimar réðu Palestínu áfram. En þar voru þó enn hópar gyðinga og kristinna.

Krossferðir: Herferðir Evrópu-
manna á miðöldum til þess að
vinna landið helga úr höndum
múslima.

Innflutningur gyðinga vex

Á 19. öld fluttust margir gyðingar frá Evrópu til Palestínu. Gyðingahatur og gyðingaofsóknir þvinguðu þá til þess. Í Evrópu urðu þeir fyrir því að vera rændir, reknir af heimilum sínum og neyddir til að setjast að í *gettóum*.

Á 20. öld dró víða úr gyðingahatri og gyðingar hlutu viðurkenningu sem samborgarar í mörgum Evrópulöndum.

Enn þá voru þeir þó ofsóttir í sumum löndum eins og Rússlandi og Frakklandi. Gyðingar héldu því enn áfram að flytjast til Palestínu.

Ungverjinn Theodor Herzl var einn þeirra gyðinga sem urðu fyrir hatri og ofsóknum. Í augum hans var eina leið gyðinga til að fá frið að eignast sitt eigið heimaland í Palestínu. Gyðingar sem höfðu þessa skoðun kölluðu sig sionista. Orðið er dregið af Síon sem er hæð í Jerúsalem í Palestínu þar sem Davíð gyðingakonungur er sagður hafa reist borg sína.

Eftir fyrri heimsstyrjöldina (1914–18) tóku Bretar við stjórn Palestínu. *Tyrkjaveldi*, sem hafði ríkt yfir landinu síðan á 16. öld, hafði barist með Þjóðverjum í styrjöldinni og beðið ósigur. Bretar voru hlynntir innflutningi gyðinga til landsins. Utanríkisráðherra Breta, Arthur James Balfour leit svona á málið í nóvember 1917:

Gyðingar á leið til Palestínu.



„Ríkisstjórn Hans Hátignar hefur velþóknun á stofnun þjóðarheimilis fyrir gyðingabjóðina í Palestínu og vill stuðla eins og frekast er unnt að því að það geti gerst, að því tilskildu að ekkert gerist sem veikir borgaraleg eða trúarleg réttindi þeirra Palestínumanna sem eru ekki gyðingar, né réttindi og pólitíska stöðu gyðinga í neinu öðru landi.“

Þessi ummæli voru kölluð Balfour-yfirlýsingin. En á millistríðsárunum reyndist erfitt fyrir Breta að stjórna landsvæðinu vegna árekstra á milli gyðinga og araba sem vildu ekki fá gyðinga inn í Palestínu. Sérstaklega varð mikið um deilur eftir 1930 af því að margir gyðingar fluttust til Palestínu eftir að Hitler hafði tekið völdin í Þýskalandi. Í meira en þúsund ár höfðu gyðingar myndað lítinn minnihlutahóp í Palestínu en svo margir fluttust þangað á millistríðsárunum að árið 1939 voru þeir um þriðjungur íbúanna.

Tyrkjaveldi náði yfir Tyrkland, hluta af Mið-Austurlöndum og Balkanskaga.

Gettó var afmarkað svæði í borg þar sem fólk var oft neytt til að búa gegn vilja sínum.


Styrjöld Ísraela og araba

Bretum tókst ekki að leysa úr deilu gyðinga og araba. Þeir gáfust að lokum upp á því og létu Sameinuðu þjóðunum eftir að ákveða hvað yrði um Palestínu. Á árinu 1947 tók alþjóðasamfélagið, undir forustu Sameinuðu þjóðanna, ákvörðun um að Palestínu skyldi skipt upp í ríki gyðinga og Palestínuaraba og gyðingar fá 56% af landinu.

Gyðingar studdu samþykkt Sameinuðu þjóðanna en arabar voru óánægðir. Þeir litu á það sem íhlutun Vesturlanda að taka landið frá Palestínumönnum. Fyrsta maí 1948 stofnuðu gyðingar Ísraelsríki og arabar litu á það sem yfirgang.

Í sama mánuði réðust arabaríkin Egyptaland, Jórdanía, Írak, Sýrland og Líbanon á Ísrael. Arabar áttu von á skjótum sigri en styrjöldin stóð í heilt ár. Það var ekki aðeins að Ísraelsríki verði sig heldur bætti það við sig landsvæðum. Ísraelsmenn höfðu keypt vopn frá Tékkóslóvakíu og stofnað eigin her sem gerði þeim mögulegt að sigra araba. Þegar stríðinu lauk, á árinu 1949, réðu Ísraelsmenn yfir 80% af landi Palestínu og á herteknu svæðunum voru hundruð þúsunda af aröbum rekin burt.

Arabaríkin neituðu að viðurkenna gyðingaríki í Palestínu. Arabar höfðu myndað meirihluta í landinu um aldir og þeim fannst landið tilheyra sér. Þeir neituðu að semja við Ísraelsmenn og lokuðu aðflutningsleiðum á sjó til landsins til að gera Ísraelsmönnum erfiðara fyrir að fá vörur frá útlöndum. Ísraelsmenn fundu að þeir voru umkringdir af óvinum og mundu aldrei geta lifað nema með sterkum landvörnum. Ísrael varði því óhemjumiklu fé í vopnakaup og tók upp almenna herskyldu, einnig fyrir stúlkur.



Finnið svar

- 1 Hvað er diaspora?
- 2 Hverjir eru síonistar?
- 3 Hvers vegna fluttust margir gyðingar til Palestínu á 19. og 20. öld?
- 4 Hvaða samþykkt gerðu Sameinuðu þjóðirnar í málefnum Palestínu árið 1947?
- 5 Hvers vegna réðust arabaríkin á Ísrael árið 1948?
- 6 Hver urðu úrslitin í stríði Ísraels og araba 1949?

Umræðuefni

- 7 Var styrjöld Ísraels og araba óhjákvæmileg þegar gyðingar stofnuðu Ísraelsríki 1948, eða hefði verið hægt að leysa deiluna friðsamlega?

Viðfangsefni

- 8 Farið inn á netsíðurnar [www.http://zion.is](http://zion.is), www.island-israel.is og www.palestina.is
- a Hvað er líkt og hvað er ólíkt með því hvernig samfélög gyðinga og Palestínuaraba kynna sig?
- b Hvernig kynna þau hvort annað?

Heimildavinna

- 9 Lesið heimildaklausurnar á bls. 74.
- a Hver er boðskapur Yfirlýsingar frá yfirnefnd araba í mars 1946?
- b Hver er boðskapur Sjálfstæðis-yfirlýsingar Ísraels 14. maí 1948?
- c Greinir þessar tvær heimildir á einhvern hátt á? Ef svo er, hvernig?

Kjarni

- * Öldum saman hefur Palestína verið heimaland gyðinga, kristinna manna og múslima. Síðan á 19. öld hafa margir gyðingar flust þangað frá Evrópulöndum. Árið 1939 voru gyðingar orðnir þriðjungur íbúanna.
- * Árið 1948 stofnuðu gyðingar ríkið Ísrael í Palestínu. Arabar, sem voru

fjölmennastir á svæðinu, og ríki araba í nágrenninu, neituðu að viðurkenna ríki gyðinga. Þeir réðust þess vegna á Ísrael. Þegar stríðinu lauk, árið 1949, réðu Ísraelsmenn yfir 80% af landi Palestínu og hundruð þúsunda af aröbum voru rekin burt af hertekna landinu.



Mið-Austurlönd í köldu stríði

Risaveldin Bandaríkin og Sovétríkin blönduðu sér oft ásamt bandalagsríkjum sínum inn í deilurnar milli Ísraels og araba. Hvers vegna og hvernig gerðist það? Og hvað þýddi það fyrir Mið-Austurlönd, fyrir sambúð stórveldanna og fyrir arabaheiminn?

Brostnar vonir Palestínumanna

Árið 1956 varð Gamal Nasser leiðtogi Egyptalands. Hann tók sér fyrir hendur að sameina öll Mið-Austurlönd í baráttu gegn Ísrael. Þannig gaf hann Palestínumönnum nýja von um að ná hernumdu svæðunum til baka. Lengi hafði mörgum arabum fundist þeir vera vanmáttugir af því að enginn arabískur þjóðarleiðtogi hélt uppi baráttu gegn Ísrael. Því urðu margir glaðir árið 1956 þegar Egyptar undir forystu Nassers tóku við stjórn Súesskurðarins. Það er 171 kílómetra langur skipaskurður gegnum Egyptaland sem tengir Miðjarðarhaf og Rauðahaf.

Skurðurinn var mikilvægur fyrir viðskipti á svæðinu af því um hann fóru afar miklir vöruflutningar. Þeir sem sigldu í gegnum skurðinn urðu að greiða gjald svo að það var arðvænlegt að hafa stjórn á skurðinum. En það var ekki eina ástæðan til að Nasser hernam Súesskurðinn. Á sjötta áratug aldarinnar höfðu stuðningsmenn Ísraels, Frakkar og Bretar, starfrækt skurðinn. Með því að taka hann vonaðist Nasser til að geta bundið enda á áhrif Vesturlanda í Mið-Austurlöndum.

Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn réðust á Egyptaland og unnu Súesskurðinn á ný. En óttinn við meiri háttar stríð varð til þess að Bandaríkin og Sovétríkin þvinguðu þá til að draga sig til baka. Margir arabar litu á Nasser sem sigurvegara og gerðu hann að hetju. Ísraelsmenn, Bretar og Frakkar höfðu hins vegar verið auðmýktir.

Sjálfskraust araba hafði aukist og árið 1967 lokuðu Egyptar fyrir

Nasser hylltur eftir að hann hefur þjóðnýtt Súesskurðinn.



aðgang Ísraelsmanna að Rauðahafi. En fljótlega kom í ljós að þar höfðu þeir gengið of langt. Ísraelsmenn réðust á Egyptaland, Jórdaníu og Sýrland og unnu yfirburðasigur í stríði sem stóð aðeins í sex daga. Þetta er kallað sex daga stríðið. Þá hernámu Ísraelsmenn Sínaískaga, Gazaströndina, Vesturbakkann, Gólanhæðir og Súesskurðinn. Nú var yfirráðasvæði Ísraels orðið stærra en nokkru sinni áður.

NÆRMYND

Bandaríkin og Sovétríkin í Mið-Austurlöndum

Vesturlönd, undir forustu Bandaríkjanna, studdu Ísrael með fé og vopnum, einnig nokkur olúframleiðsluríki araba. Þessi ríki vildu hindra að kommúnismi festi rætur í Mið-Austurlöndum. Stuðningur Vesturlanda við Ísrael varð til þess að arabar litu ekki aðeins á Ísraelsmenn sem óvini heldur líka Bandaríkin og Vesturlönd öll. Hugmynd araba um fjandskap Vesturlanda styrktist enn við það að Vesturlandamenn fordæmdu ekki það sem arabar litu á sem yfiringang Ísraelsmanna.

Á árunum upp úr 1950 höfðu margir arabar von um að geta lagt Ísraelsríki að velli. Eins og Bandaríkjamenn vildu breiða frjálshyggjuna út vildu Sovétmenn útbreiða kommúnisma í Mið-Austurlöndum. Þess vegna tóku þeir upp málstað araba. Gyðingar voru reknir úr öllum kommúnistaflokkum Austur-Evrópu og mörg arabaríki fengu hernaðaraðstoð, svo sem Egyptaland, Sýrland og Jórdanía.

Mið-Austurlönd hafa verið og eru enn mikilvæg fyrir lönd um allan heim. Það stafar ekki aðeins af olúuauði í löndum eins og Sádi-Arabíu, Írak og Egyptalandi. Staður Mið-Austurlanda á milli austurs og vesturs gerir svæðið líka mikilvægt fyrir verslunarsambönd.



Arabar þrýsta á Bandaríkjamenn

Þetta voru mikil vonbrigði fyrir araba í Mið-Austurlöndum. Allt gekk öfugt við það sem þeir höfðu vonað. Í staðinn fyrir að vinna land af Ísraelsmönnum höfðu þeir tapað landi. Þó að Egyptar og fleiri arabaríki fengju vígbúnað og pólitískan stuðning frá Sovétríkjunum tókst þeim ekki að ná aftur hernumdu svæðunum. Vesturlönd og einkum Bandaríkin höfðu séð um að Ísraelsmenn skorti hvorki vopn né peninga, þótt þau veittu arabalöndum líka fjárstuðning. Var hugsanlegt að þrýsta svo á Bandaríkin að þau þvinguðu Ísrael til að gefa eftir?

Það reyndu Egyptar undir forystu nýs leiðtoga, Anvars Sadat, árið 1973, þegar Egyptar gerðu skyndiárás á Ísrael. Egyptar vildu þrýsta á Bandaríkin að þvinga Ísrael til að skila

herteknu landsvæðunum. Stríðið sem hófst með árás Egypta er kallað *jom kippur*-stríðið því að árásin var gerð 6. október sem bar þetta ár upp á helgidag gyðinga *jom kippur*.

Orrustan var hörð og Ísraelsmenn létu undan í fyrstu. En smám saman fóru þeir að sækja á. Hersveitir þeirra fóru yfir Súesskurðinn og umkringdu Egypta. Stríðinu lauk þó með vopnahléi og Ísraelsmenn drógu sig til baka. Sovétríkin hótuðu að blanda sér í stríðið til að hjálpa arabbum, og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun þar sem þess var krafist að Ísrael drægi sig til baka. Ísraelsmenn voru ófúsir til þess en Bandaríkjamenn þvinguðu þá til að hlýða ályktuninni. Alþjóðasamfélagið undir forustu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna vildi forðast meiri háttar styrjöld.

Samtímis *jom kippur*-stríðinu settu arabalönd aukinn þrýsting á Bandaríkin með því að hækka olíuverð og draga úr olíuframleiðslu. Það kom af stað olíukreppu. Þar sem Bandaríkin og önnur Vesturlönd voru háð innfluttri olíu til að halda uppi atvinnulífi sínu varð olíukreppan til þess að þau neyddust til leggja meira á sig til að leysa deiluna í Mið-Austurlöndum. Loks tókst Bandaríkjastjórn að þrýsta svo á Ísraelsmenn að þeir þöldu Egyptum að opna Súesskurðinn á ný og fá tekjur af honum.

Jom kippur er dagur friðþæg-
ingar í sið gyðinga en að frið-
þægja er að bæta fyrir syndir
sínar og fá fyrirgefningu.



Yasir Arafat (1929–2004).

Frelsisbarátta Palestínu

Árið 1964 stofnuðu Palestínumenn frelsishreyfinguna PLO (*Palestine Liberation Organisation*). Takmark þeirra var að eyða Ísraelsríki. Undir forystu Yassirs Arafat gerði PLO árásir í Ísrael. Þeir drápu Ísraelsmenn með sprengjum, sprengikúlum og byssum. Markmið þessara árása var oft að þvinga Ísraelsmenn til að láta lausa palestínska fanga og að vekja athygli heimsins.

Þegar PLO náði ekki takmarki sínu skiptu samtökin um aðferð. Á áttunda tug aldarinnar byrjuðu þau að gera árásir í öðrum heimshlutum. Á ólympíuleikunum í München í Þýskalandi árið 1972 laumaðist lítill hópur Palestínumanna inn í ólympíuþorpið þar sem keppnislið Ísraels hélt til. Þeir drápu nokkra í liðinu en tóku aðra sem gísla. Eftir misheppnaða björgunartílaun voru allir gíslarnir drepnir ásamt þeim sem höfðu tekið þá í gíslingu. Samtals féllu



ellefu ísraelskir íþróttamenn. Morðin vöktu mikla andúð viðs vegar um heiminn og ollu því að Palestínumenn misstu þann litla stuðning sem þeir höfðu þrátt fyrir allt haft í Bandaríkjunum og Evrópu.

Það varð til þess að PLO skipti enn um aðferð. Á níunda áratugnum reyndu þeir meira að ná markmiðum sínum með friðsamlegum aðgerðum. Í staðinn fyrir að drepa saklaust fólk í Ísrael skipulögðu þeir kröfugöngur og verkföll á hernumdu svæðunum. Ísraelsmenn svöruðu með útgöngubönnum, handtökum og árásum á þá einstaklinga sem voru taldir standa á bak við árásirnar. Afleiðingin var sú að PLO fékk aukinn stuðning í öðrum löndum.

Gagnrýni á Ísrael

Það voru ekki aðeins hörð viðbrögð Ísraelsmanna við árásum Palestínumanna sem fengu umheiminn til að snúast gegn þeim. Árið 1982 ákváðu Ísraelsmenn að brjóta PLO á bak aftur í eitt skipti fyrir öll. Ísraelskur her gerði

Hryðjuverk

Sameinuðu þjóðunum hefur ekki tekist að komast að samkomulagi um skilgreiningu á hryðjuverkum. En fyrrverandi framkvæmdastjóri þeirra, Kofi Annan, hefur stungið upp á skilgreiningu sem mörg ríki styðja:

„Hryðjuverk er það þegar manneskja fremur, ólöglega en af ásettu ráði, verknað sem leiðir til dauða eða alvarlegs skaða á fólki eða verulegrar eyðileggingar á eignum, hvort sem þær eru opinberar eignir eða einkaeignir. Þar með teljast staðir sem almenningur fer um, opinberar byggingar, samgöngukerfi og hvers konar skipulagskerfi. Þegar eitthvað er aðhafst í því skyni að skaða íbúa lands eða þvinga ríkisstjórn eða stjórn fjölþjóðasamtaka til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert telst það vera hryðjuverk.“

Ekki ríkir alltaf samkomulag um hvað beri að kalla hryðjuverk. Dæmi þess eru sjálfsvígisárásir Palestínumanna í Ísrael. Í augum Palestínumanna eru þær frelsisbaráttu, í augum Ísraelsmanna hryðjuverk. Hvað finnst ykkur?

stóraráð á PLO, sem hafði þá aðalbakstöðvar sínar í Líbanon, og þvingaði samtökin til að hverfa úr landinu.

Mesta andúð út um heim vöktu fjöldamorð Ísraelsmanna í tvennum flóttamannabúðum Palestínumanna í september 1982. Hópur kristinna vígamanna drap hundruð manna í búðunum Sabra og Chatilla í Líbanon. Ísraelsmenn urðu að taka ábyrgð á morðunum af því að þeir réðu yfir svæðinu þar sem flóttamannabúðirnar voru. Í mörgum löndum fannst fólk þetta sýna að ekki aðeins Palestínumenn heldur einnig Ísraelsmenn væru ofbeldissinnar.

Yitzhak Rabin og Yasir Arafat takast í hendur eftir að hafa undirritað friðarsamning Ísraels og PLO í Washington 13. september 1993. Á milli þeirra stendur Bill Clinton Bandaríkjaforseti. Árið eftir fengu Rabin, Arafat og Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, friðarverðlaun Nóbels fyrir framlag sitt til að koma á friði með Ísraelsmönnum og Palestínumönnum.

Oslóarsamningurinn

Í ágúst 1993 urðu PLO og Ísraelsmenn loks sammála um samning sem átti að veita Palestínumönnum smám saman sjálfstjórn á Vesturbakkanum og Gazaströndinni. PLO og Ísrael viðurkenndu tilverurétt hvort annars og PLO afneitaði hryðjuverkum. Frestað var að komast að niðurstöðu um erfiðustu ágreiningsefnin, svo sem þau hvort Palestínumenn ættu að fá að stofna eigið ríki, hver ætti að fá Jerúsalem og hvað ætti að verða um byggðir sem Ísraelsmenn höfðu komið sér upp á Vesturbakkanum. Hvernig gátu Palestínumenn og Ísraelsmenn komist svo nærri samkomulagi eftir allt sem hafði gerst þeirra á milli?

Það varð auðveldara fyrir Ísraelsmenn að semja við PLO af því að

samtökin höfðu orðið hófsamari. Á sama tíma urðu ríkisstjórnarskipti í Ísrael. Nýr forsætisráðherra, Yitzhak Rabin úr Verkamannaflokki Ísraels, hafði friðsamlegri afstöðu til Palestínumanna en fyrirrennari hans. Loks var kalda stríðið gengið yfir. Bandaríkin voru voldugri en nokkru sinni fyrr og notuðu vald sitt til að þvinga Ísraelsmenn og Palestínubúa til að tala saman og leysa ágreiningsmál sín. Samningurinn var undirritaður í Washington af Rabin og Arafat en hann var nefndur Oslóarsamningurinn af því að hann var gerður eftir mánaðalangar leynilegar viðræður í Osló.

Samningurinn vakti mikil fagnaðarlæti meðal flestra Ísraelsmanna og Palestínubúa. Í öðrum löndum vonuðu margir að loks kæmist á



fríður í Mið-Austurlöndum. En það átti ekki eftir að fara þannig. Ofsatrúaðir gyðingar héldu því fram að Ísraelsstjórn hefði afsalað sér landi sem Guð sjálfur hefði úthlutað þeim. Árið 1994 drap trúarofstækismaður af gyðingauppruna 29 múslima þar sem þeir voru að biðjast fyrir í Hebron. Trúarofstækismenn meðal múslima töldu líka að Arafat hefði látið of mikið undan og Hamas og önnur róttæk samtök Palestínumanna frömdu sjálfsvígisárásir í Ísrael.

NÆRMYND

Bókstafstrú

Til að skilja samtíma okkar er nauðsynlegt að vita hvað felst í því sem er kallað bókstafstrú eða fundamentalism.

Upphaflega var orðið notað um hóp amerískra guðfræðinga sem voru uppi í upphafi 20. aldar og héldu því fram að það ætti að skilja Biblíuna bókstaflega. Þeir voru andvígir þeirri textatúlkun sem var þá að ryðja sér til rúms og vildu lesa orð Biblíunnar „eins og þau koma fyrir“, án þess að taka mið af sagnfræðilegum og vísindalegum aðferðum. En þessi hópur bókstafstrúarmanna – sem hreyfingin dregur nafn sitt af – er ekki meðal þess sem við tengjum við bókstafstrú nú á dögum.

Á okkar dögum er hugtakið bókstafstrú notað um ofstæki sem einkennist af ómálefnalegri afstöðu og viljaleysi til að skilja og virða fólk sem hugsar öðruvísi. Orðið bókstafstrú er líka notað um öfgastefnur, um pólitíska eða trúarlega hópa sem eru í andstöðu við umhverfi sitt og geta gripið til ofbeldis og hryðjuverka til að hafa sitt fram.

Hugtakið bókstafstrú er þannig notað um marga ólíka hópa og er mjög neikvætt. En áður fyrr var bókstafstrú svar við því að trú var ekki lengur ríkjandi afl í vísindum, stjórnmálum eða heimilislífi.



Morðið á Yitzhak Rabin

Hinn 4. nóvember 1995 höfðu yfir 250.000 manns safnast saman á stóru torgi í borginni Tel Aviv í Ísrael til að hlusta á forsætisráðherra landsins, Yitzhak Rabin, halda ræðu. Fólkíð fagnaði þegar Rabin sagði að eina leiðin til að gera Ísrael að öruggum stað væri að ná friði við Palestínumenn. En meðal áheyrenda voru ekki allir á þeirri skoðun. Þegar Rabin var á leið inn í bíl sinn eftir ræðuna hljóp bókstafstrúaður gyðingur, Yigal Amir, upp að honum aftan frá og skaut hann tveimur skotum í bakið. Lögreglan yfirbugaði Amir strax en ekki var hægt að bjarga lífi Rabins. Hann dó skömmu eftir að hann kom á sjúkrahús.

NÆRMYND

Sögunámsbækur í Ísrael og Palestínu

1. heimild. Úr ísraelskri námsbók

Hinn heilagi, blessaður veri hann, kom til kom til araba og sagði: „Viljið þið taka á móti Lögmálinu?“ Þeir svöruðu: „Hvað stendur í því?“ Hann sagði við þá: „Þú skalt ekki stela.“ Þeir svöruðu: „Við getum ekki tekið við Lögmálinu; við eigum of erfitt með að hætta að stela.“ Og þannig gekk hann, hinn heilagi, blessaður veri hann, frá einni þjóð til annarrar, og enginn vildi taka á móti Lögmálinu. En þegar hann kom til gyðinga svöruðu þeir strax: „Við viljum gera það, og við viljum hlusta.“

2. heimild. Úr námsbók Palestínumanna

Ísrael er eins og hnífur í hjarta föðurlandsins. [...] Í Mósebókunum stendur að gyðingar séu Guðs útvalin þjóð, þeir einir eigi skilið að lifa og aðrir eigi skilið að deyja [...] Gyðingar líta á peninga sem guð sinn, þeir vilja lifa einlífi, þeim er refsað fyrir siðlausa hegðun sína og þess vegna hefur orðið „gyðingur“ farið að tengjast við sviksemi og aumingjaskap.

3. heimild. Úr ísraelskri námsbók


Margir trúa því að dúfan sé fugl sem flytur frið. Þessi skoðun er röng, hún er fordómur. Fólk trúir henni án þess að rannsaka málið. Það eru til margir fordómar, til dæmis þessir:

- 1 Gyðingar stjórna heiminum og nýta sér alla sem þar eiga heima.
- 2 Svertingjar eru aumingjar og geta ekki orðið vísindamenn.
- 3 Arabar skilja ekkert annað en valdbeitingu.

Búið til langan lista yfir fordóma og safnið á hann allt árið. Skriðið þá niður og safnið þeim í eina möppu með fyrirsögninni „Það sem fólk segir, en er ekki satt – Fordómar“. Reynið að finna teikningu eða skopmynd sem á við hvern af þessum fordómum. Verið tilbúin að útskýra munnlega hvers vegna þessi ummæli eru fordómar:

- A Hver er boðskapur klausunnar úr fyrri ísraelsku námsbókinni (1. heimild)?
- B Hver er boðskapur klausunnar úr námsbók Palestínumanna (2. heimild)?
- C Hver er boðskapur klausunnar úr síðari ísraelsku bókinni (3. heimild)?
- D Hvers vegna flytja bækurnar svona ólíkan boðskap?
- E Hverju koma námsbækurnar til leiðar með því að segja svona ólíkar sögur?
- F Hvaða afleiðingar haldið þið að boðskapur bókanna hafi á sambandið á milli Ísraelsmanna og Palestínumanna?

Lögmálið er kallað Tora á mörgum málum og samanstendur af Mósebókunum í Gamla testamenti Biblíunnar þar sem trúarleg lög gyðinga eru skráð.



Finnið svar

- 10 Hvað gerðist í Súesdeilunni 1956?
- 11 Hver urðu úrslit sex daga stríðsins 1967?
- 12 Hvers vegna lauk jóm kippur-stríðinu með vopnahléi?
- 13 Fyrir hvað stendur skammstöfunin PLO?
- 14 Hvers vegna varð alþjóðasamfélagið gagnrýnið á Ísrael á níunda áratug 20. aldar?
- 15 Hver voru meginatriði Oslóar-samningsins?

Umræðuefni

- 16 Voru árásir PLO í Ísrael frelsisbarátta eða hryðjuverk?
- 17 Hvort voru aðgerðir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Mið-Austurlöndum meira til góðs eða illis?

Viðfangsefni

- 18 Berið saman landakortin af Mið-Austurlöndum (á bls. 74, 79 og 87). Hvað hefur landakort fram yfir texta sem heimild?

Þjálfði hugann

- 19 Eitt á ekki heima hér:
 - a Ísrael, Egyptaland, Bretland, Noregur.
 - b Hamas, Rabin, Arafat, Oslóar-samningurinn.
 - c Gaza, Vesturbakkinn, Jerúsalem, Sinaiskagi.

Heimildavinna

- 20 Lesið á bls. 81 tillögu Kofis Annan um skilgreiningu á hryðjuverki.
 - a Hver er samkvæmt henni munurinn á stríði og hryðjuverkum?
 - b Er eitthvað vafasamt í skilgreiningunni? Ef það er, hvað?

Kjarni

- ★ Í sex daga stríðinu 1967 hernam Ísrael Sinaiskaga, Gazaströndina, Vesturbakkann, Gólanhæðir og Súesskurðinn. Árið 1973 gerðu Egyptar óvænta árás á Ísrael til að ná löndum sínum til baka (jóm kippur-stríðið). Bardagar voru harðir en fyrirætlun Egypta mistókst.
- ★ Átökin á milli Ísraelsmanna og Palestínubúa héldu áfram á sjöunda, áttunda og níunda tug aldarinnar.

PLO, frelsishreyfing Palestínumanna, gerði árásir í Ísrael og Ísraelsher gerði stórarásir á PLO.

- ★ Í ágúst 1993 gerðu Ísrael og PLO með sér samning sem átti að leiða til þess að Palestínumenn fengju sjálfstjórn á Vesturbakkanum og Gazaströndinni. Ísrael og PLO viðurkenndu hvort annað og PLO afneitaði hryðjuverkum.



Barist gegn vestrænum áhrifum


Í Mið-Austurlöndum voru margir óánægðir með fátækt og spillingu í heimalöndum sínum og fólki fannst leiðtogar landa sinna ekki gera nóg til að binda enda á hernám Ísraelsmanna á landi Palestínumanna. Smám saman varð það trúin sem sameinaði fólk í baráttu gegn eigin spilltu stjórnvöldum, Ísrael og Vesturlöndum.

Múslimabylting í Íran

Árið 1979 var gerð stjórnarbylting í Íran. Fólk var orðið þreytt á fátækt, miklum líf skjaramun og spilltum valdhöfum. Það jók óánægjuna að þjóðarleiðtogi Írana, Reza Shah Pahlavi keisari reyndi að umbreyta Íran eftir vestrænum fyrirmyndum með stuðningi Bandaríkjamanna. Vestrænir hlutir, auglýsingar og skemmtanir, urðu meira áberandi en trúin þokaðist í bakgrunn. Til að halda völdum hafði

keisarinn leynilega lögreglu, SAVAK. Hlutverk hennar var að fylgjast með andstæðingum keisarans, handtaka þá, fangelsa og hræða til undirgefni.

Íranir fengu smám saman nóg af stjórn keisarans og hrottalegum aðferðum SAVAK. Árið 1979 var keisarinn settur af og hinn heittrúaði erkiklerkur (ayatolla) Khomeini komst til valda. Eftir það voru allir skyldaðir til að fylgja islömskum lögum. Körlum og konum sem voru ekki í hjónabandi var haldið aðgreindum. Konur urðu að ganga með blæjur. Áfengi var bannað og föstur fyrirskipaður. Í augum islamista voru Bandaríkjamenn og Ísraelar þjóðir sem unnu gegn islam og Khomeini hvatti til heilags stríðs gegn þeim.



Islamismi er stjórnmalastefna sem vill skapa stjórnkerfi byggt á trúarlegum lögmálum múslima.

Khomeini erkiklerkur (ayatolla) (1900–89) var múslimskur trúarleiðtogi. Eftir að hann hélt uppi mótmælaaðgerðum gegn Íranskeisara á sjöunda tug aldarinnar var hann hrakinn í útlegð árið 1963. En árið 1979 kom hann til baka til Íran til að stjórna byltingu gegn keisarastjórninni.

Flóabardagi

Árið 1990 réðust Írakar á nágranna-ríkið Kuwait. Það var réttlætt þannig að eiginlega væri Kuwait hluti af Írak og þess vegna tilheyrði Írak mikill olíuauður sem Kuwait réð yfir. Vesturlönd undir forustu Bandaríkjanna héldu því hins vegar fram að árásin væri brot á þjóðarétti og þau svöruðu í sömu mynt. Stríðið var kennt við Persaflóa og kallað Flóabardagi á íslensku.

Styrjöldin leiddi til aukins fjandskapar við Vesturlönd, sérstaklega Bandaríkin. Margir arabar hugsuðu: „Vesturlönd grípa inn í þegar hagsmunum þeirra sjálfra er ógnað en þau gera ekkert til að bæta stöðu Palestínumanna.“ Að baki lá sú hugsun að Bandaríkjamenn gripu bara inn í til að afla sér aðgangs að olíu.

Leiðtogi Íraka, Saddam Hussein, reyndi að magna upp óánægju araba í því skyni að fá önnur arabaríki til að sameinast gegn Vesturlöndum og Bandaríkjunum. Hann sagðist meðal annars vera fús til að flytja lið sitt út úr Kuwait ef Ísraelsmenn gerðu það sama á landsvæðum sem þeir hefðu hernumið. Fyrir þetta varð Hussein vinsæll sums staðar í arabalöndum, einkum í Palestínu.

Al Kaída og Osama bin Laden

* 11. september 2001: Íslamskir bókstafstrúarmenn rændu fjórum bandarískum farþegaflugvélum, flugu tveimur þeirra á World Trade Center í New York og einni á varnarmálaráðuneytið, Pentagon í Washington. Fjórða vélin féll til jarðar. Um þrjú þúsund manns týndu lífi.



Styrjöldin er kölluð Flóabardagi af því að hún var háð við Persaflóa, á milli Sádi-Arabíu og Íran.

- * 11. mars 2004: Tíu sprengjur sprangu í fjórum lestum í morgunumferðinni í Madrid. 191 fórst og næstum tvö þúsund slösuðust.
- * 7. júlí 2005: Fimm sjálfsvígsmenn frömdu sprengjutilræði í neðanjarðarlestakerfinu í London. 52 fórust og næstum átta hundruð slösuðust.

Osama bin Laden (1957–2011) óx upp í auðugri fjölskyldu í Sádi-Arabíu. Á níunda áratug aldarinnar tók hann þátt í andspyrnu múslima gegn innrás Sovétríkjanna í Afganistan. Á síðasta tug 20. aldar stofnaði hann samtökin Al Kaída. Árið 2011 fundu bandarískir sersveitarmenn hann í Pakistan og skutu hann á staðnum.



Á öllum þessum tilræðum hafa hryðjuverkasamtökin Al Kaída lýst ábyrgð. Meðlimir Al Kaída eru islamskir bókstafstrúarmenn dreifðir um allan heim. Að miklu leyti fremja þeir hryðjuverk sín að eigin frumkvæði á hverjum stað. Þess vegna er erfitt að sigr þá. Leiðtogi Al Kaída var til skamms tíma Osama bin Laden en Bandaríkjamenn drápu hann í Pakistan árið 2011.

Í augum Al Kaída eru allar styrjaldir sem Vesturlönd hafa háð í Mið-Austurlöndum sönnun þess að Bandaríkin hafi forustu í árásarstríði Vesturlanda gegn islam. Þess vegna hefur Al Kaída lýst yfir heilögu stríði á hendur Bandaríkjunum og bandalagsríkjum þeirra.


Á tíunda áratug síðustu aldar barðist Al Kaída við valdhafana í Sádi-Arabíu af því að þeir leyfðu amerískum hersveitum að vera í landinu eftir Flóabardaga. Síðan hafa Bandaríkin verið höfuðandstæðingur samtakanna.

Afleiðingar árásarinnar 11. september

Árásin 11. september var áfall fyrir Bandaríkjamenn. Í fyrsta sinn síðan Japanir réðust á Pearl Harbour í síðari heimsstyrjöldinni urðu Bandaríkin fyrir árás. Eftir að komið var í ljós að islamskir bókstafstrúarmenn höfðu staðið að árásinni snerust margir gegn múslimum, sérstaklega bókstafstrúarmönnum. Bandarískir stjórnmálamenn komu tilfinningum fólks í orð. Ári eftir tilræðið sagði forsetinn, George W. Bush:

„Það verður ekki saminn friður við hryðjuverkamenn. Sérhvert merki um veikleika eða undanhald eykur einfaldlega gildi hryðjuverka ofbeldisins og býður heim enn meira ofbeldi fyrir allar þjóðir. Eina örugga leiðin til að vernda okkar fólk er að bregðast við hratt, örugglega og með sameinuðum kröftum.“

SAKNAD. – Eftir árásina á Alþjóðlegu viðskiptamiðstöðina í New York 11. september 2001 reyndi fólk að hafa uppi á týndum ástvinum með því að lýsa eftir þeim á almannafæri.





Styrjaldir Bandaríkjamanna í Mið-Austurlöndum hafa reitt marga til reiði í þeim löndum. Mörgum finnst að islamskir bókstafstrúarmenn séu þeir einu sem rísi upp til varnar. Þannig hefur islam styrkst sem sameiginleg vörn gegn Vesturlöndum.


Studdir af Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna réðust Bandaríkjamenn með her inn í Afganistan árið 2001 og hröktu íslamska stjórn Talibana út úr höfuðborginni Kabúl. Þeir héldu því fram að Talibanar hefðu hryðjuverkamenn í felum og gæfu þeim færi á að þjálfa sig. Eftir það tók við völdum í Kabúl lýðræðisleg stjórn og hliðholl Vesturveldunum, undir forystu Hamid Karzai. Hermenn frá Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum voru áfram í landinu til að koma í veg fyrir að Talibanar kæmust til valda á ný. Enn óttast bæði Afganar og Vesturlandamenn að Talibönnum muni takast að reka stjórnina frá völdum. Enn er barist við uppreisnarmenn Talibana í fjöllum í Afganistan.

Rúmu ári eftir árásina á Afganistan, árið 2003, réðust Bandaríkjamenn inn í Írak undir því yfirskini að stjórn landsins byggji yfir gereyðingarvopnum og styddi hryðjuverkamenn. Þannig varð stríðið í Írak líka stríð gegn hryðjuverkum. Eftir stutt stríð voru Saddam Hussein og stjórn hans fjarlægð og ný stjórn kosin til valda. Enn hafa vestræn ríki herlið í Írak til að koma í veg fyrir að islamskir bókstafstrúarmenn eða aðrir

uppreisnarahópar taki völdin. Eftir á hafa Bandaríkin verið gagnrýnd mikið fyrir stríðið í Írak vegna þess að komið hefur í ljós að þar voru engin gereyðingarvopn.

Margir múslimar reiddust líka árásum 11. september. Þeir reiddust af því að svo margt saklaust fólk var drepið og af því að allir múslimar, bæði í Bandaríkjunum og annars staðar, voru gerðir að sökudólgum. Arabísk ríki eins og Egyptaland, Sádi-Arabía og Jórdanía fordæmdu verknað islömsku bókstafstrúarmannanna.

En styrjaldir Bandaríkjamanna í Mið-Austurlöndum hafa líka leitt til mikillar reiði þar og mörgum gremst að þeirra eigin leiðtogar hafa ekki snúist gegn Bandaríkjamönnum. Mörgum hefur fundist að islamskir bókstafstrúarmenn undir forustu Osama bin Laden væru þeir einu sem snerust gegn Vesturlöndum og Bandaríkjunum. Þannig hefur islam vaxið ásmegin í andstöðu við Vesturlönd.



Finnið svar

- 21** Hvers konar stjórn fékk Íran eftir byltinguna 1979?
- 22** Hvers vegna réðust Bandaríkjamenn á Írak árið 1990?
- 23** Hverjar urðu afleiðingar Flóabardaga fyrir sambandið á milli Vesturlanda og arabalandanna?
- 24** Hver eru helstu einkenni Al Kaída?
- 25** Hvaða áhrif hafa styrjaldirnar undir forustu Bandaríkjamanna í Mið-Austurlöndum haft á samskipti Bandaríkjanna og annarra Vesturlanda annars vegar og Mið-Austurlanda hins vegar?

Umræðuefni

- 26** Eftir 11. september 2001 hafa mörg ríki sett strangari reglur um eftirlit í flugstöðvum. Merkir þetta að hryðjuverkamenn hafi unnið sigur? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- 27** Hvernig er hægt að nota söguna til að leysa deiluna á milli Bandaríkjanna og ríkja Mið-Austurlanda?
- 28** Hafa árásirnar á Afganistan og Írak leitt til þess að dregið hafi úr hryðjuverkum?
- 29** Stafar ófriðurinn í Mið-Austurlöndum af trúarástæðum eða einhverju öðru?

Viðfangsefni

- 30** Beitið leitartækni á netinu til að komast að því hvað „heilagt stríð“ (*holy war, heilig krig, jihad, ds jihad*) merkir.
- 31** Skriðið blaðagrein þar sem þið leggið fram tillögur um hvernig eigi að leysa deilur Vesturlanda og Mið-Austurlanda.

Heimildavinna


- 32** Lesið klausuna úr ræðu Georges W. Bush á bls. 88.
 - a** Hvað haldið þið að Bush meini þegar hann segir: „Sérhvert merki um veikleika eða undanhald eykur einfaldlega gildi hryðjuverka ofbeldisins“?
 - b** Hvað heldurðu að Bush eigi við þegar hann talar um hryðjuverk?
 - c** Er hægt að nota þessi orð sem heimild um utanríkisstefnu Bandaríkjanna á valdatíma Bush? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
 - d** Með hvaða aðferðum er hægt að berjast gegn hryðjuverkum?

Kjarni

- * Árið 1979 var gerð islömsk stjórnarbylting í Íran. Keisarinn var rekinn frá völdum og hinn heittrúaði erkiklerkur Khomeini tók völdin. Eftir byltinguna urðu allir Íranir að lifa samkvæmt islömskum lögum.
- * Árið 1990 réðust Írakar á Kuwait. Vesturlandaríki undir forustu Bandaríkjanna hrundu árásinni. Stríðið leiddi til aukinnar misklíðar

við Vesturlönd og sérstaklega Bandaríkin.

- * Síðan Al Kaída skipulagði hryðjuverkaárás í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafa samtökin gert fleiri árásir á Vesturlöndum. Bandaríkjamenn hafa ráðist bæði inn í Afganistan og Írak til að stöðva hryðjuverk.





Sjálfstæðis- barátta í nýlendum



„Fyrst láta þeir eins og við séum ekki til. Svo hlæja þeir að okkur. Svo berjast þeir við okkur. Svo sigrum við.“

Þetta sagði Indverjinn Mahatma Gandhi sem barðist fyrir sjálfstæði Indlands á fyrri hluta 20. aldar.


Mörg Evrópuríki, einkum Bretland, Frakkland, Holland, Belgía og Portúgal, höfðu lengi stundað það að gera lönd í Asíu, Afríku og Mið-Austurlöndum að nýlendum sínum. En eftir síðari heimsstyrjöldina urðu nýlendurnar að sjálfstæðum ríkjum. Hvernig gerðist það? Og hvaða verkefni mættu nýfrjálsu ríkjunum?

Markmið

- ★ Kynna dæmi um sjálfstæðisþróun í nýlendum. Orða orsakir og afleiðingar hennar.
- ★ Leita að heimildum, velja þær, meta sjálfstætt og sýna hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.

Ný sjálfstæð ríki

Sjálfstæðispróun nýlendanna eftir 1945



Fyrsti forsætisráðherra Ghana, Kwame Nkrumah, fagnar sjálfstæði lands síns með breska landstjórnunum og enskri hefðarkonu 7. mars 1957. Áður fyrr var hluti af Ghana dönsk nýlenda og tilheyrði því sama konungdæmi og Ísland.



Árið 1945 bjó meira en helmingur mannkynsins í nýlendum sem Evrópuríki töldu sig eiga. Á 19. öld hafði verið litið á þetta sem sjálfsagðan hlut en eftir síðari heimsstyrjöld breyttist afstaða fólks. Evrópumönnum fór að finnast það hafa meiri ókosti en kosti að eiga nýlendur.

Þjóðernishyggja í nýlendum

„Berjast óaflátanlega með öllum stjórnskipulegum leiðum til að koma á „sjálfstjórn núna“ fyrir æðri og lægri íbúa Gullstrandarinnar.“

Þetta var ritað í stefnuskrá “Convention Peoples Party” (CCP). Í nýlendu sem var kölluð Gullströndin (nú Ghana) í Afríku barðist CCP fyrir sjálfstæði á sjötta áratug aldarinnar undir forystu Kwame Nkrumah. Ólíkir þjóðflokkar sem áttu heima í nýlendunum urðu smám saman afar óánægðir með nýlendustjórnina. Evrópumenn notuðu nýlendurnar til

að græða á þeim og skiluðu litlu af gróðanum til íbúanna. Afleiðingin var mikil fátækt. Íbúarnir sannreynðu líka að á þá var ekki hlustað. Nýlenduvelðin réðu öllu og þeir sem ekki hlýddu voru handteknir.


Þó fengu nokkrir innfæddir tækifæri til að komast til Evrópu og mennta sig þar. Þeir komu til baka með evrópskar hugmyndir um þjóðfrelsi og lýðræði. Mörgum nýlendubúum sem heyrðu um þessar hugmyndir fannst að þær ættu vel við hjá þeim. Þeir skipulögðu frelsishreyfingar og börðust fyrir sjálfstæði í löndum sínum.

Eftir báðar heimsstyrjaldirnar fengu frelsishreyfingar sterkari trú á að þær gætu sigrað. Hermenn frá mörgum nýlendum, Indlandi, Indókína (Víetnam, Laos, Kambódíu o.fl.) höfðu barist í herjum nýlenduherranna. Það kom mörgum nýlendubúum á þá skoðun að þeir væru alveg eins dugmiklir og Evrópumenn. Þar að auki fannst mörgum í nýlendum að þeir ættu að fá eitthvað í staðinn fyrir stuðning sinn við nýlenduvelðin.

Ný verkefni í Evrópu

Eftir síðari heimsstyrjöldina var efnahagslíf Evrópu lamað. Mörg Evrópuríki höfðu eytt óhemjumiklu fé í vígbúnað. Viða hafði orðið gifurlegur skaði á mannvirkjum. Milljónir manna höfðu látið lífið. Sumar nýlendur gáfu lítið af sér miðað við kostnað og töldu nýlenduvelði Evrópu sig því ekki hafa ráð á að halda þær lengur. Mikilvægara þótti að endurreisa Evrópu eftir stríðið.

Mörgum Evrópubúum fannst þar að auki siðferðilega rangt að hafa nýlendur. Á 19. öld hafði nýlenduþólitik verið réttlætt með því að íbúar nýlendnanna væru af óæðri kynstofni og gætu ekki



stjórnað sér sjálfir. En verk nasista í síðari heimsstyrjöldinni höfðu sýnt til hvers konar grimmdarverka slíkur hugsunarháttur gat leitt.


Bjartsýni

Mikil ánægja ríkti í nýlendum þegar þær fengu frelsi. Eftir meira en aldarlanga útlenda stjórn átti fólk nú loks að fá að stjórna sér sjálft. Til þess að létta fyrrum nýlendum þetta verkefni voru þeim veitt mikil erlend lán og þangað voru sendir alls konar hjálparstarfsmenn. Margir fyrrum nýlendubúar höfðu því miklar vonir um efnahagsframfarir, velferð og velmegun. Að nokkru leyti urðu þessar vonir að veruleika á sjötta og sjöunda tug aldarinnar en mörgum fannst þróunin ganga of hægt. Margar útflutningsvörur nýlendubúa voru ódýrar og aðgangur að mörkuðum í Bandaríkjunum og Evrópu var takmarkaður. Til að koma sameiginlegum hagsmunamálum sínum áleiðis stofnuðu þau samtök sem voru kölluð "Samtök hlutlausra ríkja". Margar fyrrverandi nýlendur vildu ekki velja á milli deiluaðila í kalda stríðinu en kusu fremur að vera í stöðu þar sem hugsanlegt væri að hafa áhrif bæði í austri og vestri.

Fáni Indónesíu dreginn að húni eftir að lýst hafði verið yfir sjálfstæði landsins árið 1949. Upprunalega var dreginn upp fáni sem sjálf forsetafrúin, Fatmawati, kona Sukarno forseta, hafði saumað. En síðan 1968 hefur annað flagg verið notað til að koma í veg fyrir að upprunalegi fáninn verði fyrir skemmdum.

Stjórnskipulegur er að vera löglegur eða í samræmi við stjórnskipun eða að stjórnaðskrá, er samkvæmt stjórnskipunarreglum.

Þjóðflokkur er hópur fólks sem finnst það búa við sömu menningu, hefur sama tungumál og siði.



Finnið svar

- 1 Hvernig hafði þjóðernishyggja nýlendubúa áhrif á sjálfstæðisþróun nýlendanna?
- 2 Hvers vegna varð erfitt fyrir Evrópuríki að halda nýlendum sínum eftir síðari heimsstyrjöldina?
- 3 Hvernig lýsið þið vonum fólks í fyrrverandi nýlendum eftir að þær voru orðnar að sjálfstæðum ríkjum?
- 4 Hvernig kom umheimurinn fram við nýju sjálfstæðu ríkin?

Umræðuefni


- 5 Hver haldið þið að hafi verið mikilvægasta orsök þess að nýlendurnar urðu sjálfstæð ríki?

Viðfangsefni

- 6 Skoðið landakortið á bls. 94. Skriðið lista sem sýnir hvenær einstakar nýlendur urðu sjálfstæðar. Byrjið á þeirri fyrstu og haldið áfram í réttari tímaröð.

Kjarni

- * Þjóðernishyggja og óánægja í nýlendunum eftir síðari heimsstyrjöld gerðu erfitt fyrir ríki Evrópu að halda þeim. Nýlenduvaldi höfðu ekki heldur efni á að stjórna nýlendum. Þar á ofan fannst mörgum Evrópumönnum siðferðilega rangt að eiga nýlendur.



- 7 Árið 2007 héldu Ghanamenn upp á sjálfstæðisafmæli landsins. Farið inn á vefsíðu 50 ára afmælishátíðar Ghana: www.ghana50.gov.gh. Hvernig líta þeir nú til baka? Hvers vegna er mikilvægt fyrir þá að halda upp á sjálfstæðisafmæli?
- 8 Hugsið ykkur að þið séuð ung í Ghana þegar landið varð sjálfstætt árið 1957. Hvað upplifið þið? Skriðið blaðagrein sem er ætluð til að skýra fyrir íslenskum unglingum hvað gerðist.

Heimildavinna

- 9 Lesið tilvitnunina í stefnuskrá CCP á bls. 94.
 - a Berið hana saman við 1. grein stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna á bls. 6. Sjáið þið eitthvað líkt með textunum tveimur?
 - b Er hægt að nota þessa texta sem heimildir um eitthvað á tímanum eftir síðari heimsstyrjöld?

- * Nýlendubúar höfðu miklar vonir um aukna velmegun eftir að lönd þeirra urðu sjálfstæð. Þessar vonir rættust að hluta til á sjötta og sjöunda tug aldarinnar en mörgum íbúum fyrrverandi nýlendna fannst þróunin ganga allt of hægt. Í því skyni að koma sameiginlegum málum sínum fram stofnuðu nýfrjálsu ríkin Samtök hlutlausra ríkja.

Leiðirnar til sjálfstæðis

Í Alsír háðu Frakkar blóðuga bardaga við sjálfstæðishreyfingu landsins. En frelsisþróunin var ekki alls staðar svona blóðug. Í Indlandi og Ghana var hún til dæmis að mestu leyti friðsamleg. En í Suður-Afriku tók hvíti minnihlutinn í landinu völdin og innleiddi kynþáttaðskilnað. Hvers vegna varð frelsisþróun nýlendnanna svona margvísleg?

Sjálfstæði Alsírs

Frá 1954 til 1962 börðust Alsírbúar við nýlenduherana. Meira en milljón Frakka hafði sest að í landinu, sem hafði verið frönsk nýlenda síðan um miðja 19. öld. Margir þeirra litu á Alsír sem hluta af Frakklandi og reyndu að gera Alsírbúa franska með því að fá þá til að tileinka sér frönsku og franska menningu. En Alsírbúar vildu ekki verða franskir.

Til að þvinga Frakka út úr landinu skipulögðu Alsírbúar Þjóðfrelsis-

hreyfinguna sem var kölluð FLN (*Front de Liberation Nationale* á frönsku). Hún stóð fyrir skæruliðaárásum á frönsku nýlendurstjórnina. Frakkar sem bjuggu í Alsír voru mikið á móti sjálfstæði landsins. Því skipulögðu þeir samtökin OAS (*Organisation de l'armée Secrete – Samtök leynihersins*) sem gerði árásir á FLN. Hermenn voru líka sendir frá Frakklandi til að berjast við FLN.

Stríðið kostaði franska ríkið mikið fé og hjá Sameinuðu þjóðunum og í mörgum einstökum löndum var talið rangt af Frökkum að ríghalda í Alsír. Franskir stjórnámamenn, undir forustu Charles de Gaulle, forseta landsins, ákváðu því að láta undan kröfum FLN um fullt sjálfstæði.

Í upphafi sjöunda áratugarins fóru fram friðarviðræður milli franska stjórnvalda og FLN. Þegar Alsír fékk sjálfstæði árið 1962 hafði stríðið kostað um milljón mannslíf og margir franskir íbúar í landinu flúðu þaðan.

Frakkar á flóttu undan ófriði í Alsír.



Indland verður sjálfstætt og klofnar

Afnám nýlenduveldis fór friðsamlegar fram í Indlandi. Strax á millistríðsárunum höfðu Indverjar fengið nokkra sjálfstjórn og á árinu 1939 lofuðu Bretar þeim fullu sjálfstæði eftir heimsstyrjöldina. Meðan Frakkar ríghéldu í nýlendum sínar og reyndu að gera íbúa þeirra franska gáfu Bretar smám saman eftir og bjuggu nýlendubúa undir að stjórna sér sjálfir.

Þegar Indland var að fá sjálfstæði, árið 1947, leit þó um tíma illa út fyrir að þróunin ætlaði að verða blóðug þar. Meirihluti Indverja vildi styðja hindúatrú en minnihluti múslima hélt uppi hlut islam. Bretar höfðu haft stjórn á trúarágreiningnum meðan þeir stýrðu landinu en eftir að þeir drógu sig út blossuðu deilurnar upp. Á árinu 1947 urðu margir blóðugir árekstrar milli hindúa og múslima. Til að koma í veg fyrir algert borgarastríð urðu leiðtogar Breta og Indverja sammála um að skipta Indlandi í tvö ríki. Hérud múslima urðu Pakistan en héruð hindúa Indland.

Kynþáttaaðgreining í Suður-Afríku

Bretar veittu Suður-Afríkubúum sjálfstjórn árið 1910 og fullt sjálfstæði á fjórða áratug aldarinnar. En þá tók minnihluti hvíttra manna í landinu völdin. Árið 1948 vann Þjóðernissinnaflokkur hvíttra manna sigur í þingskosningum þar sem aðeins hvítir máttu kjósa.

Hvítu valdhafarnir komu á kynþáttaaðskilnaði (apartheid). Aðskilnaðarstefnan byggist á kynþáttahyggju, þeirri skoðun að einn kynþáttur sé æðri en aðrir, og því verði hann að fá að stjórna landinu. Meirihluti svartra var kúgaður.



Mahatma Gandhi

Mahatma Gandhi (1869–1948) var leiðtogi friðsamlegrar mótspyrnu gegn breska nýlenduveldinu. Mörgum sinnum var hann handtekinn af Bretum en hélt aðgerðum sínum áfram um leið og hann var látinn laus. Friðsamlegar aðferðir hans og fylgi við lýðræðislegt stjórnarform öfluðu honum smám saman mikillar samúðar á Vesturlöndum. Eftir að Indland fékk sjálfstæði reyndi hann að koma í veg fyrir að múslimar mynduðu sitt eigið ríki og bauð þeim sjálfstjórn innan Indlands. En árið 1948 var hann myrtur af hindúiskum trúarofstækismanni sem fannst hann of eftirlátur við múslima.

Þeim var ekki leyft að taka þátt í stjórnmálum, þeir urðu að búa á sérstökum svæðum og ganga í sérstaka skóla.

Svartir voru afar óánægðir með aðskilnaðinn. Strax árið 1912 höfðu þeir stofnað frelsishreyfingu sem var kölluð ANC (*African National Congress*). Takmark þeirra var að svarti meirihlutinn fengi völdin í landinu. Í upphafi voru ANC friðsamleg samtök sem beittu ekki ofbeldi en fóru til dæmis í kröfugöngur til að mótmæla aðskilnaðarlögunum. Hvíti minnihlutinn svaraði með valdbeitingu gegn friðsamlegum aðgerðum og með því að banna ANC. Þannig leiddi aðskilnaðarstefnan sífellt til meiri átaka milli hvíttra og svartra.



Í Suður-Afríku voru aðgreind almenningsskólastær fyrir hvíta og svarta.

Finnið svar


- 10 Hvers vegna varð sjálfstæðisþróunin í Alsír ofbeldisfull?
- 11 Hvers vegna varð hún friðsamlegri á Indlandi?
- 12 Hvers vegna leit um skeið út fyrir að þróunin yrði ofbeldisfull á Indlandi?
- 13 Hvers konar stjórn komst á í Suður-Afríku eftir að landið varð sjálfstætt?
- 14 Hvernig varð sjálfstæðisþróun Suður-Afríku ólík því sem gerðist í Alsír og á Indlandi?

Umræðuefni

- 15 Hugtakið eftirnýlendustefna (*neocolonialism*) er stundum notað um stjórnarfar tímans eftir að nýlendurnar urðu sjálfstæðar. Hvað haldið þið að sé átt við með því?

Viðfangsefni

- 16 Veljið eina fyrrverandi nýlendu, til dæmis Indland, Alsír eða Suður-Afríku. Skiptið ykkur í hópa og gerið tímaás með skýringum eða töflu sem sýnir þróun landsins frá nýlendu til sjálfstæðs ríkis.
- 17 Héraðið Kasmír í Indlandi og Pakistan hefur verið undirlagt miklum ófriði. Finnið á netinu upplýsingar um hvers vegna það er.



Þjálfíð hugann

- 18** Eitt á ekki heima hér
- a** Gandhi, Indland, Mandela, Nkrumah
 - b** Frakkland, Alsír, Bretland, FLN
 - c** Aðskilnaðarstefna, nasismi, ANC, Suður-Afríka
- 19** Bannorð
- Skilgreinið orðið aðskilnaðarstefna án þess að nota nokkurt af eftirtöldum orðum: kynþáttahyggja, mismunur, þjóðernissinnar eða Suður-Afríka.

Heimildavinna

„Ég held að hvergi í sögu heimsins hafi starfað sannari lýðræðisleg frelsishreyfing en okkar. Ég las bók Carlyles um frönsku stjórnarbyltinguna þegar ég sat í fangelsi og Pandit Jawaharlal (Nehru) hefur sagt mér margt um rússnesku byltinguna. En það er sannfæring mín að af því að þessar byltingar voru framdar með


ofbeldi hafi þær ekki náð að gera hugsjón lýðræðisins að veruleika. Í því lýðræðiskerfi sem ég sé fyrir mér, lýðræði sem skapast án ofbeldis, hafa allir sama frelsi. Hver og einn verður sinn eigin herra. Það sem ég býð ykkur í dag er að taka þátt í baráttu fyrir slíku lýðræði. Um leið og þið skiljið þetta munuð þið gleyma andstæðum hindúa og múslima og hugsa um ykkur sjálf aðeins sem Indverja sem berjast einni baráttu fyrir sjálfstæði.“

Úr ræðu sem Mahatma Gandhi hélt árið 1942.

- 20** Lesið klausuna úr ræðu Gandhis og svarið spurningunum:
- a** Hver er boðskapur ræðunnar?
 - b** Hvað finnst ykkur um samanburð Gandhis á frelsisbaráttu Indverja, Frakka og Rússa?
 - c** Hvað má ráða af ræðuklausunni um Indland og Gandhi?

Kjarni

- * Eftir blóðugt stríð við franska nýlendustjórn varð Alsír sjálfstætt ríki árið 1962.
- * Þegar Indland varð sjálfstætt árið 1947 leit um hrið út fyrir að þar brytist út stríð milli hindúa og múslima. Til að koma í veg fyrir það komu stjórnir Indverja og Breta sér saman um að skipta Indlandi í tvö ríki, Indland og Pakistan.
- * Í Suður-Afríku komu hvítu valdhafarnir á aðskilnaði kynþátta. Svartir íbúar landsins stofnuðu frelsishreyfinguna ANC sem hafði uppi mótmælaaðgerðir gegn valdhöfum.



Vandamál nýfrjálsu ríkjanna

Eftir að sjálfstæði var komið á var fólk í fyrrverandi nýlendum ánægt með að geta loksins stjórnað sér sjálft. Hátt afurðaverð og efnahagshjálp frá Vesturlöndum gáfu góða von um bjarta framtíð. En smám saman lentu mörg ný ríki í Afríku og Asíu í miklum efnahagsvandræðum og fátækt jókst, sérstaklega í Afríku sunnan Sahara. Hvers vegna reyndist svona erfitt fyrir íbúa í fyrrverandi nýlendum að skapa velferð og velmegun í löndum sínum?

Þjóðernisandstæður

Mörg ríki, sérstaklega í Afríku, áttu erfitt með að skapa velferð og velmegun meðal íbúa sinna. Vissulega fengu mörg þeirra efnahagshjálp frá umheiminum. Mörg landanna tóku upp lýðræði og fengu ólíka stjórnmalaflokka eftir að þau urðu sjálfstæð.

En þjóðernislegar andstæður milli ólíkra pólitískra hópa voru oft svo miklar að stjórnmalamenn gátu ekki sameinast um stefnu að efnahagslegri viðreisn. Viðaða leiddu þessar andstæður til borgarastyrjalda sem gerðu líf skjör almennings enn verri en áður. Í mörgum ríkjanna tók herinn völdin í því skyni að bæla andstæðurnar og knýja fram sameiginlega stefnu. En reynslan varð oftast sú að þessir valdhafar höfðu mestan áhuga á að auðga sjálfa sig og stuðningsmenn sína.

Að hluta til var ágreiningurinn gömlu nýlenduvelðunum að kenna. Þegar Frakkar, Bretar og fleiri þjóðir lögðu nýlendurnar undir sig lögðu þeir oft landamæri þvert á þau svæði sem þjóðir innfæddra byggðu. Oft tóku nýlenduvelðin líka upp samvinnu við eina þjóð sem hjálpaði þeim til að halda völdum í nýlendunni. Þetta varð



Sjálfstæði Nígeríu 1960 varð upphafið að átta ára löngu borgarastríði milli kristinna í suðurhlutanum og múslima í norðurhlutanum. Þeir kristnu vildu slíta sig út úr Nígeríu og stofna sitt eigið ríki. Það tókst þeim ekki og Nígería var áfram eitt ríki.

til þess að skapa fjandskap milli þeirra sem studdu nýlendustjórnina og hinna sem héldu uppi andspyrnu gegn henni. Langvarandi nýlendustjórn varð líka til þess að íbúarnir týndu lýðræðislegum stjórnarháttum sínum sem hefðu getað hjálpað þeim til að vinna saman þótt þeir væru af ólíkum þjóðum.

Afturför

Olíukreppan árið 1973 hafði leitt til þess að iðnaðarframleiðsla vestrænna landa hafði minnkað vegna þess að iðnaðurinn komst ekki af án olíu. Þetta varð til þess að vestræn lönd fluttu minna inn af hráefnum svo sem kakó, sykri og bómull, frá fyrrum nýlendum. Af því leiddi að nýfrjálsu ríkin fengu minna fyrir útflutningsvörur sínar. Samtímis hækkuðu Vesturlandamenn vexti á lánum sem þeir höfðu lánað nýfrjálsu löndum því að þeir þurftu á peningum að halda. Þegar komu saman minni tekjur og aukin vaxtagjöld



Þessi afrísku stúlkubörn eru sýnilega að bíða eftir að fá eitthvað í pottana sem þær halda á. Hvað haldið þið að það sé? Líklega fá þær vatn í stóru pottana en kannski einhvern mat í þá litlu. Ætli þessar stúlkur séu ekki í flóttamannabúðum? Annars bjarga flestir Afríkumenn sér sjálfir með mat og vatn.

urðu nýfrjálsu ríkin að draga úr velferðarútgjöldum. Til dæmis lækkuðu mörg ríki niðurgreiðslur á matvörum sem höfðu haldið verði á þeim lágu; líka var dregið úr heilbrigðisþjónustu og skólahaldi. Oliukreppan leiddi þannig til aukinnar fátæktar, sérstaklega í Afríku sunnan Sahara, til dæmis í Súdan og Rwanda.

Hvers vegna fluttu ríkin ekki út eitthvað annað en hráefni þegar hrávöruverðið féll? Svarið er það að þau höfðu ekkert annað til að flytja út. Á nýlendutímanum höfðu nýlenduvelðin lagt kapp á að þar væru aðeins framleiddar örfáar tegundir af hráefnum. Af því leiddi að nýfrjálsu ríkin höfðu enga aðra möguleika í útflutningi, sem þau gátu bjargað sér á í bili, þegar oliukreppan skall á og hráefnaverðið féll.

NÆRMYND

Iðnaðarlönd og þróunarlönd

Til þróunarlanda teljast Afríkulönd sunnan Sahara, til dæmis Uganda og Rwanda, líka nokkur Asíulönd eins og Sri Lanka og Bangladesh. Iðnaðarlönd eru meðal annarra lönd Evrópu, Bandaríkin, Ástralía og Japan. En oft er mikill munur á kjörum fólks innan landa, bæði í þróunarlöndum og iðnaðarlöndum. Þannig eru margir auðugir í þróunarlöndum og margir fátækir í iðnaðarlöndum. Taflan sýnir nokkur atriði sem einkum skilja á milli þróunarlanda og iðnaðarlanda.

Þróunarlönd		Iðnaðarlönd
Lítill útflutningur, mest hráefni	Efnahagur	Mikill útflutningur margvíslegra vara
Mikið atvinnuleysi	Atvinna	Lítið atvinnuleysi
Fátækt	Lífskjör	Velferð og velmegun
Stutt	Meðalævilengd	Löng



Betri tímar

Í mörgum þróunarlandanna voru einræðisstjórnir sem fengu æ minni stuðning íbúanna, bæði vegna vaxandi fátæktar og harðstjórnar. Samtímis kenndu margir gömlu nýlenduvelðunum um að ekki gekk betur, sögðu að þau hefðu í langan tíma tæmt löndin af verðmætum. Versnandi lífskjör í þróunarlöndunum og vaxandi gagnrýni á fyrrum nýlenduvelði urðu til þess að mikill hluti af skuldum skuldugustu ríkjanna var gefinn eftir, til dæmis við Bangladesh, Zambíu og Srí Lanka. Alþjóðasamfélagið stuðlaði líka að lýðræðisþróun með því að veita efnahagsaðstoð.

Vaxandi óánægja almennings í nýfrjálsu ríkjunum ásamt aukinni efnahagsaðstoð og þrýstingi frá alþjóðasamfélaginu fór að hafa áhrif undir lok 20. aldar. Mörg nýfrjáls ríki tóku að leggja áherslu á iðnað; margar einræðisstjórnir voru settar



af, kosningar á milli stjórnmálaflokka og tjáningarfrelsi komust á í mörgum löndum. Áfram var fátæktin mikil en í fyrsta sinn í mörg ár fundu margir fyrir batnandi efnahag, aukinni velferð og velmegun. Fleiri fengu tækifæri til að ganga í skóla, heilbrigðisþjónusta batnaði, fleiri fengu hreint vatn og fólk lifði lengur.


Árið 2005 sam-
einuðust samtök,
stjórnmálamenn,
frægt fólk og
almennigur gegn
fátækt í heiminum
undir slagorðinu
„Make poverty
history“.
Litla myndin sýnir
Bob Geldorf, írskan
söngvara, lagahöf-
und og baráttumann
gegn fátækt í Afríku.

NÆRMYND

Nýiðnvædd lönd

Á síðustu tveimur áratugum 20. aldar varð mikill hagvöxtur í nokkrum Asíulöndum, svo sem Suður-Kóreu, Taiwan og Singapore, og leiddi það til stórbættra lífskjara í þessum löndum. Þau höfðu ekki farið eins illa út úr olíukreppunni 1973 og mörg Afríkulönd. Þar hafði verið byggður upp iðnaður síðan í lok síðari heimsstyrjaldar og mikil áhersla lögð á skólamenntun fólks til að það gæti starfað í tækniþróuðum iðnaði. Þessi lönd eru kölluð nýiðnvædd lönd eða NIC-lönd (Newly Industrialized Countries).





Hinn 16. júní 1976 skaut suður-afrískt lögreglulið á svarta skólanema í borgarhlutanum Soweto í Jóhannesarborg og drap 556 þeirra. Um 10.000 skólanemar höfðu farið í kröfugöngu gegn því að þeir fengu aðeins að litlu leyti kennslu á eigin tungumáli. Morðin vöktu mikla athygli og leiddu til þess að mörg ríki settu viðskiptabann á Suður-Afríku.

Nelson Mandela tekur við forsetaembætti Suður-Afríku.



Lýðræði í Suður-Afríku

Framan af hafði Suður-Afríka mestan hagvöxt af öllum ríkjum Afríku en hann byggðist á undirokun svarta meirihlutans í landinu. Undir 1980 kom oliukreppan líka til Suður-Afríku. Hún leiddi til mikils atvinnuleysis sem kom sérstaklega við svertingja. Kreppan varð ennþá verri en ella vegna þess að mikill hluti heimsins sýndi andúð sína á kynþáttastefnunni með því að banna viðskipti við landið. Í mörgum löndum var bannað að kaupa vörur frá Suður-Afríku, selja vörur þangað eða lána peninga.

Efnahagskreppan og þrýstingur frá umheiminum varð til þess að stjórn Suður-Afríku dró úr aðgreiningu kynþáttanna. Til dæmis var afnumið bann við hjónaböndum svartra og

hvítu og fleiri lög um aðskilnað voru afnumin. Eftir marga samningafundi milli hvítu stjórnendanna og ANC voru loks haldnar frjálsar kosningar árið 1994. ANC fékk yfir 60% atkvæða og stofnuð var ríkisstjórn með leiðtoga ANC, Nelson Mandela, sem forseta.

NÆRMYND



Nelson Mandela

Nelson Mandela (f. 1918) varð sem leiðtogi ANC sameiningartákn fyrir svarta meirihlutann í Suður-Afríku. Allt frá æsku barðist hann fyrir jafnrétti í landinu en árið 1964 var hann handtekinn og sat í fangelsi í 27 ár, allt til 1990. Eftir samningaviðræður á næstu árum urðu stjórnarleiðtogi Suður-Afríku, Frederik Willem de Klerk, og Mandela sammála um að halda frjálsar kosningar. Mandela sigraði í kosningunum 1994 og varð forseti Suður-Afríku. Mandela og de Klerk fengu friðarverðlaun Nobels árið 1993 fyrir framlag sitt til lýðræðis í landinu.


NÆRMYND




Ísland og þróunarlöndin

Þótt Íslendingar séu með auðugustu þjóðum í heimi hafa þeir aldrei verið örlátir við þróunarlönd. Framan af þáðu þeir raunar þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna, meðal annars til rannsóknna vegna fyrirhugaðra stórvirkjana fyrir álbræðslu. En árið 1971 var komið á fót stofnun sem hét Aðstoð Íslands við þróunarlöndin, síðar Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Til að byrja með tóku Íslendingar mestmegnis þátt í verkefnum sem aðrar Norðurlandþjóðir skipulögðu en síðar hafa þeir staðið að sérstökum verkefnum, aðallega í Afríku. Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt til þess að iðnvæddar þjóðir legðu fram til þróunarhjálpar 1%, síðar 0,7%, af þjóðartekjum sínum. Íslendingar hafa aldrei komist svo hátt. Hæst varð framlag þeirra 0,4% af þjóðartekjum árið 2008 en hefur dalað niður í 0,2–0,3% eftir hrun fjármálakerfisins.



Í Afríku er víða skortur á hreinu og heilnæmu vatni, en sums staðar er hægt að grafa brunna ef fjármagn er fyrir hendi. Í Afríkulandinu Malaví hafa verið búin til fyrir íslenskt þróunarfé mörg vatnsból af því tagi sem er sýnt á myndinni. Konan verður að dæla vatninu upp með handafli, en samt er mikið framfaraspor að fá aðgang að slíku vatnsbóli.



Finnið svar

- 21** Hvaða áhrif höfðu þjóðernis-andstæður í fyrrverandi nýlendum?
- 22** Hvers vegna voru þjóðernisandstæður í nýfrjálsu ríkjunum?
- 23** Af hverju stafaði afturförin í efnahagslífi þróunarlandanna eftir 1970?
- 24** Hvaða framfaraspor stigu mörg þróunarríki undir aldamótin 2000?
- 25** Hvers vegna batnaði ástandið í mörgum þróunarlöndum um 2000?
- 26** Hvað er NIC-land?

Umræðuefni

- 27** Hvers vegna hefur reynst erfitt fyrir mörg þróunarlönd að verða iðnaðarlönd?

Viðfangsefni


- 28** Farið inn á vef Sameinuðu þjóðanna: www.globalis.is
 - a** Berið saman þróun þjóðarframleiðslu í Indlandi, Suður-Afríku, Alsír, Nígeríu, Sambíu og Kambodíu. Hvað kemur í ljós?
 - b** Búið til veggspjald þar sem þið setjið niðurstöður ykkar fram.
- 29** Berið saman Gandhi og Mandela. Finnið þið eitthvað líkt með þeim?
- 30** Farið inn á heimasíðu Utanríkisráðuneytisins og reynið að komast að því hvað Íslendingar verja miklu fé til þróunaraðstoðar nú og til hvers henni er einkum varið.
- 31** Hvernig væri hægt að bæta og auka þróunarhjálp Íslendinga?

Heimildavinna


- 32** Farið inn á vefsíðu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands: <http://iceida.is/islenska>.
 - a** Skriðið niður hvaða verkefnum stofnunin hefur einkum sinnt og í hvaða löndum.
 - b** Skiptið ykkur í hópa, hæfilega stóra til þess að allur bekkurinn komist að, og takið fyrir eitt land eða eitt verkefni hver hópur.
 - c** Skriðið skýrslu um það land eða það verkefni sem hefur komið í hlut ykkar hóps. Við hvað var fengist, hver er árangurinn fram að þessu og að hverju er stefnt, ef enn er unnið að verkefninu?

Kjarni

- * Miklar þjóðernisandstæður voru víða í nýfrjálsu ríkjum. Þær gerðu stjórnámálamönnum erfitt fyrir að koma sér saman um stefnu um að þróa landið áfram. Í nokkrum ríkjum skall á borgarastyrjöld.
- * Eftir olíukreppuna 1973 urðu mörg þróunarlönd að mæta tekjulækkun og auknum vaxtakostnaði. Það neyddi þau til að skera niður útgjöld til velferðarmála.
- * Aukin óánægja almennings og aukin hjálp og þrýstingur frá umheiminum leiddi til þess að margar einræðisstjórnir voru hraktar frá völdum. Áhersla á iðnað leiddi til hagvaxtar, aukinnar velferðar og velmegunar.
- * Eftir marga samningafundi milli hvítu stjórnendanna og ANC voru skipulagðar frjálsar kosningar í Suður-Afríku árið 1994. ANC sigraði og Nelson Mandela varð forseti landsins.



1994: Leiðtogi ANC, Nelson Mandela, verður forseti Suður-Afríku



Sameining og klofningur í Evrópu

Franskir og þýskir hermenn börðust í tveimur heimsstyrjöldum. En nú vinna þeir saman að sama takmarki: að skapa varanlegan frið í landinu sem hét áður Júgóslavía. Hermenn frá ólíkum ríkjum bera sama merki á handleggnum, hring af gulum stjörnum á bláum grunni. Eftir síðari heimsstyrjöld hefur víða orðið sú þróun í Evrópu að þjóðir hafa sameinast í stærri heildir. Um hríð leit út eins og tími þjóðernishyggjunnar væri liðinn. En í suðausturhluta Evrópu blossaði hún upp aftur sem eyðandi afl og Júgóslavía splundraðist.



Markmið


- ★ Ræða mikilvægar breytingar á alþjóðasamfélaginu á undanförunum árum. Orða orsakir og afleiðingar breytinganna.
- ★ Leita að heimildum, velja þær, meta sjálfstætt og sýna hvernig ólíkar heimildir geta sagt söguna á ólíkan hátt.

Gamlir fjendur verða vinir



Að ofan: Skólanemar í Madrid leggja Evrópupússluspil í tilefni af Evrópuþegnum 2007.

Til hægri: Robert Schuman (1886–1963) telst vera einn af frumkvöðlum Evrópusambandsins. Hann kom sjálfur frá umdeildu landamærasvæði á mörkum Frakklands og Þýskalands og fékk reynslu af báðum heimsstyrjöldunum. Eftir síðari styrjöldina lagði hann sig fram um að koma á samstarfi Evrópuríkja til þess að tryggja varanlegan frið.



Í maí 2007 var fagnað á götunum í mörgum borgum í Evrópu. Í Berlín söfnuðust þúsundir saman á rokkhátíð. Í Madrid lögðu skólanemendur niður stórt Evrópu-pússluspil. Í Dyflinni bauð fólk velkomna lest frá Belfast og veifaði bláum Evrópusambandsfánum. Ástæða þessara hátíðarhalda árið 2007 var sú að liðin voru 50 ár síðan Rómarsamningurinn var undirritaður árið 1957. Hann er talinn upphafið að þeirri Evrópusamvinnu sem þróaðist upp í Evrópusambandið. En samvinnan hafði raunar byrjað nokkrum árum fyrr.

Umdeild landamærahéruð

Við landamæri Frakklands og Þýskalands finnst mikið af járn og kolum í jörð. Þetta voru (og eru) mikil verðmæti fyrir iðnað. Áður fyrr vildu bæði Frakkar og Þjóðverjar ráða yfir þessum svæðum og þau voru meðal ágreiningsefna í mörgum skaðlegum styrjöldum.

Robert Schuman ólst upp í Elsass-Lothringen undir lok 19. aldar. Þá tilheyrði héraðið Þýskalandi, og Schuman gekk í þýska skóla og

var kallaður í þýska herinn í fyrri heimsstyrjöldinni. Eftir stríðið varð Alsace-Lorraine hluti af Frakklandi og við það varð Schuman „franskur“ og tók þátt í frönskum stjórnmálum. Í síðari heimsstyrjöldinni starfaði hann í andspyrnuhreyfingu gegn nasistum. Hann var handtekinn af Þjóðverjum en tókst að flýja.

Þegar síðari heimsstyrjöldin var á enda og Evrópa í rústum var stóra spurningin hvernig væri hægt að skapa varanlegan frið. Margir töldu nauðsynlegt að koma á samstarfi með Frökkum og Þjóðverjum til að hindra nýjar styrjaldir. Robert Schuman varð litlu síðar utanríkisráðherra Frakka og hann lagði sig fram um að koma slíku samstarfi á.

Kola- og stálsambandið – friðaráætlun

Hinn 9. maí 1950 hélt Robert Schuman ræðu sem síðar var kölluð Schuman-yfirlýsingin. Fyrir hönd frönsku stjórnarinnar bauð hann Vestur-Þjóðverjum til samvinnu af alveg nýju tagi. Hann stakk upp á að framleiðsla á kolum og stáli skyldi lúta stjórn sameiginlegrar yfirþjóðlegrar stofnunar. Með því móti yrðu Þjóðverjar og Frakkar háðir hvorir öðrum. Þar að auki yrði ógerlegt að vígbúast án kola og stáls og því gæti hvorugt ríkjanna vígbúist án þess að hitt yrði vart við það. Allt þetta mundi gera ómögulegt fyrir Frakka og Þjóðverja að heyja stríð oftár. Auk þess mundu bæði löndin njóta góðs af verðmætum frá hinum umdeildu landamærasvæðum og þá hefðu þau enga ástæðu til að fara í stríð.

Tillaga Schumans sló í gegn og árið 1951 var Kola- og stálsamband Evrópu stofnað. Til viðbótar Vestur-Þýskalandi og Frakklandi voru Luxemburg, Belgía, Holland og Ítalía aðilar að því. Með því fengu þessi sex lönd sameiginlegan markað með kol og stál. Þetta var fyrsta skrefið í átt til Evrópusambands.

Yfirþjóðleg stofnun er sett saman af fulltrúum fleiri en eins ríkis og hefur æðra vald en ríkisstjórn hvers einstaks ríkis.

Schuman-yfirlýsingin

„Heimsfriðinn er aðeins hægt að tryggja með skapandi kröftum sem eru eins sterkir og þær hættur sem ógna þeim. Framlagið sem skipulögð og lifandi Evrópa getur lagt heimsmenningunni til er algjörlega nauðsynlegt til að

Evrópudagurinn

9. maí er nú haldinn hátíðlegur sem Evrópudagurinn, nánast sem afmælisdagur Evrópusambandsins. Það stafar af því að þann dag árið 1950 hélt Robert Schuman ræðu sína sem leiddi til þess að samstarf Evrópuríkja hófst.

Maí

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

viðhalda friðsamlegum samskiptum. [...] Sameining evrópskra þjóða krefst þess að aldalangur ágreiningur Frakka og Þjóðverja hverfi [...] Ríkisstjórn Frakka stingur upp á að frönsk og þýsk framleiðsla á kolum og stáli verði sett undir sameiginlega æðstu stjórn [...] Sameiginleg kola- og stálframleiðsla mun umsvifalaust skapa sameiginlega forsendu fyrir efnahagslegri uppbyggingu, fyrsta skrefið í átt að evrópsku sambandsríki. Það mun breyta örlögum þessara svæða sem svo lengi hafa snúist um framleiðslu vopna til að heyja stríð sem þau hafa sjálf beðið skaða af.

Með þessu verður til samstaða um framleiðslu sem merkir að stríð milli Frakka og Þjóðverja verður óhugsandi og ómögulegt [...]“

Rómarsamningur og stofnun Efnahagsbandalags

Árið 1957 urðu aðildarríki Kola- og stálsambandsins sammála um að víkka samstarfið út. Þau gerðu samning, Rómarsamninginn, um að stofna Efnahagsbandalag Evrópu. Í Rómarsamningnum skuldbundu ríkin sig til að koma á sameiginlegum markaði, ekki aðeins með kol og stál heldur hvers konar vörur og þjónustu. Mikilvæg regla Rómarsamningsins var um „fjórfrælsið“, að flytja mætti vörur, þjónustu, fjármagn og fólk hindrunarlaust yfir landamæri landanna.

Í reynd tók það nokkra áratugi að koma fjórfrælsinu í verk. Rómarsamningurinn var samt

afdrifaríkt skref í átt til þess sem síðar var kallað Evrópubandalagið og nú Evrópusambandið. Þetta var athyglisvert vegna þess að þarna sömdu ríki, sem höfðu nýlega barist hvert við annað í stríði, um að skuldbinda sig til náinnar samvinnu. Hvers vegna gerðu þau það?

Allar aðildarþjóðirnar áttu sameiginlega óskina um frið og hagvöxt. Almennt var talið að frjáls verslun, verslun milli landa án tolla og annarra hindrana, mundi stuðla að hagvexti. Kalda stríðið og óttinn við Sovétríkin styrkti þá skoðun að lönd Vestur-Evrópu ættu að bindast nánum böndum. En einstök aðildarríki höfðu líka sínar sérstöku ástæður til að ganga í Evrópubandalagið.

Við verðum að tryggja varanlegan frið í Evrópu og efnahagsvöxt með frjálsri verslun!



Fleiri aðilar og nánari samvinna

Samstarfið reyndist vera ábatasamt og fleiri ríki vildu ganga inn í það. Fyrsta útfærslan varð árið 1973 þegar Bretar, Danir og Írar gengu í bandalagið. Á níunda og tíunda tug aldarinnar urðu síðan flest lönd Vestur-Evrópu aðilar að því.


Um leið og sambandið stækkaði varð samvinnan innan þess nánari. Meðal annars var stofnaður sjóður um svæðisbundna þróun sem átti að flytja peninga frá rikustu aðildarlöndunum til þeirra fátækustu. Það hafði mikla þýðingu fyrir þróunina á Spáni, í Portúgal, á Grikklandi og Írlandi. Aðildarríkin unnu líka saman að rannsóknum og umhverfisvernd.

Árið 1991 undirrituðu aðildarríkin nýjan samning í Maastricht í Hollandi. Maastricht-samningurinn skuldbatt ríkin til að sjá um að allar vörur og hvers kyns þjónusta flyttist frjálst yfir landamærin. Það merkti meðal annars að ríkin urðu að hafa sömu reglur um margt. Með því urðu stjórnir einstakra ríkja að afsala sér völdum til yfirþjóðlegra stofnana sem tóku ákvarðanir fyrir öll ríkin. Aðildarríkin urðu líka sammála um að vinna saman á fleiri sviðum en hinu efnahagslega, meðal annars um utanríkisstefnu og varnarmál.

Maastricht-samningurinn gekk í gildi 1. janúar 1993 og þá skipti Evrópubandalagið (EF) um nafn og varð að Evrópusambandinu (EU). Tveimur árum síðar gengu Svíar, Finnar og Austurríkismenn í sambandið. Þar með náði Evrópusambandið yfir næstum alla Vestur-Evrópu.



Ekki fyrr en 1993 komst það til fulls í framkvæmd sem ríkin höfðu komið sér saman um í Rómarsáttmálanum 1957, að fólk, vörur, þjónusta og fjármagn mættu flytjast frjálst yfir landamæri ríkjanna, án tolla eða neins konar hindrana. Gagnvart umheiminum voru settar sameiginlegar tollareglur með sömu ákvæðum um hve háan toll skyldi greiða fyrir hverja vörutegund.



Flestar stofnanir Evrópusambandsins hafa aðsetur í Brüssel í Belgíu. Þar er eins konar höfuðborg Evrópusambandsins.

EFTA – efnahagssamvinna utan Evrópusambandsins

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld litu Bretar enn á ríki sitt sem stórveldi. Þeir áttu enn miklar nýlendur í Afríku og Asíu og þó að þær yrðu sjálfstæðar hver af annarri héldu íbúar landanna áfram að versla við Bretland. Bretar höfðu því ekki mikinn áhuga á náinni samvinnu við önnur Evrópuríki og áttu ekki aðild að Rómarsáttmálanum 1957. Í staðinn höfðu þeir frumkvæði að samvinnu utan Evrópusambandsins sem var ekki eins skuldbindandi.

Bretar fengu Norðmenn, Svía, Dani, Svisslendinga, Austurríkismenn og Portúgala með sér og stofnuðu með þeim fríverslunarbandalagið EFTA árið 1960. Árið eftir bættist Finnland við og enn síðar Ísland og Liechtenstein. EFTA-löndin sömdu um frjálsa verslun sín á milli en þau höfðu ekki sameiginlegar tollareglur gagnvart öðrum ríkjum, eins og Evrópubandalagsríkin höfðu. EFTA hafði heldur ekki neinar yfirþjóðlegar stofnanir. Eftir nokkur ár skiptu Bretar um stefnu. Þeir sáu að samstarfið í Evrópubandalaginu var ábatasamt og árið 1973 gengu Bretar í það. Síðar hafa fleiri EFTA-ríki gert það sama og nú eru aðeins Noregur, Sviss, Ísland og Liechtenstein eftir í EFTA. Árið 1994 stofnuðu Evrópusambandið og EFTA (nema Sviss) saman Evrópska efnahagssvæðið. Í því felst að reglur Evrópusambandsins um hindrunarlausa flutninga á fólki, vörum, þjónustu og fjármagni gilda líka um Noreg, Ísland og Liechtenstein. Þessi lönd taka þannig verulegan þátt í efnahagssamvinnunni en ekki í því að setja sambandinu lög og reglur.




Skil austurs og vesturs hverfa

Kalda stríðið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna setti svip sinn á Evrópu í marga áratugi. En á árinu 1989 urðu kommúnistastjórnir í Austur-Evrópu hver af annarri að láta af völdum og fá þau lýðræðislega kosnum stjórnvöldum. Í flestum löndunum var innleitt markaðshagkerfi og flest ríkin vildu ganga í Evrópusambandið.

Mesta stækkun Evrópusambandsins til þessa varð árið 2004 þegar tíu ríki gengu í það. Meðal þeirra voru þrjú fyrrverandi Sovétlýðveldi, Eistland, Lettland og Litháen, og fimm önnur fyrrum kommúnistaríki, Pólland, Ungverjaland, Tékkland, Slóvakía og Slóvenía. Árið 2007 urðu Búlgaría og Rúmenía líka aðildarríki. Skilin sem höfðu einkennt Evrópu svo lengi voru horfin.

Vegabréfafrelsi og sameiginleg mynt

Á áttunda og níunda tug aldarinnar var vinsælt hjá ungu fólki í Vestur-Evrópu að fara í lestarferðir um Evrópu. Hægt var að kaupa svokallaða interrail-farmiða sem giltu á flestum lestarleiðum í 21 landi í mánuð. Ungur



maður á slíku ferðalagi mátti búast við að þurfa að sýna vegabréfið sitt býsna oft þegar hann eða hún fór yfir landamæri. Auk þess varð að skipta peningum í hvert skipti sem komið var í nýtt land. Venjulega fór fólk raunar að heiman með safn af ólíkum gjaldmiðlum, þýsk mörk, franska franka, hollensk gyllini, ítalskar lírur og spænska peseta.

Enn er hægt að ferðast með inter-rail. Nú á dögum eru jafnvel enn fleiri lönd með í samstarfinu um það. Þó þarf ekki lengur að setja sig inn í muninn á verðmæti gjaldmiðla á svæðinu. Í miklum hluta Evrópu er nú hægt að borga með evrum. Eftirlitið er líka horfið á flestum landamærum Vestur-Evrópu. Þetta eru líklega þær breytingar sem almenningur finnur mest fyrir.

Evran var tekin upp sem sameigin- legur gjaldmiðill í Evrópusambandinu

árið 1999. Hvert ríki fékk að ákveða fyrir sig hvort það vildi vera með í því. Bretar, Danir og Svíar kusu að halda ríkisgjaldmiðlum sínum, en önnur aðildarríki tóku evruna upp.

Landamæraeftirlit var afnumið á milli sjö Evrópusambandslanda þegar Schengen-samkomulagið gekk í gildi árið 1995. Með samkomulaginu var ákveðið að fólk gæti ferðast hindrunarlaust á milli landanna án þess að þurfa að sýna vegabréf. Síðar hafa fleiri ríki gerst aðilar að þessu samkomulagi, nokkur þeirra utan Evrópusambandsins, þeirra á meðal Noregur og Ísland. Nokkur Evrópusambandsríki hafa á hinn bóginn haldið sig utan við samkomulagið, þeirra á meðal Bretland.





Samstarf
Evrópulandanna
gengur ekki alltaf
átakalaust.

Samstarfsörðugleikar

Árið 2003 var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla í Svíþjóð um það hvort Svíar ættu að taka upp evru í staðinn fyrir sænska krónu. Meirihlutinn sagði nei við evrunni og Svíar héldu sinni krónu.

Það hefur orðið algengt í mörgum löndum að halda þjóðaratkvæðagreiðslur til að taka ákvarðanir um mikilvæg mál í Evrópusamstarfinu. Í Noregi hefur tvisvar verið kosið um aðild að bandalaginu, 1972 og 1994. Í bæði skiptin greiddi meirihlutinn atkvæði gegn aðild. En einnig innan sambandsins hafa stjórnmálamenn vísað því til þjóðanna að taka mikilvægar ákvarðanir. Þá hefur oft komið í ljós að almenningur er tregari til Evrópusamstarfs en stjórnmálamennirnir. Margir óttast að hagsmuna þeirra verði ekki gætt þegar ákvarðanir eru teknar langt í burtu, í Brüssel.

Árið 2004 komu stjórnir Evrópusambandsríkja sér saman um nýjan samstarfssamning sem átti að koma í stað eldri samninga og verða eins konar stjórnarskrá sambandsins. En fyrst varð að samþykkja nýja samninginn í hverju einstöku landi. Árið eftir var farið að halda þjóðaratkvæðagreiðslur um hann, og meirihlutinn felldi hann í Hollandi og Frakklandi. Eftir það gat hann ekki gengið í gildi og stjórnmálamenn urðu að byrja að semja upp á nýtt.

Bandaríki Evrópu?

Árið 1950 sagði Robert Schuman að samvinnan um kol og stál ætti að verða fyrsta skrefið í átt að „evrópsku sambandsríki“. *Sambandsríki* er ríki sem er myndað af fleiri en einu ríki eða fylki. Hvert þessara ríkja hafa einhverja sjálfstjórn með eigin ríkisstjórnnum og sérstökum lögum á ákveðnum sviðum. Samhliða hafa þau svo eina sameiginlega stjórn sem stjórnar meðal annars utanríkis- og varnarmálum. Þau hafa líka sameiginlegt löggjafarþing sem setur sameiginleg lög. Bandaríkin eru dæmi um slíkt sambandsríki. Schuman sá fyrir sér að Evrópuríkin mundu í framtíðinni skipa sér saman í eitt stórríki, eins konar Bandaríki Evrópu. Ríki eins og Þýskaland, Frakkland og önnur þjóðríki yrðu bara fylki í þessu nýja Evrópuríki.

Draumur Schumans um evrópskt sambandsríki hefur ekki ræst ennþá og óvíst hvort það verður nokkurn tímann. Suma evrópska stjórnámálamenn dreymir það en aðrir eru tortryggir á hugmyndina. Flestir Evrópubúar líta á sig sjálfa sem Breta, Frakka, Þjóðverja, Ítali og svo framvegis, ekki fyrst og fremst sem Evrópumenn. Margir hafa litla trú á að þjóðríkin eigi að afsala sér meiri völdum til yfirþjóðlegra stofnana Evrópusambandsins.




Sagan sem sjálfsmynd

Árið 2006 gáfu frönsk og þýsk skólayfirvöld út fyrstu sameiginlegu þýsk-frönsku námsbókina í sögu fyrir framhaldsskóla. Það er í fyrsta sinn sem tvö ríki hafa sameinast um eina sögunámsbók. Markmiðið með henni var að stuðla að sameiginlegum söguskilningi og þannig varanlegum friði milli Frakka og Þjóðverja. Bókin var skrifuð af fimm þýskum og fimm frönskum sagnfræðingum, og hún fjallar um tímann eftir 1945. Tvær aðrar bækur eru ráðgerðar og eiga að segja sögu tímans fyrir 1945. Amerískir ritdómarar hafa gagnrýnt þýsk-frönsku bókina fyrir að vera andvíg Bandaríkjunum. Þeir halda því fram að höfundar gefi allt of dökka mynd af Bandaríkjunum og fegraða mynd af Evrópusambandinu.

- A** Hvernig geta sameiginlegar sögunámsbækur þjóða stuðlað að friði á milli þeirra?
- B** Hvers vegna haldið þið að Frakkar og Þjóðverjar hafi byrjað á bók um tímann eftir 1945? Verður erfiðara að koma sér saman um innihald bókar um tímann fyrir 1945? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- C** Námsgreinin saga hefur oft verið notuð til að skapa þjóðernislega sjálfsmynd fólks, meðal annars með því að gera fólk stolt yfir afrekum þjóðar sinnar í fortíðinni. Hvers konar sjálfsmynd er þessi nýja námsbók líkleg til að skapa?





Finnið svar

- 1 Hvar er Alsace-Lorraine?
- 2 Hvers vegna vildi Robert Schuman að Þjóðverjar og Frakkar tækju upp samvinnu einmitt um kola- og stálframleiðslu?
- 3 Hvað er Rómarsáttmálinn?
- 4 Hvað felst í „fjórfrölsinu“?
- 5 Um hvað var Maastrichtsamningurinn?
- 6 Hvað er EFTA?
- 7 Hvað er Evrópska efnahagssvæðið?
- 8 Um hvað er Schengen-samkomulagið?
- 9 Hvað er evra?

Umræðuefni

- 10 Haldið þið að Evrópusambandið eigi eftir að þróast í það að verða eins konar ríki, Bandaríki Evrópu?
- 11 Er sennilegt að það eigi eftir að brjótast út stórstyrjöld í Evrópu? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Þjálfíð hugann

- 12 Eitt á ekki heima hér:
 - a Evrópusamband, EFTA, NATO, Efnahagsbandalag Evrópu
 - b Íslenskar krónur, sænskar krónur, þýsk mörk, evrur
 - c Ísland, Svíþjóð, Danmörk, Slóvenía
 - d Róm, Brüssel, Maastricht, Osló

Viðfangsefni

- 13 Robert Schuman telst einn af frumkvöðlum Evrópusambandsins. Á vefsíðunni europa.eu/abc/history/1945-1959/index_da.htm getið þið fundið efni um fleiri frumkvöðla þess. Veljið einn þeirra og skrifið stutta kynningu á honum þar sem kemur fram hvað einmitt þessi maður hafi gert til að koma samstarfi Evrópuríkja á fót.


- 14 Hugsið ykkur að þið hefðuð verið beðin að halda ræðu í tilefni af Evrópuþeginum 9. maí 2007.
 - a Skrifið nokkur stikkorð um atriði sem þið viljið hafa með í ræðunni. Munið að þið eigið að láta koma fram hvers vegna einmitt þessi dagur sé haldinn hátíðlegur.
 - b Raðið ykkur saman tvö og tvö og berið saman stikkorðin ykkar. Sameinið stikkorðalistana til að fá út úr þeim nákvæmara yfirlit yfir efnisatriði ræðunnar.
 - c Skrifið ræðuna eða haldið hana óskrifaða út frá stikkorðalistanum.
- 15 Teiknið Evrópukort eða fáðið kort hjá kennaranum ykkar.
 - a Litið með sama lit sex fyrstu aðildarlönd Efnahagsbandalags Evrópu og svo með öðrum lit þau lönd sem hafa gengið í bandalagið síðar.
 - b Finnið út hvar þessar borgir eru og merkið þær inn á kortið: Róm, Maastricht, Schengen, Brüssel.
- 16 Árið 2007 voru um 493 milljónir íbúa í löndum Evrópusambandsins. Í Bandaríkjunum voru 304 milljónir en á Íslandi 308 þúsund.
 - a Hve margir Evrópusambandsíbúar voru á hvern Íslending?
 - b Hve miklu fleiri íbúa hefur Evrópusambandið en Bandaríkin?

Heimildavinna

- 17 Lesið Schuman-yfirlýsinguna á bls. 111.
 - a Hver er boðskapur Schumans? Segið það í stuttu máli með ykkar eigin orðum.
 - b Hvaða von um framtíðina tjáir Schuman með orðum sínum?
- 18 Hver er boðskapur skopmyndarinnar á bls. 116?

Kjarni

- * Kola- og stálsambandið sem sex ríki komu á fót árið 1951 varð upphafið að Evrópusamvinnunni.
- * Næsta skref var Rómarsamningurinn árið 1957. Með honum var Efnahagsbandalag Evrópu stofnað. Með honum skuldbundu aðildarríkin sex sig til víðtækrar efnahagssamvinnu.
- * Þjóðirnar höfðu ólík markmið með aðild sinni en sameiginlegar með þeim voru óskir um frið og hagvöxt.
- * Síðan þetta gerðist hefur Efnahagsbandalag Evrópu orðið að Evrópusambandinu. Samvinnan hefur verið víkkuð út á fleiri svið, meðal annars utanríkis- og varnarmál og æ fleiri lönd hafa gengið í sambandið. Það byrjaði sem vestur-evrópsk samvinna en nær nú yfir mörg lönd í Austur-Evrópu.



Gamlir vinir verða fjendur

Sarajevo 1984:

Vetrarólympíuleikar eru haldnir í þessum fagra bæ, umkringdum af snævi þöktum fjöllum í miðju þessu friðsamlega landi, Júgóslavíu. Hér búa um 500.000 manns af ólíkum þjóðernis- og trúaruppruna, árekstralaust í fjörlegum nútímabæ.

Sarajevo 1996:

Stórir hlutar bæjarins eru í rúst og þær byggingar sem enn standa uppi eru skemmdar af kúlnagötum. Hér eru aðeins um 250.000 manns eftir, hinir hafa flúið eða verið drepnir. Fátækt, sorg og hatur setja svip sinn á fólk eftir meira en þriggja ára borgarastríð.

Meðan aðrir hlutar Evrópu fögnuðu því að kalda stríðinu var lokið og fólk gat þjappað sér betur saman vildu íbúar Júgóslavíu slíta sig út úr ríkissambandinu og mynda ný, sjálfstæð

ríki. Viðað leiddi þetta til grimmilegra styrjalda milli fólks sem hafði áður verið friðsamlegir nágrennar. Hvernig gat það gerst?

Fjölpjóðaríkið Júgóslavía

Þegar sigurvegarar fyrri heimsstyrjaldar áttu að draga upp ný landamæri í Evrópu reyndu þeir að mynda þjóðríki þar sem íbúarnir væru sem flestir af sama þjóðerni. Á Balkanskaga í suðausturhorni Evrópu var þetta erfitt af því að þjóðirnar voru svo blandaðar. Fólk af ólíkum þjóðum bjó hvað innan um annað, eins og landið væri bútasaumsteppi. Það var meðal annars ástæðan til þess að mörgu fólk af ólíkum þjóðum var safnað saman í eitt ríki sem var kallað Júgóslavía. Flestar þjóðirnar voru af slavneskum uppruna, þær töluðu slavnesk mál sem eru meðal annars skyld rússnesku. „Júgó“ merkir „suður“ svo að Júgóslavía

Sarajevo var ein þeirra borga sem voru verst leiknar í Júgóslavíustríðunum. Á árunum 1992–96 var borgin sprengd svo að hún varð óþekktanleg.



Þjóðir í Júgóslavíu

Þjóð er hópur fólks sem hefur (oftast) sama tungumál, menningu, trú og sögu og finnst það sjálft tilheyra einum og sama hópnum. Fyrir þá sem ekki tilheyra neinni af þjóðunum sem byggðu Júgóslavíu er kannski ekki auðvelt að skilja hvað það er sem skilur á milli þeirra. Fólk af ólíku þjóðerni er eins í útliti og talar margt sama tungumálið. Í töflunni er yfirlit yfir fjölmennustu þjóðir Júgóslavíu.

	Tungumál	Skrifletur	Trúarbrögð
Serbar	Serbókróatíska	Kyrillískt letur	Grísk-orpódox kristni
Króatar	Serbókróatíska	Latínuletur	Rómversk-kaþólsk kristni
Bosníumenn	Serbókróatíska	Latínuletur	Islam
Slóvenar	Slóvenska	Latínuletur	Rómversk-kaþólsk kristni
Albanir	Albanska	Latínuletur	Islam/ Rómversk-kaþólsk kristni
Svartfellingar	Serbókróatíska	Kyrillískt letur	Grísk-orpódox kristni
Makedónar	Makedónska	Kyrillískt letur	Grísk-orpódox kristni

merkir „suðurslavneska landið“. Stærsta þjóðin í Júgóslavíu var Serbar en þar bjuggu líka margir Króatar, Slóvenar, Makedónar, Albanir, Bosníumenn og fleiri þjóða fólk. Snemma tók fólki að finnast að það væri undirokað af Serbum.

Upplausn í síðari heimsstyrjöld

Í síðari heimsstyrjöldinni réðust Þjóðverjar og bandamenn þeirra inn í Júgóslavíu. Eftir harða bardaga urðu Júgóslavar að gefast upp og landinu var skipt í sundur. Ungverjar, Búlgarar og Ítalir fengu hverjir sinn landshluta. Króatía var gerð að sérstöku ríki undir forustu innlendra fasista og afganginn af landinu hernámu Þjóðverjar.

Íbúar landsins voru illa sundraðir í stríðinu. Þeir sem höfðu völdin í Króatíu voru kallaðir Ustasja-hreyfingin. Þeir höfðu sömu hugmyndir og nasistar um að útrýma „óæðri“ kynþáttum. Það kom niður á gyðingum og sígaunum en líka Serbum sem voru fjölmennir í Króatíu.

Mörg hundruð þúsund Serbar voru drepnir. Ustasja-stjórnin ofsótti líka kommúnista og aðra sem börðust gegn kúguninni.



Í löndum fyrrum Júgóslavíu er notað tvenns konar letur. Á skiltinu er nafn bæjarins Pristina skrifað með kyrillískri skrift og latínuletri.

Tveir ólíkir hópar börðust gegn þýska hernáminu og Ustasja-hreyfingunni. Serbneskir þjóðernissinnar mynduðu andspyrnuhóp sem var kallaður tjechnikarar. Kommúnistar af ólíkum þjóðum skipulögðu líka andspyrnu-hreyfingu. Þeir voru kallaðir partisanar og leiðtogi þeirra hét Josip Broz Tito. Partisanar voru stærsta andspyrnu-hreyfingin og þeir börðust af hörku við þýska hernámsliðið en líka við Ustasja-hreyfinguna og jafnvel tjechnikara. Að lokum tókst partisönnum, með hjálp sovéska hersins, að hrekja hernámsliðið út úr landinu árið 1945.

Stríðið hafði leikið íbúa Júgóslavíu illa. Um 1,7 milljónir manna féllu, um 10% af íbúunum. Auk þess kveikti stríðið mikið hatr á milli fólks af ólíkum þjóðum.



Í síðari heimsstyrjöldinni sigraði her innlendra kommúnista í Júgóslavíu með aðstoð Sovétríkjanna. Myndin er tekin í september 1944.

Tito skapaði samstöðu

Eftir stríðið var Tito álitinn mikil þjóðhetja. Hann varð því nýr leiðtogi landsins. Tito var kommúnisti og gerði Júgóslavíu að kommúnistaríki. Á fyrstu árunum vann hann með Stalín og Sovétríkjunum en árið 1948 sleit hann sambandinu. Hann vildi ráða sjálfur stefnu sinni en ekki vera undirgefinn Stalín. Júgóslavía varð hlutlaust ríki í kalda stríðinu og hafði gott samband við Vestur-Evrópu þó að það væri undir stjórn kommúnista.

Tito lagði mikla áherslu á að milda fjandskap þjóðahópanna í landinu og vann að því að skapa sameiginlega þjóðernislega sjálfsmynd. Hann vildi að allir íbúar landsins litu á sig sem Júgóslava, ekki sem Serba, Króata, Slóvena og svo framvegis. En það var ekki auðvelt að koma þessu í kring. Júgóslavíu var skipt upp í sex fylki sem fengu mikla innri sjálfstjórn. Á þann veg vonaði Tito að öllum hópum fólks myndi finnast þeir fá réttláta stöðu. Við það yrðu þeir ánægðir og stoltir af því að vera Júgóslavar.

Lengi framan af virtist áætlun Titos fá góðan framgang. Efnahagur landsins blómstraði, meðal annars af því að þangað komu margir vestrænir ferðamenn. Flestir lifðu við batnandi kjör og líkaði vel við stjórn Titos. En til að geta greitt há laun tók Tito mikil peningalán frá útlöndum. Smám saman urðu skuldir ríkisins miklar. Á áttunda tug aldarinnar tók fólk að finna að efnahagslífið var ekki eins gott og það hafði haldið. Verðlag hækkaði og margir urðu atvinnulausir. Fólk fór að hafa áhyggjur af framtíðinni. En Tito var enn vinsæll og meðan hann stjórnaði gekk vel að halda ríkinu saman.

Ólíkar skoðanir á stjórnartíma Titos

„Maður heyrir fólk tala um hvað það hafi verið hræðilegt undir kommúnistunum! En það var dásamlegt undir kommúnistum! Hótelin voru full af gestum. Allir gátu ferðast hvert sem var um landið eða farið úr landi. Fólk með ólík trúarbrögð var bestu vinir.“
(Móttökustarfsmaður á hóteli við rithöfundinn Richard West.)

„Já, við lifðum í friði og sátt. Við lifðum í friði og sátt af því að það stóðu alltaf lögregluþjónar með 100 metra millibili til að tryggja að við elskuðum hvert annað ofurheitt.“
(Króati við fréttamann BBC, Martin Bell.)

Samstöðu lýkur

Árið 1980 dó Tito og hópur af leiðtogum, allir kommúnistar, einn frá hverju fylki, tók við völdum. Efna-hagsvandráðin jukust sífellt sem og erfiðleikarnir við að stjórna landinu. Almennigur bar ekki eins mikið traust til nýju valdhafanna eins og til Titos áður. Auk þess var það að miklu leyti kommúnisminn sem hafði haldið Júgóslavíu saman, kerfi hugmynda sem fólk átti sameiginlegar. En nú tóku margir að missa trúna á kommúnismann. Rétt fyrir 1990 komu nýir hópar manna til valda í einstökum fylkjum. Þeir báru mest fyrir brjósti hagsmuni eigin þjóðar en hugsuðu minna um hag Júgóslavíu allrar. Þeir kenndu hinum þjóðunum um erfiðleikana sem gengu yfir landið og kyntu af ásettu ráði undir fjandskap þjóðahópanna. Þeir urðu vinsælir vegna þess að þeir orðuðu fordóma sem fólk hafði um hinar þjóðirnar en hafði verið bannað að tala um meðan Tito var við völd. Meðal þessara nýju valdhafa voru nýr leiðtogi Serba, Slobodan Milosevic og nýr leiðtogi Króata, Franjo Tudjman. Árið 1991 lýstu Slóvenar, Króatar og



Josip Broz Tito (1892–1980) var fæddur í Karlovac í Króatíu sem tilheyrði þá Austurríki-Ungverjalandi. Móðir hans var Slóveni en faðirinn Króati. Tito varð snemma kommúnisti og hafði forustu fyrir andspyrnuni gegn nasistum í Júgóslavíu í síðari heimsstyrjöldinni. Síðan stýrði hann Júgóslavíu frá 1945 til dauðadags árið 1980, fyrst sem forsætisráðherra, síðar forseti. Hann var vinsæll ríkisleiðtogi og vann að því að skapa samstöðu með ólíkum þjóðahópum í landinu.

Makedónar yfir sjálfstæði landa sinna.

Árið eftir gerði Bosnía-Herzegovína það sama. Í Júgóslavíu var nú ekkert eftir nema Serbía og Svartfjallaland. Serbar, undir forystu Slobodans Milosevic, vildu halda Júgóslavíu saman. Þeir vildu alls ekki fallast á að Króatía og Bosnía-Herzegovína yrðu sjálfstæð ríki. Í báðum þessum löndum bjuggu margir Serbar sem óttuðust nú að verða kúgaðir. Þess vegna hófu Serbar stríð, fyrst við Króatíu þar sem þeir studdu uppreisn serbneska minnihlutans í landinu. Á árunum 1991–92 háðu Serbar og Króatar marga harða bardaga en að lokum var samið vopnahlé og Króatía var viðurkennd sem sjálfstætt ríki. En þá fluttist stríðið til Bosníu.



Júgóslavía skiptist í sex fylki eða hálf sjálfstæð ríki. Auk þess höfðu tvö héruð í Serbíu nokkra sjálfstjórn, Kosovo og Vojvodína. Þó að skiptingin í fylki færi að vissu leyti eftir þjóðerni íbúanna bjuggu ólíkar þjóðir víða hver innan um aðra, þannig að hvert fylki hafði stóra eða litla minnihlutahópa. Í Bosnía-Herzegovínu voru nokkurn veginn jafnmargir Serbar, Króatar og Bosníumenn.

Fólk í mótmælagöngu heldur á loft myndum af stríðsglæpamönnum. Frá hægri: Radovan Karadzic, leiðtogi Bosnía-Serba í stríðinu, Slobodan Milosevic, forseti Serbíu, Ratko Mladic, herforinginn sem stýrði fjöldamorðunum í Srebrenica. Allir þrír hafa verið ákærðir fyrir stríðsglæpi. Síðastur fannst Mladic árið 2011 og var fluttur til Haag til að mæta fyrir stríðsglæpadómstólnum.

Stríð í Bosnía 1992–95

Í Bosnía-Herzegovínu (sem er oftast bara kölluð Bosnía) bjuggu álíka margir Serbar, Króatar og Bosníumenn. Þeir höfðu lifað nokkurn veginn friðsamlega saman og ekki var óvenjulegt að fólk af ólíkum þjóðum gengi í hjónaband saman. En upp úr 1990 fóru íbúar Bosnía að verða fyrir áhrifum af því sem var að gerast annars staðar í Júgóslavíu. Andúð á milli þjóðernishópanna fór líka vaxandi þar.

Hinn 5. apríl 1992 lýsti Bosnía yfir sjálfstæði landsins. Tveimur dögum síðar lýstu Bosnía-Serbar yfir sjálfstæði gagnvart Bosnía. Grimmilegt stríð braust út. Serbar fengu stuðning þess sem var eftir af júgóslavneska hernum. Þeir náðu valdi yfir norðausturhluta landsins og byrjuðu „þjóðernishreinsun“ á svæðinu. Þeir vildu „hreinsa“ landið af Króötum og Bosníumönnum, þannig að það yrði hreint serbneskt land. Þetta gerðist þannig að fólk var rekið frá heimilum sínum og mörg hús voru brennd. Karlmenn voru handteknir og sendir í fangabúðir, pyntaðir og



drepnir. Konur, börn og gamalmenni voru hrakin á flóttu. Mörgum konum var nauðgað af hermönnum.

Þjóðernishreinsanir voru líka gerðar í héruðum sem Króatar og Bosníumenn réðu og þar urðu Serbar fyrir ofsóknum. En það voru serbneskar hersveitir sem frömdu versta ódæðið í stríðinu, fjöldamorðin í Srebrenica í júlí 1995. Undir forustu herforingjans Ratko Mladic voru meira en 8.000 varnarlausir Bosníumenn drepnir og líkunum kastað í fjöldagrafir.

Stríðið í Bosníu stóð í meira en þrjú ár og kostaði um 100.000 manns lífið. Sameinuðu þjóðirnar sendu herlið til að vernda íbúana en þeir voru allt of fáir til að ráða við það. Árið 1995 var loks undirritaður friðarsamningur og stríðinu lauk. Í raun var Bosníu skipt upp í serbneskan hluta og króatísk-bosníska hluta sem hvor um sig hafði sjálfstjórn í innanlandsmálum. NATO sendi hersveitir á svæðið til að líta eftir að friðurinn væri haldinn. Árið 2004 tók Evrópusambandið við því hlutverki.



Stríð í Kosovo 1998–99

Kosovo var hluti af serbneska fylkinu í Júgóslavíu en hafði þó nokkra sjálfstjórn. Meirihluti íbúanna var albanskur og þeim fannst þeir vera undirokaðir af Serbum. Serbneski minnihlutinn í Kosovo taldi sig á hinn bóginn þurfa að þola sífelldan yfirgang Albana. Slobodan Milosevic nýtti sér þessar aðstæður og hélt þrumuræður um það hve mikilvægt væri að vernda serbnesku íbúana. Þannig birtist hann sem þjóðhetja og varð afar vinsæll í Serbíu.

Hér er grafin upp fjöldagröf fólks sem hefur fallið í stríðinu í Bosníu.

NÆRMYND

Þjóðernishreinsun

„Þjóðernishreinsun“ merkir að reynt er að losna við af ákveðnu svæði alla sem ekki tilheyra þjóð þess sem fremur hreinsunina. Þetta er gert með því að drepa fólk af öðru þjóðerni eða reka það í burtu með ofbeldi. Þjóðernishreinsun telst vera stríðsglæpur.

Þjóðernishreinsunin sem var framin í fyrrum Júgóslavíu minnir um margt á meðferðina á gyðingum í Þýskalandi Hitlers. Fólk var ofsótt og drepið af því að það tilheyrdi ákveðnum þjóðernishópi. Jafnvel voru settar upp fangabúðir sem minntu á útrýmingarbúðir nasista. Það var áfall fyrir marga að komast að því að slíkt gæti gerst í Evrópu á síðasta áratug 20. aldar.





Hermenn Kosovo-Albana voru kallaðir hryðjuverkamenn af Serbum en Albanir kölluðu þá Frelsisher.

Árið 1989 lagði Milosevic niður sjálfstjórn Kosovo. Albanir mótmæltu því en mótmælaaðgerðir þeirra voru bældar niður með hörku. Yfirvöld Serbíu tóku upp kerfisbundna kúgun á Albönum í Kosovo. Albanir stofnuðu lýðræðislegan stjórnmálaflokk með Ibrahim Rugova sem leiðtoga og reyndu að koma á sjálfstæði Kosovo með samningum við Serba. En Serbar höfnuðu kröfunni um sjálfstæði og margir Albanir komust á þá skoðun að ekki þýddi að reyna að beita friðsamlegum aðferðum. Þá stofnuðu þeir Frelsisher Kosovo (UCK).

Á árunum 1996–97 byrjaði Frelsisherinn að ráðast á serbneskar lögreglustöðvar í Kosovo og Serbar fjölguðu í liði lögreglu og hers í landinu. Árið 1998 voru átökin orðin að blóðugu stríði. Alþjóðasamfélagið tók að óttast að harmleikurinn í Bosnía endurtæki sig. NATO ákvað að grípa inn í gegn Serbum. Þegar augljóst þótti að Milosevic léti ekki undan hótunum, árið 1999, fór NATO að gera loftárásir á Serbíu. Eftir nokkra mánuði varð Milosevic að fallast á að draga her sinn

Kosovo í sögu Serba

Nú á dögum eru aðeins um 5% af íbúum Kosovo Serbar. Hvers vegna var þá svona mikilvægt fyrir serbnesk yfirvöld að halda Kosovo innan serbneska ríkisins? Serbneskir þjóðernissinnar hafa oft bent á að Kosovo hafi sérstaka stöðu í sögu Serba. Þeir hafa einkum nefnt orrustuna við Kosovo-sléttu árið 1389. Þar börðust margir serbneskir höfðingjar saman gegn tyrkneskum her sem vildi hermema landsvæðið. Serbar töpuðu orrustunni en samt telst hún vera stóratburður í serbneskri sögu og mörg serbnesk hetjukvæði hafa verið ort um hana. Árið 1989 stofnaði Slobodan Milosevic til mikilla hátíðahalda í tilefni af 600 ára afmæli þessarar orrustu. Hann hélt ræðu yfir milljón Serbum á Kosovo-sléttu og lýsti því hvernig Serbar hefðu tapað vegna innbyrðis sundrungar. Mikilvægt væri fyrir Serba að standa saman, einnig í framtíðinni. Hann nefndi ekki að Albanir og fleiri þjóða menn börðust með Serbum í þessari frægu orrustu árið 1389.



Milosevic heldur ræðu til minningar um bardagann við Kosovo-sléttu árið 1389.

út úr Kosovo og samþykkja að NATO og Sameinuðu þjóðirnar sendu þangað friðargæslusveitir og tækju við stjórn Kosovo.

Hinn 17. febrúar 2008 lýsti Kosovo yfir sjálfstæði og fólk fagnaði á götum úti. Fáum dögum síðar var þetta nýja ríki viðurkennt meðal annars af Bandaríkjunum, Þýskalandi og Frakklandi. En önnur ríki, þeirra á meðal Rússland, héldu því fram að Kosovo ætti engan rétt á að slíta sig laust frá Serbíu. Í höfuðborg Serbíu, Belgrad, fóru þúsundir í mótmælagöngur gegn sjálfstæði Kosovo og öfgafullir þjóðernissinnar kveiktu í sendiráðsbyggingu Bandaríkjanna. Fyrir Kosovo er framtíðin enn óviss.

Sameinuðu þjóðirnar hindra stríð

Í Makedóníu, einu af fyrrum sambandsfylkjum Júgóslavíu, varð nokkuð önnur þróun en í Bosnía og Kosovo. Meirihluti íbúanna er Makedónar en um fjórðungur Albanar. Þegar Makedónía varð sjálfstæð, árið 1991, urðu nokkrar ýfingar milli þjóðanna í landinu og forseti þess bað Sameinuðu þjóðirnar um hjálp. Hermenn frá Sameinuðu þjóðunum, lögregluð og eftirlitsmenn, voru sendir til landsins. Þegar mest var voru 1.500 hermenn á vegum Sameinuðu þjóðanna í Makedóníu. Þeim tókst að draga úr æsingnum og koma í veg fyrir að vopnuð átök brytust út. Sameinuðu þjóðirnar stuðluðu líka á margan hátt að framförum í landinu.

Árið 1999 drógu sveitir Sameinuðu þjóðanna sig út úr Makedóníu. Í janúar 2001 brutust út átök á milli stjórnarliðs Makedóna og albanskra uppreisnarmanna. Þeim lauk strax í mars sama ár þegar aðilar skrifuðu

Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn vegna atburðanna í Júgóslavíu

Árið 1993 stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar sérstakan dómstól til að rannsaka og fella dóma fyrir stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu. Fyrir 2007 hafði dómstóllinn tekið fyrir 106 mál. Meðal dæmdra stríðsglæpamanna er Haradin Bala, yfirmaður í Frelshreyfingu Kosovo sem var dæmdur í 13 ára fangelsisvist fyrir morð á serbneskum stríðsföngum. Slobodan Milosevic var ákærður fyrir að vera ábyrgur fyrir þjóðarmorði, þjóðernishreinsun og fjöldanauðgunum þegar hann var þjóðarleiðtogi Serba. Hann var handtekinn af serbnesku lögreglunni árið 2001 og framseldur Sameinuðu þjóðunum. Málaferlin gegn honum urðu langvarandi. Hann varði sig sjálfur og neitaði að viðurkenna að dómstóll Sameinuðu þjóðanna væri löglegur. Árið 2006 dó hann úr hjartasjúkdómi áður en dómur féll. Nokkrir sem hafa verið ákærðir fyrir stríðsglæpi ganga enn lausir.

undir friðarsamning sem veitti albanska minnihlutanum aukin réttindi. Meðal annars varð albanska opinbert tungumál við hlið makedónsku. Friðarsamningunum var komið á með hjálp Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

Friður framundan?

Stríðsátökum í fyrrum Júgóslavíu er lokið en friðurinn er valtur. Í Kosovo og Bosnía eru útlendar friðargæslusveitir til að hindra að vopnuð átök hefjist en enn þá eru mörg vandamál óleyst. Mikill ótti er um að stríð geti brotist út á ný.


Margir setja nú traust sitt á að aðild að Evrópusambandinu muni tryggja friðinn. Slóvenía fékk aðild árið 2004 og fleiri lönd sem áður voru hluti af Júgóslavíu eiga í viðræðum við sambandið um hugsanlega aðild í framtíðinni.

Notkun og misnotkun sögunnar

Þegar fólk skrifar sagnfræði hefur það oft önnur markmið en að segja sannleikann um það sem var og gerðist. Fólk notar söguna oft til að ná einhverju markmiði. Það getur til dæmis verið:

- * að vara fólk við því að endurtaka mistök sem hafa verið gerð í fortíðinni
- * að skapa samstöðu og sameiginlega sjálfsmynd
- * að halda fram eigin skoðun á einhverju efni
- * að skapa fagra mynd af eigin þjóð
- * að skapa ljóta mynd af annarri þjóð
- * að hafa þau áhrif á fólk að það fallist á að fara í stríð eða fremja önnur ofbeldisverk

- A** Lesið klausuna um Kosovo í sögu Serba á bls. 126. Á hvaða hátt notaði Milosevic söguna? Hverju vildi hann koma til leiðar með henni?
- B** Finnið fleiri dæmi um notkun sögunnar, í námsbókinni eða annars staðar. Til hvers er sagan notuð í þeim dæmum sem þið finnið?
- C** Hvenær er í lagi og hvenær ekki í lagi að nota söguna? Hvað er að misnota söguna?



Finnið svar

- 19** Hvenær var ríkið Júgóslavía stofnað?
- 20** Hvað var Ustasja-hreyfingin?
- 21** Hver var Josip Broz Tito?
- 22** Hvað er þjóðernishreinsun?
- 23** Hver voru tildrög þess að NATO fór í stríð við Serbíu?
- 24** Hver var Slobodan Milosevic?
- 25** Hver er Ratko Mladic?
- a** Hverjar geta verið ástæður þess að Sameinuðu þjóðunum tókst betur til í Makedóníu en í Bosníu?
- b** Afskipti Sameinuðu þjóðanna í Makedóníu hafa vakið miklu minni athygli í fjölmiðlum en til dæmis stríðið í Bosníu sem Sameinuðu þjóðunum tókst ekki að koma í veg fyrir. Hvers vegna er það?

Umræðuefni

- 26** Er söguleg þýðing Kosovo fyrir Serba mikilvæg röksemd fyrir því að landsvæðið eigi að tilheyra Serbíu?
- 27** Í Makedóníu tókst Sameinuðu þjóðunum að hindra að fjandskapur þjóðarbrotanna í landinu yrði að blóðugri borgarastyrjöld.

Viðfangsefni

- 28** Þekkið þið einhvern sem hefur komið frá löndum fyrrum Júgóslavíu? Takið viðtal við hann eða hana og komist þannig að því hvernig viðkomandi manneskja fór út úr stríðinu á síðasta áratug 20. aldar.

29 Leitið á netinu að „þjóðernishreinsun“ (*ethnic cleansing*). Þið fáðið vafalaust margar færslur. Leitið uppi dæmi frá öðrum stað í veröldinni en í fyrrum Júgóslavíu. Reynið að finna svör við þessum spurningum:

- a** Hvar og hvenær gerðist þetta?
- b** Hverjir urðu fyrir þjóðernishreinsun og hverjir frömdu hana?
- c** Hefur einhver verið dæmdur?
- d** Berið dæmi ykkar saman við það sem gerðist í stríðinu í fyrrum Júgóslavíu. Hvað er líkt því og hvað ólíkt?

Heimildavinna


- 30** Lesið tilvitnanir í ummæli fólks um Tito-tímenn á bls. 123. Hvað segja þessar heimildir um ástandið í Júgóslavíu á valdatíma Titos?
- 31** Á bls. 125 sjáið þið mynd af dreng sem heldur á spjaldi með mynd af Milosevic sem einhver hefur krotað á.
- a** Hvaða tákn hafa verið teiknuð á Milosevic?
 - b** Hvað haldið þið að sá sem teiknaði hafi viljað segja með kroti sínu?
 - c** Spjaldið er dæmi um notkun sögunnar. Hvernig?

Kjarni

- ★ Í Júgóslavíu, ríki sem var stofnað eftir fyrri heimsstyrjöldina, bjó fólk af mörgum ólíkum þjóðum.
- ★ Landið fór illa út úr síðari heimsstyrjöldinni og mikið hatur kom upp milli þjóðanna.
- ★ Árið 1945 varð Júgóslavía kommúnistaríki með Tito sem leiðtoga. Hann stjórnaði landinu þangað til hann dó, árið 1980.

Honum tókst að milda þjóðernisandstæðurnar en þær blossuðu upp aftur undir 1990.

- ★ Eftir 1990 gerðust flest fylki Júgóslavíu sjálfstæð ríki. En serbneskir þjóðernissinnar féllust ekki á það og mörg stríð voru háð, þau umfangsmestu í Bosníu og Kosovo.



Ísland í veröld nútímans

Tími okkar er oft kallaður tími hnattvæðingar. Á okkar tímum verður heimurinn sífellt þéttriðnara net alls konar samskipta, aukinna verslunarviðskipta milli landa, hraðvirkari boðskipta og aukinna fólksflutninga. Þessi þróun hefur staðið lengi yfir en á síðustu áratugum hefur hún orðið margfalt hraðari en nokkru sinni fyrr. Hvernig hefur þessi þróun birst á Íslandi?




Á alheimsmarkaði

Fram yfir miðja 20. öld var mikið af framleiðslu Íslendinga verndað með tollum á innflutningsvörum. Oft var það svo að fyrirtæki í öðrum löndum kunnu að framleiða vörur á ódýrari hátt en Íslendingar. Það gat stafað af því að Íslendingar kynnu ekki að beita jafngóðri tækni eða bara af því hvað markaðurinn var lítill á Íslandi. Því var ekki hægt að framleiða eins mikið í einu og hvert kíló af framleiðslu kostaði fleiri handtök. En þá lagði íslenska ríkið innflutningstolla á útlendu vörurnar svo að þær urðu álíka dýrar og þær íslensku. Þetta gat til dæmis átt við fatnað og sælgæti. Sumar vörur var bannað að flytja inn, svo sem kjöt og mjólkurvörur.

Á síðari hluta 20. aldar var smám saman farið að draga úr þessari mismunun. Þegar Íslendingar gengu í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), árið 1970, og enn frekar við inngönguna í Evrópska efnahagssvæðið 1994, drógu þeir mjög úr innflutningstollum og innflutningsbönnum. Frjálsir vöruflutningar milli landa eru einn fjórðungur fjórfrelsisins svonefnda. Á móti þessu kom að innflutningstollar á íslenskum afurðum í öðrum aðildarlöndum lækkuðu eða lögðust af; til dæmis á fiskafurðum. Íslendingar höfðu hreint ekki verið, og eru ekki, einir um að leggja á innflutningstolla.

Samhliða starfi í þessum evrópsku bandalögum hafa Íslendingar allt síðan á sjöunda áratug 20. aldar átt aðild að alþjóðlegum samtökum um að auka frelsi í millilandaerslun. Upphaflega voru þau stofnuð árið 1947 og kölluð á ensku *General Agreement on Tariffs and Trade*, skammstafað GATT. Árið 1995 var þeim breytt í – WTO. En þrátt fyrir allt þetta eru enn miklar takmarkanir

Fjöldi erlendra ríkisborgara sem voru búsettir á Íslandi 1994–2011



á frjálsum viðskiptum milli landa og ekki minnst af hálfu Íslendinga, enda umdeilt hve langt eigi að ganga í að leggja þær niður.

Frjáls vinnumarkaður

Strax á sjöunda tug 20. aldar tók mikið af útlendu fólki, jafnvel frá öðrum heimsálfum, að streyma til Norðurlanda og fleiri Evrópulanda. Þar var skortur á vinnuafl, einkum til að vinna lágt launuð þjónustustörf, og launin þó miklu hærri en í heimalöndum þessa fólks.

Á Íslandi var lengi lítið um innflutning á slíku fólki og fáir útlendingar búsettir á Íslandi. Rétt áður en Evrópska efnahagssvæðið var stofnað, 1994, voru útlendir ríkisborgarar innan við 2% þeirra sem voru búsettir á Íslandi en í Danmörku og Noregi voru þeir milli 3 og 4%, í Svíþjóð næstum 6%. En um aldamótin 2000 jókst mjög eftirspurn eftir vinnuafl á Íslandi, einkum vegna mikilla byggingarframkvæmda. Þá streymdu útlendingar til landsins, flestir þeirra Pólverjar. Eftir að Pólland gekk í Evrópusambandið, 2004, þurftu þeir engin leyfi til að flytjast hingað og fá vinnu af því að hindrunarlausir fólks-

Fjöldi erlendra ríkisborgara hefur meira en fjórfaldast á þessu tímabili. Örlítil fækkun varð eftir bankahrunið og með auknu atvinnuleysi eftir 2008, en furðulítið samt miðað við fjölgunina á áratugnum á undan.

flutningar voru hluti af fjórfrelsinu. Eftir að íslenska bankakerfið hrundi, haustið 2008, lagðist byggingarvinna að miklu leyti niður á Íslandi og laun lækkuðu mikið þegar þeim hafði verið skipt í evrópska gjaldmiðla, vegna þess að gengi íslensku krónunnar lækkaði um helming. Þá fluttust margir Pólverjanna til heimalands síns. Þeir eru þó allmargir enn á landinu og gera sig sumir líklega til að verða eins miklir Íslendingar og við hin, þótt þeir haldi ef til vill áfram að vera Pólverjar líka.

Flóttamenn á Íslandi

Stríðsátökin í heiminum og misskipting lífsgæða valda því að sífellt er eitthvað af fólki að reyna að komast inn í auðugu löndin þar sem mannréttindi eru virt sæmilega. Að vísu er þetta fólk sárafátt í samanburði við þá sem aldrei reyna að fara úr heimalandi sínu en það er nógu margt til þess að íbúar auðugu landanna hafa áhyggjur af flóttafólki sem kemur ólöglega inn í lönd þeirra.

Það er regla að fari maður ólöglega frá heimalandi sínu (ríki A) til ríkis B og síðan ólöglega þaðan til ríkis C þá



Palestínukonur

Árið 2008 kom hingað til lands sem flóttamenn hópur kvenna og barna þeirra sem voru komin af fólki frá Palestínu, átta konur með 21 barn. Mæður kvennanna höfðu flúið til Íraks og búið þar lengi, en þegar veldi Saddams Hussein var steypt 2003 höfðu þær flúið þaðan og hafst við í tjaldbúðum á landamærum Íraks og Sýrlands. Sigríður Víðis Jónsdóttir hefur skrifað bókina *Ríkisfang: Ekkert*, um sögu þessara kvenna. Þar má meðal annars lesa þetta um ákvörðun einnar þeirra, Aydu, að taka tilboði um að flytjast til Íslands með börnum sínum tveimur, syninum Ahmed og dótturinni Aseel. En eldri dóttirin, Sama, varð eftir vegna þess að hún var í hjónabandi.

„Ég vissi að það væri á endanum skynsamlegast að fara til Íslands. En þetta var engu að síður óskaplega ... erfið ákvörðun ...“

Tárin renna hljóðlát niður kinnarnar á Aydu, hún strýkur þau varlega í burtu.

„Ég sveiflaðist stöðugt á milli þess að fara og vera. Kom ef til vill við hjá Linu eða þeim sem ég vissi að væru á listanum — og sagði að ég gæti ómögulega farið. Talaði síðan við Sömu og þá hvatti hún mig til að hugsa um yngri systkini sín.

Hugsaðu um framtíð þeirra, það hún. Á Íslandi fá þau tækifæri. Þú verður að taka þessu! Fyrir þau!“

Ayda þagnar. Nýr saman höndum. Röddin orðin að hálfgerðu hvísli.

„Ég var hikandi. Óttaðist það óþekkta. Yngri krökkunum leist ágætlega á þetta, sérstaklega Ahmed. Mamma, þú ættir að slá til, sagði hann. Höfum við val um eitthvað annað?

En eitt af því sem ég óttaðist var vitanlega hvað yrði um hann og Aseel ... ef eitthvað kæmi fyrir mig á Íslandi.“

Kvöldið áður en Ayla á að gefa endanlegt svar leggst hún á bæn.



Fagnaðarfundir í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli þegar Kosovo-Albanarnir Xhyla Doshlaku og maður hennar Tafil Zogni koma til landsins og hitta börn sín og barnabörn sem voru flutt til Íslands áður.

hefur ríki C rétt til að skila honum til baka til ríkis B og ríki B skyldugt til að taka við manninum aftur. Íslendingar hafa ekki beinar samgöngur við neitt land sem fólk er líklegt til að flýja frá og því geta þeir oftast losað sig við ólöglega flóttamenn með því að senda þá til baka til landsins sem þeir komu frá, Danmerkur, Noregs eða annarra grannlanda. Því er lítið um ólöglega flóttamenn á Íslandi, þótt einstöku sinnum komi fyrir að þeir lendi hér án þess að hægt sé að sanna hvaðan þeir komu til landsins.

Hins vegar hafa íslensk stjórnvöld stundum tekið við hópum flóttamanna frá löndum sem fólk hefur neyðst til að yfirgefa og á ekki afturkvæmt til. Fyrst var tekið við hópi Ungverja eftir að Sovétríkin höfðu ráðist inn í landið til að endurreisa fallna stjórn kommúnista í landinu árið 1956. Síðan hefur verið tekið við fólki sem hraktist frá Víetnam eftir valdatöku kommúnista þar, frá Póllandi þegar herinn tók völdin þar í landi, frá Júgóslavíu, Kólumbíu í Suður-Ameríku, þar sem lengi hefur verið borgarastríð, og síðast fólki sem á uppruna sinn í Palestínu. Eftir fimm ára vist í landinu geta flóttamenn sótt um íslenskan ríkisborgarétt.

Umhverfismál

Á síðustu áratugum 20. aldar og upphafsárum 21. aldar hefur umhverfisvernd orðið eitt af stóru málunum í heiminum. Framan af snerist hún einkum um að vernda ákveðin landsvæði, hefta uppblástur, rækta skóg og græða land sem hafði orðið gróðurlaust af landrofi. Síðar fór umræðan að snúast um það viðs vegar um heiminn að sívaxandi brennsla, einkum á olíu en líka kolum, framleiddi svokallaðar gróðurhúsalofttegundir sem söfnuðust fyrir í lofthjúpi jarðar og héldu að jörðinni meiri sólarhita en áður. Þannig er talið að loftslag muni smátt og smátt hlýna ef brennslan minnkar ekki, jöklar og hafís bráðna, yfirborð sjávar hækka svo að láglendi fari í kaf og gróðurlönd breytist í eyðimerkur.

Þetta varð til þess að ríki heims tóku að reyna að semja um að draga úr brennslu. Sameinuðu þjóðirnar hafa gengist fyrir ráðstefnum þar sem

Á Íslandi er mikið af fossum sem tiltölulega auðvelt er að virkja til að framleiða hreina orku. Hins vegar rekst það ævinlega á náttúruverndarsjónarmið þegar vatnsföll eru virkjuð. Fagrir fossar hverfa, eða breytast að minnsta kosti verulega, ef vatnið er leitt í gegnum virkjanir. Oft er nauðsynlegt að mynda miðlunarlón til að jafna vatnsrennslið yfir árið því miklu meira vatn er í ánum á sumrin en á veturna. Þá getur þurft að láta mikið land hverfa undir vatn. Því eru áform um vatnsvirkjanir ævinlega álitamál og valda deilum.





Hvað koma loftslagsbreytingar heimsfriðnum við?

Fríðarverðlaun Nóbels eru venjulega veitt einstaklingum eða samtökum sem hafa unnið að friði eða stjórnmálamönnum sem hafa gert mikilvæga friðarsamninga. En árið 2007 fengu umhverfismálaráð Sameinuðu þjóðanna og Al Gore, varaforseti Bandaríkjanna, fríðarverðlaunin fyrir að stuðla að verndun umhverfis á hnettinum í heild. Hvers vegna var það gert?

Nóbelsverðlaunaneftindin, sem er kosin af norska Stórþinginu, ákvað að verðlaunin skyldu skiptast á milli þeirra og skýrði þá ákvörðun með því að lýsa því yfir að „umfangsmiklar loftslagsbreytingar geta breytt og ógnað líf skjörum fyrir miklum hluta mannkynsins. Þær geta komið af stað miklum fólksflutningum og aukið samkeppni um auðlindir jarðarinnar. Breytingarnar munu leggja sérstaklega þungar byrðar á fátækustu ríki heimsins. Hættan á vopnuðum átökum og styrjöldum innan ríkja og milli þeirra getur aukist. [...]

Með því að veita Intergovernmental Panel on Climatic Change og Al Gore verðlaun vill norska Nóbelsnefndin stuðla að því að aðgerðir sem virðast nauðsynlegar til að tryggja verndun loftslags á jörðinni hljóti meiri athygli. Með því vill hún draga úr ógninni sem nú steðjar að öryggi mannsins. Það þarf aðgerðir nú, áður en loftslagsbreytingarnar verða mannum ofvaxnar.“

Úr yfirlýsingu norsku Nóbelsnefndarinnar 12. október 2007.

hafa verið gerðar samþykktir um hve mikið og hve hratt einstök lönd skuli draga úr brennslu sinni. Viðurkennt er að þau lönd sem hafa mestan iðnað og brenna því mest eigi að draga mest úr brennslunni, en hve miklu meira en hin? Um það hefur reynst erfitt að komast að samkomulagi.

Íslendingar hafa sérstöðu að því leyti að þeir nota mikið hreina orku sem ekki verður til við brennslu, bæði vatnsorku og hveraorku. Samt brennum við furðumiklu, að hluta til af því að landsmenn eiga bæði stóran bílaflota og stóran fiskiskipaflota sem eru knúðir með olíu.

Gróðurhúsalofttegundir, einkum koltvíoxíð, CO₂, hleypa geislum sólar í gegnum sig, svo að þeir ná að hita jörðina en draga úr því að hitageislar kastist til baka frá jörðinni, líkt og gler í gróðurhúsum.

Útrás, hrún og endurreisn

Þar sem markaðshagkerfi ríkir er alltaf nokkur tilhneiging til þess að fólk taki að framleiða of mikið og hafa of mikið af peningum í umferð. Hagur fólks batnar hratt því að eftirspurn eftir vinnuafla veldur launahækkunum og fólk kaupir meira og meira. Þannig verður *þensla* sífellt meiri uns hún stöðvast skyndilega, eftirspurn eftir vörum snarminnkar og atvinnuleysi skellur á, hrún og *kreppa*.

Venjulega reyna stjórnvöld ríkja að sporna gegn mikilli þenslu til þess að koma í veg fyrir kreppur. En á árunum í kringum aldamótin 2000 var eins og yfirvöld iðnaðarlanda heims gleymdu að gæta að þessu og þenslan óx ár frá ári.

Íslendingar voru með þeim allra



Á þensluárunum upp úr aldamótunum 2000 byggðu Íslendingar miklu meira af íbúðarhúsnæði en eftirspurn var eftir. Þegar hrunið kom, árið 2008, var byggingarframkvæmdum víða hætt í miðjum klíðum og enn þegar þetta er skrifað, árið 2011, stendur eftir hverfi hálfbyggðra húsa í Úlfarsárdal í Reykjavík.

verstu í þenslunni. Þeir byggðu til dæmis miklu meira af húsnæði en fyrir-sjáanleg þörf var á. Og þeir létu ekki staðar numið við Ísland heldur fóru að kaupa upp eignir í nágrennalöndunum, stórverslun og gamalt glæsihótel í Kaupmannahöfn, tiskubúðir og keðju matvöruverslana í Bretlandi. Þetta var kallað útrás og eigendur íslensku fyrirtækjanna útrásarvikingar. Allt var þetta fjármagnað með lánum sem íslenskum fyrirtækjum reyndist ótrúlega auðvelt að fá í innlendum og útlendum bönkum.

Á Íslandi höfðu stærstu bankarnir verið í eigu ríkisins. En rétt eftir aldamótin voru þeir seldir einkstaklingum. Þeir tóku þá að stofna útibú í öðrum löndum og margfalda stærð sína. Landsbankinn stofnaði þannig í Bretlandi og Hollandi útibú sem voru kölluð *Icesave* og áttu eftir að valda vandræðum síðar.

Þenslublaðran sprakk í september og október árið 2008. Allir stærstu bankarnir urðu peningalausir og gátu ekki borgað skuldir sem þeir höfðu safnað erlendis. Ríkið varð að taka við rekstri þeirra. Fjöldi fyrirtækja varð gjaldþrota og meira atvinnuleysi skall á en Íslendingar höfðu reynt síðan í

kreppunni miklu á fjórða áratug 20. aldar, sem sagt er frá í námsbókinni Styrjaldir og kreppa.

Ísland var ekki eina landið þar sem fjármálakerfið hrundi haustið 2008. Kreppan skall á í öllum háþrúðum löndum og atvinnuleysi varð víða meira en á Íslandi.

Síðan þetta gerðist hafa Íslendingar verið að vinna sig upp úr kreppunni. Eftir örfá ár verður hún kannski horfin. Er þá ekki gott að lesa um hana í sögubók til að læra að forðast að gera sömu mistökin aftur?

Þensla í efnahagslífi er þegar fólk hefur mikið af peningum og kaupir því mikið. Þess vegna er mikið framleitt, eftirspurn er eftir vinnuafli, kaup fer hækkandi og fólk getir keypt enn meira.

Kreppa í efnahagslífi er þegar eftirspurn eftir framleiðsluvörum minnkar skyndilega. Fólk sem framleiddi þær missir atvinnuna, kaupir minna og enn fleira fólk verður atvinnulaust.

Ban Ki-Moon
(f. 1944) frá
Suður-Kóreu varð
framkvæmdastjóri
Sameinuðu
þjóðanna árið 2007.
Honum mæta ekki
minni verkefni en
Norðmanninum
Trygve Lie þegar
hann varð
framkvæmdastjóri
árið 1945.



Framtíðarmarkmið


Hvaða verkefnum stendur veröldin frammi fyrir núna? Loftslagsbreytingar eru kannski stærsta áskorunin sem nú mætir mannkyninu en mörg önnur vandamál eru líka óleyst.

Um aldamótin 2000 bjó þriðjungur mannkyns enn við fátækt. Sameinuðu þjóðirnar lögðu þá fram áætlun um hvernig ætti að vinna gegn fátækt í heiminum. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skrifuðu þá undir þúsaldar-yfirlýsinguna þar sem þau skuldbundu sig til að vinna að átta markmiðum sem voru kölluð þúsaldarmarkmið. Meðal annars átti þeim sem byggju í sárri fátækt að fækka um helming fyrir 2015. Hvort því marki verður náð er enn næsta óvíst. Mörgum hefur verið bjargað úr sárri fátækt síðan um aldamót, einkum í Asíu, en í Afríku er fátækt enn mikil.

Auk fátæktar er ófriður enn mikið

vandamál víða um heim. Eftir að kalda stríðinu lauk hefur verið minna um vopnuð átök eða stríð milli ríkja en þeim mun meira um átök innan ríkja, borgarastríð. Árið 2007 höfðu Sameinuðu þjóðirnar friðargæslu á 17 stöðum í heiminum. En þó að enn sé mikið sagt frá vopnaviðskiptum í fréttum sýna rannsóknir að verulega hefur dregið úr þeim síðan á síðasta tug 20. aldar. Það á líka við um fjölda þeirra sem falla í átökum. Helsta ástæða þess er sögð vera sú að alþjóðasamfélagið gerir meira en áður til að hindra ófrið, meðal annars á vegum Sameinuðu þjóðanna. Kannski er því von til að jörðin verði friðsamlegri staður í framtíðinni.

Það er komið undir mörgu hvernig framtíðin verður. Hitt er víst að fólkið hefur mótað söguna og fólk mun móta framtíðina. Hvert og eitt okkar tekur þátt í því. Líka þið.



Finnið svar

- 1 Hvaða evrópsk bandalög gengu Íslendingar í sem skuldbundu þá til að lækka eða afnema innflutningstolla?
- 2 Hvað er GATT?
- 3 Hvað er WTO?
- 4 Hvers vegna gátu Pólverjar komið án sérstakra leyfa til Íslands og stundað vinnu þar eftir 2004?
- 5 Hvers vegna framleiða Íslendingar mikið af gróðurhúsalofti þó að þeir noti mikið af hreinni orku?
- 6 Hvað eru útrás og útrásarvíkingur?
- 7 Hvað er þúsaldarmarkmiðin? Hverjir settu sér þau og um hvað fjalla þau?

Umræðuefni

- 8 Hverjir eru kostir þess og gallar að leggja innflutningstolla á útlendar vörur? Hvort eru kostirnir eða gallarnir meiri?
- 9 Er rétt að banna innflutning á vörum eins og kjöti og mjólkurafurðum til að vernda íslenskan landbúnað?
- 10 Hverjum var hrún fjármálakerfisins á Íslandi að kenna?

11 Er hnattvæðing til góðs? Hverjir eru kostir hennar og gallar?

12 Haldið þið að fátækt muni hverfa úr heiminum? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Viðfangsefni

13 Hér að framan segir að flóttamenn hafi komið til Íslands frá Ungverjalandi, Víetnam, Póllandi, Júgóslavíu og Kólumbíu, einnig fólk sem var ættað frá Palestínu. Notið atriðisorðarskrána aftast í bókinni til að finna hver þessara landa eru nefnd í henni. Flettið þeim stöðum upp og gerið örstutta grein fyrir ófriðnum sem geisaði í hverju þeirra og leiddi til þess að fólk kom þaðan á flótta til Íslands.

Heimildavinna

14 Lesið klausuna úr bók Sigríðar Víðis Jónsdóttur á bls. 132 Hvernig tálkið þið það sem þar kemur fram að flóttakonan Ayda hafi verið í miklum vafa um hvort hún ætti að þiggja að setjast að á Íslandi? Hvað haldið þið að hún hafi óttast mest?

Kjarni

- * Á síðustu þremur áratugum 20. aldar gengu Íslendingar inn í samstarf Evrópuríkja sem skylduðu þá til að draga mjög úr tollum og innflutningstakmörkunum á vörum og vinnuafli frá Evrópulöndum.
- * Lítið er um ólöglega flóttamenn á Íslandi en tekið hefur verið á móti nokkrum hópum flóttafólks frá löndum þar sem ófriður hefur hrakið fólk á flótta.

- * Á árunum um og upp úr 2000 ætluðu margir Íslendingar að leika stór hlutverk í atvinnurekstri í nágrannalöndunum. Því lauk með hrúni íslenska fjármálakerfisins haustið 2008.
- * Eitthvert mikilvægasta samstarfsverkefni þjóða er nú talið það að draga úr umhverfisspjöllum af mannavöldum.

Atriðaorðaskrá

ABC- vopn 42
aðskilnaðarstefna 98, 100
afvopnun 38, 39, 45,
Al Kaída 87, 88, 90, 91
almannatryggingar 48, 50, 51, 57, 58
Alsír 97, 99, 100, 106, 107
ANC (African National Congress) 99, 100, 105, 107
Annan, Kofi 81, 85
Arafat, Yassirs 80– 83, 85
Armstrong, Neil 17, 18, 45
Atlantshafsbandalagið (NATO) 24, 25, 27, 28, 45, 60–63, 70, 71, 89, 118, 125, 126, 128, 129
atvinnuleysisbætur 51
Auður Auðuns 57, 66
Auður Eir Vilhjálmsdóttir 57

Álbræðaslan í Reyðarfirði 67
Ásgeir Ásgeirsson 66

Bala, Haradin 127
Balfour, Arthur James 75, 76
Balfour-yfirlýsingin 76
Berlínarmúrinn 24, 27, 42
Birgir Thorlacius 66
Bjarni Benediktsson 66
Björg C. Þorláksson 57
blómabörn 56
Bosnía-Herzegovína 123–129
bókstafstrú 83
Bush, George 40
Bush, George W. 88, 90
Búrfellsvirkjun 66, 67

Castro, Fidel 31, 32
Ceausescu, Nicolae 40
Chaplin, Charlie 15
Churchill, Winston 20
Clinton, Bill 82

Diaspora 74, 76
dóminókenningin 30, 36

Efnahagsbandalag Evrópu: sjá einnig EU og Evrópubandalag 68, 69, 112, 113, 118, 119, EFTA 68, 69, 114, 118, 131
Einar Bragi 63, 70
Ellefti september 72, 87–91
Emil Jónsson 66
EU: sjá Efnahagsbandalag Evrópu
evra 115, 118, 119
Evrópubandalagið: sjá Efnahagsbandalag Evrópu
Evrópudagurinn 111
Evrópusamvinna 68, 70, 110, 119

FLN 97, 100
Flóabardagi 87, 88, 90, 91
flóttafólk 14, 132, 136
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) 68, 69, 114, 118, 131

Gagarin, Jurij 18, 38, 44, 45
Gandhi, Mahatma 93, 98, 100
GATT 131, 137
Gaulle, Charles de 97
geimferðakapphlaup 16, 18, 43
Geldof, Bob 103
gettó 75, 76
Glasnost 38, 44
Gorbatsjov, Mikhail 38, 39, 40, 43, 44, 45
Gore, Al 134
Guðmundur Í Guðmundsson 66
Guðrún Bjarnadóttir 57
Gunnar Thoroddsen 66
Gylfi Þ. Gíslason 66

haftatímabilið 51
handritamálið 62
heilbrigðiskerfi 48, 57
Herzl, Theodor 75
hippar 56
hnattvæðing 5, 9, 130, 137
hrun 134, 134, 137
hryðjuverk 81, 82, 83, 85, 88, 89, 90, 91, 126, 136
hugmyndakerfi 12
Hussein, Saddam 87, 89, 132

iðnaðarlönd 102, 106
Ingibjörg H. Bjarnason 57
Ingólfur Jónsson 66
islam 72, 86–89, 98, 121

Íslenska álfélagið í Straumsvík 66
Ísrael 31, 74, 76–87, 91

jafnrétti 6, 52, 53, 54, 105
Járntjaldið 13, 20, 27, 40
Jeltsin, Boris 40, 41
Johnson, Lyndon B. 34
Jom kippur stríðið 80
Jóhanna Sigurðardóttir 57
Júgóslavía 13, 108, 120–125, 127, 128, 129, 133, 137

kalda stríðið 10, 12, 15, 16, 19, 25, 26, 29, 36, 38, 40, 43, 58, 71, 82, 112, 114
Karadzic, Radovan 124
Karzai, Hamid 89
Kárahnjúkavirkjun 67
Keflavíkursamningurinn 58, 70, 71
Kennedy, John F. 31–34
Khomeini, ayatolla 86,
Klerk, Fredrik Willem de 105
Kola- og stálsambandið 111, 112, 119

Kosovo 124–129, 133
 Kórea 30, 31, 34, 94
 Kreppa 37, 41, 45, 58, 80, 101–104, 107, 134, 135
 Kristín Ólafsdóttir 57
 Kristín Á. Ólafsdóttir 56
 Krúsjoft, Nikita 32, 33
 Kúbudeilan 32, 33, 36, 45
 kynþáttaaðgreining 98

Laden, Osama bin 87, 88, 89
 Laika 17, 18
 landgrunn 64, 65
 landhelgi 64, 65, 66, 71
 Lie, Trygve 8, 136
 loftslagsbreytingar 134, 136
 lögmálið 84

Maastricht-samningurinn 113, 118, 119
 Mandela, Nelson 100, 104, 105, 106, 107
 mannréttindi 7, 8, 43, 63, 132, 136
 Margrét Frímansdóttir 57
 Marshall hjálp 21, 22, 27, 28, 45, 59, 70
 Marshall, Georg 21, 22, 59
 McCarthy, Joseph 15
 Milosevic, Slobodan 123–129
 Mladic, Ratko 124, 125, 128
 Moon, Ban Ki- 136

napalm 35
 NASA 16
 Nasser, Gamal 78
 NATO. Sjá: Atlantshafsbandalag.
 NIC-lönd 103, 106
 Nkrumah, Kwame 94
 Novikov, Nikolai 13
 nýlendur 7, 8, 62, 68, 93–106, 114

OAS 97
 Oslóarsamningurinn 82, 85

ógnarjafnvægi 16, 18, 19
 Ólafur Thors 58, 66

Pahlavi, Reza Shah 86
 Palestína 8, 74–87, 132, 133, 136
 Palestínukonur 132
 Pentagon 72, 87,
 Peres, Shimon 82
 PLO 80, 81, 82, 85, 91
 pólitískt hæli 14
 Putín, Vladimir 41

Rabin, Yitzhak 82, 83, 85
 rauðsokkuhreyfingin 52, 53, 54
 Reagan, Ronald 18, 38, 39, 43
 Roosevelt, Franklin D 20
 Rómarsamningurinn 110, 112, 113, 114, 118, 119
 Rugova, Ibrahim 126

Sadat, Anwar 79
 sambandsríki 111, 115, 116
 Sameinuðu þjóðirnar 5–9, 21, 77, 105, 125, 127, 129, 133, 136
 Samstaða 39
 Samtök um kvennalista 142
 Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna 5, 6, 8, 9
 Schengen-samkomulagið 115, 118
 Schlesinger, Arthurs M. 33, 34
 Schuman – yfirlýsingin 110, 111, 118
 Schuman, Robert 110, 111, 116, 118
 sex daga stríðið 78
 sionisti 75, 77
 sjónvarpið 56
 skólakerfi 48, 49, 57,
 Spútnik 16, 45
 Srebrenica 124, 125
 Stalín, Jósef 18, 20, 26, 29, 36, 122
 Stjórnustriðsáætlun 18
 stóriðja 66, 67, 70, 71
 stríðsglæpadómstóll 127, 129
 Sung, Kim II
 Súesskurðinn 78, 79, 80, 85, 91
 Sviss Aluminium 66

talibani 89
 Tito, Josip Broz 122, 123, 128, 129
 Tora 84
 Truman, Harry S. 22, 26, 28
 Truman-kenningin 22, 23, 27, 28
 Tadjman, Franjo 123

UCK 126
 umverfisvernd 133

útrás 134, 135, 137

Varsjárbandalagið 24, 28, 40, 45
 velferðarríki 47, 48, 50, 52
 Viðreisnarstjórn 66, 71
 Vigdís Finnbogadóttir 57
 Víetnamstríðið 34, 35, 36, 45
 vopnakaþhlaup 16, 37, 38

Walesa, Lech 39
 World Trade Center 72, 87, 91

Zedong, Maó 29, 36

Þjóðabandalagið 5
 Þjóðernishreinsun 124, 125, 127, 128, 129
 þorskastríð 65
 þróunaraðstoð 105, 106
 þróunarlönd 102, 103, 105, 106, 107
 þróunarsamvinnustofnun Íslands 105
 Þúsaldarmarkmið 136, 137

Tilvitnanir

Þar sem tilvitnanir í norskri frumgerð bókarinnar eru þýddar á norsku hafa þær ekki verið leitaðar uppi á frummálinu við þýðingu bókarinnar á íslensku heldur þýddar úr norskunni, nema þar sem íslensk þýðing var til á prenti.

Fríður á jörð ...

Klausan úr stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna er sótt í *Stjórntíðindi* 1946 A, bls. 190–91.

Kalda stríðið

Setningin sem er höfð eftir sendiherra Sovétríkjanna í Washington er í norskri frumútgáfunni sótt í bókina *Jernteppet senkes* eftir Steward Ross í norskri ritröðinni *Den kalde krigen* (Libretto forlag 2001).

Staðhæfing þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna, „Lokatakmark heimskommúnismans ...“ er sótt í *Historie II. Verden og Norge etter 1850. Arbeidsbok* eftir Fossum o.fl. (Cappelen 2002). Orðin „Frá Stettin við Eystrasalt ...“ sagði Winston Churchill árið 1946. Hér var þýtt eftir norskri þýðingu í *Innblikk. Historie 10* eftir Lund og Indresøvd (Aschehoug 1999).

Orð Georges Marshall í nærmynd um Marshall-hjálpinu voru sögð árið 1947. Hér eru þau sótt í bókina *Spor i tid. Kilder og oppgaver etter 1850* eftir Løvås og Skovholt (Aschehoug 1997).

„Það verður sífellt augljósara ...“ mælti Andrej Wyshinskij árið 1947. Hér er vitnað til hans eftir vefsíðunni historie.cappelen.no/historie2. Tilvitnun til Harry S. Truman er frá 1947. Textinn er prentaður í *Spor i tid. Kilder og oppgaver etter 1850* eftir Løvås og Skovholt (Aschehoug 1997).

Endurminningar Krútsjofs voru fyrst gefnar út í bók árið 1970. Hér eru orð hans sótt í bókina *Krustsjov minnes. De hemmelige båndene* (Cappelen 1991).

Ummæli Arthurs M. Sclesinger jr. um Kennedy eru í *De tusen dagene. Boken om John F. Kennedy* (Cappelen 1966). En hér eru þau sótt í *Underveis. Historie 10* eftir Skjønberg (Gyldendal 1999).

Greinarnar úr samningnum um sameiningu Þýskalands 1990 eru í *Historie II. Verden og Norge etter 1850* eftir Fossum o.fl. Ólíkar skýringar á kalda stríðinu í sérsviðsverkefni eru sóttar í vefsíðuna *Greenfield History Site* (www.jondclare.net).

Ólíkar skýringar á kalda stríðinu í sérsviðsverkefni eru sóttar í vefsíðuna *Greenfield History Site* (www.jondclare.net).

Smáþjóð í hörðum heimi

Kaflinn er svotil allur Íslandssaga frumsamin fyrir íslensku útgáfuna.

Ljóð Einars Braga, „Haustljóð á vori 1951“ kom fyrst út árið 1952 í bók höfundar, *Svanur á báru* (Stokkhólmi 1952). Síðar birti Einar það oftast en einu sinni breytt og bætt, með titlinum „Haustljóð á vori“. Hér er notaður texti úr *Ljóðum Einars Braga* (Íðunn 1983).

Frá könnun Bandaríkjamanna á afstöðu Íslendinga til herstöðvarinnar segir Valur Ingimundarson í bók sinni, *Í eldlínu kalda stríðsins. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945–1960* (Vaka-Helgafell 1996).

Staðtöluupplýsingar, um fjölda bifreiða og fylgi stjórnmálaflokka, eru sóttar í *Hagskinnu. Sögulegar hagtölur um Ísland* í ritstjórn Guðmundar Jónssonar og Magnúsar S. Magnússonar (Hagstofa Íslands 1997).

Deilur í Mið-Austurlöndum

Tilvitnanir í yfirlýsingu yfirnefndar araba 1946 og sjálfstæðisyfirlýsingu Ísraels 1948 eru sóttar í bók Fossums o.fl., *Historie 2. Arbeidsbok* (Cappelen 2002).

Í Balfour-yfirlýsinguna er vitnað eftir bókinni *Konflikten i Midtøsten. Det 20. århundrede* eftir Nathaniel Harris (Libretto forlag 1998/2000). Tilraun Sameinuðu þjóðanna til að skilgreina hryðjuverk er sótt á vefsíðuna www.fn.no/temasider/fred_og_sikkerhet/terrorisme/hva_er_terrorisme.

Klausurnar úr kennslubókum Ísraels og Palestínnumanna eru sóttar í bókina *Jødefolket inntar ei særstilling. Norske haldningar til jødane og staten Israel* í ritstjórn Karls-Egils Johansen (Portal Forlag 2008).

Tilvitnunin „There can be no separate peace ...“, ummæli Georges W. Bush 2001, er sótt á vefsíðuna www.news.bbc.co.uk/2/hi/america/3551455.stm.

Sjálfstæðisbarátta í nýlendunum

Tilvitnunin til Gandhis, „First they ignore you ...“, er sótt á vefsíðuna www.thinkexist.com/quotation/first_they_ignore_you-then_they_laugh_at_you-then/214891.html.

Klausan úr stefnuyfirlýsingu CCP í Ghana er sótt í bók Bjørns Matsen, *Vinden vender. Avkoloniseringen i det 20. århundre* (Forlaget Systime (í Danmörku) 1987).

Orð Gandhis frá 1942, „Ég held að hvergi í sögu heimsins ...“ má finna á vefsíðunni www.famousquotes.me.uk/speeches/Mahatma_Gandhi/index.htm.

Sameining og klofningur í Evrópu

Hér eru ummæli Roberts Schuman 1950 sótt í vefsíður Evrópusambandsins.

Tilvitnanir um Tito-tímabilið í Júgóslavíu eru sóttar í bók Nathaniels Harris, *Krigen i det tidlige Jugoslavien* í ritröðinni *Perspektiver* (Flachs (í Danmörku) 1997).

Ísland í veröld nútímans

Fyrir utan síðasta undirkaflann, „Framtíðar-markmið“, og nærmyndina um veitingu friðarverðlauna Nóbels fyrir framlög til umhverfismála er kaflinn frumsaminn fyrir íslensku gerðina.

Yfirlýsing norsku Nóbelsnefndarinnar 2007 er sótt á netsíðu hennar, <http://nobelpeaceprize.org>.

Bók Sigríðar Víðis Jónsdóttir heitir *Ríkisfang: Ekkert*. Flóttinn frá Írak á Akranes (Mál og menning 2011).

Myndalisti

- Bettmann/CORBIS 10–11, 35
British Cartoon Archive, University of Kent, www.cartoons.ac.uk 32
cartoonstock.com 116
Christopher Morris/VII/Corbis 88
Dusko Despotovic/Sygma/Corbis 126 neðri
Forsætisráðuneytið 54
Gunnar Salvarson 105 hægri
Hagstofa Íslands 131
Herbert Pfarrhofer/APA/Corbis 134
John Van Hasselt/Corbis 92–93
Karl Hubenthal/Los Angeles Public Library 34 efri
Landhelgisgæsla Íslands/Sjómælingasvið 64
Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni/Ari Kárason 60
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Ari Kárason 53 efri
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Bragi Guðmundsson 62
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Einar Karlsson 61
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Guðmundur Hannesson 48
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Gunnar Rúnar Ólafsson 50
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Óli Tynes 65
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Ólafur Arnason 49
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Pétur Thomsen 59
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Þórarinn Sigurðsson 46–47
Ljósmyndasafn Reykjavíkur/ÞVJ 53 neðri
MBL/Eypór Árnason 130
MBL/Golli/ Kjartan Þorbjörnsson 132
MBL/Haraldur Guðjónsson 135
MBL/Kristinn Ingvarsson 133 efri
MBL/Ljósmyndari óþekktur 66
MBL/Ómar Óskarsson 67
MBL/Ragnar Axelsson 39, 133 neðri
Motoring Picture Library 52 til vinstri
Myndasafn Dagsbrúnar 51 neðri
Nordic photos 4, 6, 8, 14, 17, 20, 24, 25, 29, 34 neðri, 38, 39 neðri, 41, 42, 56 neðri, 72–73, 75, 78, 80, 82, 83, 86, 87, 89, 94, 98, 99, 102, 103, 104, 105 til vinstri, 108–109, 110, 113, 114, 117, 120, 123, 124, 125, 126 efri, 136
Peter Turnley/CORBIS 37
Ríkisútvarpið 56 efri
Seðlabanki Íslands skjalasafn 51 efri
Ullstein bild 97
Úr safni Knúts Höiriis 58
Wikipedia 9, 15, 68, 69, 95, 115
Yannis Kontos/Sygma/Corbis 121
Yevgeny Khaldei/Corbis 122

Frelsi og velferð

ISBN: 978-9979-0-2100-1

© 2007 H. Aschehaug & Co (W. Nygaard). Heiti á frummálinu: Matriks 10 Historie.

Samfundsfag for ungdomstrinnet

©2008 Synnøve Veinan Hellerud og Ketil Knutsen

©2008 kort og gróf: Gerd Eng Kielland

©2011 teikningar: Karl Jóhann Jónsson

©2011 Sigurþór Jakobsson teikningar/gróf bls 53 til hægri, 55, 63, 111, 131

©2011 íslensk þýðing og staðfæring: Gunnar Karlsson

Ritstjórn í norski útgáfu: Roy Johansen og Anne Mette Engvik

Myndaritstjórn í norski útgáfu: Hilde Hodnefjeld

Ritstjóri íslensku útgáfunnar: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

1. útgáfa 2011

Menntamálastofnun

Kópavogi

Eftirtaldir lásu yfir handrit að hluta eða í heild og veittu góð ráð við gerð bókarinnar:

Helgi Skúli Kjartansson, Svavar Pétursson og Þorsteinn Helgason.

Prófarkalestur: Ingólfur Steinsson.

Skrá yfir réttthafa ljósmynda er á bls 142.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis höfunda, þýðanda og útgefanda

Hönnun og umbrot á norski útgáfu: Norman/Sandvik design

Umbrot: Kasada ehf

Prentun: Ísafoldarprentsmiðjan ehf. Umhverfissvottuð prentsmiðja

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.



Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.
Svaraðu öllum skriflegum verkefnum í vinnubók.

[illegible]

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.



FRELSI OG VELFERÐ

Frelsi og velferð, saga 20. aldar II, er framhald af bókinni *Styrjaldir og kreppa* sem Námsgagnastofnun gaf út 2011. Báðar bækurnar eru þýðingar á norskum kennslubókum úr bókaflokki sem kallast *Matriks* á frummálinu. Í þessu bindi er fjallað um tímenn frá lokum síðari heimsstyrjaldar, árið 1945, og fram á síðustu ár. Sagt er frá stofnun Sameinuðu þjóðanna, köldu stríði risaveldanna, átökum Ísraelsmanna og Palestínúmannna ásamt öðrum ófriði í Mið-Austurlöndum, sjálfstæðisþróun í nýlendum og vandamálum nýfrjálsra ríkja, sameiningarviðleitni í Mið- og Vestur-Evrópu, upplausn Júgóslavíu og ófriði á landsvæði hennar. Þrír kaflar eru um Íslandssögu, samdir fyrir íslensku útgáfuna í staðinn fyrir norska sögu í frumútgáfunni. Einn er um íslenska velferðarríkið, annar um samskipti Íslendinga við umheiminn og sá þriðji um Ísland í veröld nútímans, meðal annars um útrás, efnahagshrun og endurreisn. Bókin er ætluð nemendum í efstu bekkjum grunnskóla. Bókin er í íslenskri þýðingu Gunnars Karlssonar sem einnig frumsamdi Íslandssögukaflana.

Texti bókarrinnar er með fjölbreyttu sniði. Hver kaflí skiptist í tvo hluta, a og b. Í a-hluta er styttri texti og fleiri myndir, en í b-hluta er farið dýpra í efnið. Í rammaklausum sem eru einkenndar sem *nærmyndir* og *sérsvið* eru reifuð einstök atriði sem kasta ljósi á efni kaflans. Í lok hvers kafla er fjöldi verkefna sem reyna jöfnum höndum á þekkingu, skilning, rökhugsun og hugkvæmni.

